**SIF SIGFÚSDÓTTIR**

*Öll fjölskyldan tekur þátt í átakinu*

heilsa

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**KÓPAVOGSDAGAR**

*Lifandi og framsækin menningarveisla*

Sérblað um Kópavogsdaga

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON**

*Leitaði á náðir vörubílstjóra*

Fékk liðsstyrk við tökur á Brimi

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. apríl 2008 — 116. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Farsæll í hálfa öld**

Geirmundur Valtýsson hefur mundað nikkuna frá fjórtán ára aldri.

**TÍMAMÓT 18**

**Mál að linni**

„Það er engum greiði gerður með áframhaldandi óstjórn áttmenninganna í borgarstjórn," skrifa fulltrúar í mannréttindaráði Reykjavíkur.

**UMRÆÐAN 16**

**Frekar skemmtikraftar en listamenn**

Bloggárásir á sumarsmellinn Bahama særa Ingó og Veðurguðina ekki neitt.



**FÓLK 30**

**Hættulegri en Henry**



Eiður Smári Guðjohnsen hefur verið marksækinn á Old Trafford í gegnum tíðina. Barcelona heimsækir Man. Utd í Meistaradeildinni í kvöld.

**ÍÞRÓTTIR 26**

## VEÐRIÐ Í DAG




**STÍF NORÐAN ÁTT** Í dag verður allhvöss norðanátt allra austast, annars strekkingur. Rigning eða slydda norðan og austan til en bjart með köflum syðra. Hiti 1-12 stig, mildast sunnan til að deginum.

**VEÐUR 4**






# Mesta verðbólga í átján ár

**Tólf mánaða verðbólga mælist nú 11,8 prósent. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir mælinguna vonbrigði. Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands segir harða lendingu íslensks efnahagslífs vera staðreynd.**

**EFNAHAGSMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir það vonbrigði að verðbólgan mælist jafn mikil og raun ber vitni en samkvæmt Hagstofu Íslands mælist hún nú 11,8 prósent á ársgrundvelli.

Geir gerir sér vonir um að hún taki fljótt að hjaðna. „Ég er vongóður um það," sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Verðbólgan hækkaði um 3,2 prósent milli mánaða og hefur hún ekki mælst meiri frá því í september 1990.

Geir telur ekki að ríkisstjórnin hefði getað aðhafst til að sporna við ástandinu. „Við verðum að greina af hvaða orsökum þessar verðhækkanir stafa. Hluti af þeim er vegna erlendra verðhækkana sem við höfum ekkert vald á og verulegur hluti þess sem eftir stendur er vegna lækkunar á gengi krónunnar. Nú hefur krónan styrkst allnokkuð frá því sem hún var lægst og það ætti að skila sér til baka af sömu ástæðu," segir Geir.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir harða lendingu íslensks efnahagslífs, eftir mikla uppgangstíma, vera staðreynd. „Spáin sem við sendum frá okkur 10. apríl myndu flestir segja að fæli í sér harða lendingu í efnahagslegu tilliti. Ísland er nú líklega eina landið í heiminum þar sem ekki er talið að efnahagssamdráttur í tvo ársfjórðunga, eins og við finnum fyrir núna, feli í sér harða lendingu," segir Arnór.

Hann segir menn líta svo á að litlar líkur séu á því að gengi krónunnar gangi til baka í fyrra horf í bráð. „Verðbólgan mælist meiri en við gerðum ráð fyrir í okkar spám. Þegar gengið er að sveiflast í venjulegu ástandi er það oft lengi að skila sér út í verðlagið, og gerir oft ekki. Núna er gengisbreytingin mjög mikil og menn virðast líta svo á að það séu litlar horfur á að þetta gangi til baka í bráð."

Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir nær útilokað að forsendur kjarasamninga haldi við upphaf næsta árs þegar þeir verða endurskoðaðir. Fundur hefur ekki verið boðaður í forsendunefnd kjarasamninga og þá var samráðsfundi stjórnvalda, fulltrúa vinnumarkaðarins, Alþýðusambands Íslands, fulltrúa sveitarfélaga og stéttarfélaga opinberra starfsmanna, sem fara átti fram í dag, frestað um viku.

**- bþs / - mh** **sjá síðu 4 og 14**



**FORSÆTISRÁÐHERRAR Í RÁÐHERRABÚSTAÐ** Afar vel fór á með Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, og Geir H. Haarde forsætisráðherra þegar þeir ræddu saman í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær. Þeir ræddu meðal annars um efnahagsmál og hækkandi verð á matvöru og eldsneyti auk þess að bera saman bækur sínar um flug Rússa inn í lofthelgi landanna tveggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bílstjóri Osama bin Laden:

## Sniðgengur réttarhöldin

**GUANTANAMO, AP Fyrrverandi bílstjóri Osama bin Laden ætlar að sniðganga stríðsglæparéttarhöld á hendur sér. Hann lýsti því yfir í gær að hann bæri enga von í brjósti um að réttlætið næði fram að ganga eftir rúmlega sex ár í einangrun.**

**Salim Ahmed Hamdan frá Jemen er ákærður fyrir að hafa dreift vopnum til al-Kaída samtakanna og hlotið þjálfun í búðum hryðjuverkamanna. Rétta á yfir honum í fyrstu stríðsglæparéttarhöldum Bandaríkjanna síðan í seinni heimsstyrjöld.**

**Hamdan á von á lífstíðarvist í fangelsi verði hann fundinn sekur um samsæri og stuðning við hryðjuverk.** **- kg**



**ERFITT SUMAR** Fréttablaðið spáir því að Grindvíkingar verði í vandræðum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsbankadeild karla 2008:

## Grindavík spáð neðsta sætinu

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið byrjar í dag að telja niður þar til Landsbankadeild karla í fótbolta hefst að nýju 10. maí næstkomandi. Úrvalsdeildin er nú í fyrsta sinn skipuð tólf liðum.

Fréttablaðið hefur sett saman spá sína fyrir mótið og mun fjalla um eitt lið á hverjum degi fram að mótinu. Fyrsta liðið og það lið sem íþróttablaðamenn Fréttablaðsins spá 12. og síðasta sætinu í sumar er lið Grindavíkur sem vann 1. deildina í fyrra.

**- óój /** **sjá síðu 26**

Rannsókn á máli starfsmanna sem stálust í sjúkraskrá þekkts manns lokið:

# Átta starfsmenn Landspítala ávítaðir

**LANDSPÍTALI** „Eftir að búið var að fara vel í gegnum málið var ákveðið að ávíta þá, sem vitað var að höfðu farið inn í sjúkraskrána, harðlega í bréfi," segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, um málalyktir innanhúsrannsóknar sem gerð var á spítalanum. Rannsóknin var gerð eftir eftir að uppvíst varð að tugur starfsmanna hafði skoðað sjúkraskrá þekkts manns sem þar hafði leitað lækninga.

Björn segir tvo starfsmannanna hafa getað sýnt fram á að þeir hafi haft gildar ástæður fyrir að skoða gögn um manninn. Ljóst sé að átta starfsmenn hafi þó gert þetta af hnýsni einni saman. Þær aðgerðir sem komi til greina af hendi forsvarsmanna spítalans í málum sem þessum séu ávítur, áminning, brottrekstur og kæra til lögreglunnar. Eftir gaumgæfilega athugun hafi þó verið ákveðið að grípa til ávíta. „Það er mjög flókið lagalega að áminna starfsfólk og hefur tilhneiging dómstóla verið sú að minnstu vafaatriði eru túlkuð starfsmönnum í vil," segir Björn en hann segir að eftir þetta ferli sé spítalinn mun betur í stakk búinn að grípa til frekari aðgerða en ávíta enda mál sem þessi mjög alvarleg.

„Það sem við lærum af þessu er að eftirlitskerfi okkar virkar, auk þess sem nú höfum við betri grunn til að byggja mál á ef svona mál kemur upp aftur," segir Björn. **- kdk**




## SPURNING DAGSINS



*Sóley, eruð þið Ólafur yfirlýstir andstæðingar?*

„Ég vil ekki lýsa því yfir að svo stöddu en gef frá mér yfirlýsingu ef til þess kemur.“

Sóley Tómasdóttir varaborgarfulltrúi og Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hafa átt í orðaskaki um mannréttindaráð Reykjavíkur og gefið út nokkrar yfirlýsingar af því tilefni.

Bruninn í þjónustuíbúð að Dalbraut í fyrradag:

# Eldri kona lést eftir bruna

**SLYS** Eldri kona, sem flutt var á sjúkrahús eftir brunann í þjónustuíbúðum aldraðra að Dalbraut á sunnudag, lést af sárum sínum á sjúkrahúsi aðfaranótt mánudags. Konan hlaut mikil brunasár og hafði verið haldið sofandi í öndunarvél.

Eldurinn kom upp í íbúð konunnar. Málið er í rannsókn hjá lögreglu og segir Friðrik Smári Björgvinsson, forstöðumaður rannsóknardeildar, að ekki sé enn vitað um eldsupptök.

Þrír aðrir voru fluttir til aðhlynningar á sjúkrahús og fleiri leituðu þangað vegna gruns um reykeitrun. Allir eru á batavegi.

Tveir slökkviliðsmenn fengu vott af reykeitrun og voru til eftirlits og öryggis yfir nótt á sjúkrahúsi. Þeim heilsast báðum vel og voru mættir til vinnu í gærkvöld.

Rýma þurfti eina álmu á tveimur hæðum og þurftu nítján íbúar að gista hjá ættingjum sínum. Stella Víðisdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, segir að hreinsunarstarf eftir brunann gangi vel. Fyrstu íbúar fluttu inn í gær og vonast er til að aðrir geti flutt inn í dag.

Stella segir að verið sé að fara yfir öll atvik og starfsmönnum sem íbúum standi áfallahjálp til boða. Vel hafi gengið að rýma húsið og starfsmenn hafi brugðist rétt við. **- kóp**



**MIKILL REYKUR** Nítján íbúar þurftu að flýja heimili sín eftir brunann að Dalbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vörubílstjórar í Washington:

# Óku í hóp gegn bensínhækkun

**BANDARÍKIN, AP** Flutningabílstjórar mótmæltu í gær verðhækkunum á eldsneyti með hópakstri umhverfis verslunarmiðstöðina National Mall í Washington. Þeyttu þeir óspart flautur sínar með tilheyrandi fyrirgangi.

Eftir hringaksturinn um verslunarmiðstöðina lögðu bílstjórarnir ökutækjum sínum við nálægan leikvang og héldu mótmælafund í miðborginni nálægt þinghúsinu. Bílstjórarnir vilja meðal annars að þingið hætti að styrkja stóru olíufélögin, losi um olíu úr varabirgðum og stöðvi útflutning á olíu frá Alaska til annara landa. **- gar**



**ÓVINSÆLL** Samkvæmt könnunum er Sarkozy óvinsælasti forsetinn í mörg ár.

Frönsk skoðanakönnun:

# Óvinsældir Sarkozy aukast

**PARÍS, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti verður æ óvinsælli, samkvæmt nýrri könnun sem birt var í gær.**

**Í könnun franska markaðsfræðafyrirtækisins BVA kemur fram að 64 prósent þátttakenda höfðu neikvætt viðhorf til Sarkozy meðan einungis 32 prósent höfðu jákvætt viðhorf til forsetans. BVA segir að þetta sé hæsta óánægjuhlutfall með forseta síðan fyrirtækið hóf að gera slíkar kannanir árið 1981.**

**Sarkozy lofaði miklum efnahags- og félagslegum umbótum í kosningabaráttu sinni en virðist ekki hafa staðið vaktina vel, að mati samlanda sinna.** **- kg**

# Lést eftir eldsvoða á Dalbraut



Konan sem lést eftir eldsvoða á Dalbraut á sunnudag hét Sigríður Ingimarsdóttir. Sigríður, sem var 84 ára gömul, var ekkja Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns. Hún lætur eftir sig fimm uppkomin börn.

# Fresta breytingum á vöktum á Landspítala

**Hjúkrunarfræðingar og geislafræðingar funda í dag um ákvörðun um að fresta fyrirhuguðum breytingum á vöktum. Ekki er vitað til að neinn hafi dregið uppsögn til baka en forsvarsmenn spítalans vonast til að ró og sátt náist.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur ákveðið að fresta breytingum á vaktafyrirkomulagi geislafræðinga, skurðhjúkrunarfræðinga og svæfingarhjúkrunarfræðinga um fimm mánuði, til 1. október. Þetta tilkynntu þau Anna Stefánsdóttir og Björn Zoëga, starfandi forstjórar, Landspítalans á blaðamannafundi í gær.

Megn óánægja hefur verið meðal starfsmanna og hafa fjörutíu geislafræðingar af rúmlega fimmtíu sagt upp og 96 af um 104 skurðog svæfingahjúkrunarfræðingum vegna breytinganna. Hafa skurðhjúkrunarfræðingar meðal annars bent á að þeir telji breytingarnar vega að öryggi sjúklinga þar sem þær myndu hafa það í för með sér að sérhæfður hjúkrunarfræðingur í hjartaskurðaðgerðum gæti verið kallaður til í bráðatilfelli á kvennadeild og öfugt.

Anna tilkynnti á fundi í gær að vegna sjónarmiða sem fram hefðu komið frá starfsmönnum yrði lengri tími gefinn til samráðs. Hún segir að ætlast verði til þess að skurðhjúkrunarfræðingar fái aukna þjálfun sem miði að því að þeir geti sinnt fleiri og fjölbreyttari verkefnum af öryggi. Hvorki Anna né Björn sögðust í gær vita til þess að uppsagnir hefðu þegar verið dregnar til baka en vonast væri til þess að svo yrði.

Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður á skurðdeild við Hringbraut, segir að sjálfri finnist sér sem verið sé að fresta vandanum um nokkra mánuði. „Ég er ekki viss um að fólk sé tilbúið að fara í gegnum allan þennan pakka aftur að nokkrum mánuðum liðnum,“ segir hún. Áætlanir um frekari þjálfun skurðhjúkrunarfræðinga gaf hún lítið fyrir og benti á að þjálfun í aðgerðum, svo sem hjartaaðgerðum, tæki mun lengri tíma en þá fimm mánuði sem nú væru til stefnu. Starfsmennirnir sem um ræðir funda klukkan fjögur í dag og ákveða hver næstu skref verða í málinu.

Bæði Vigdís og Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, ítreka að ekki hafi verið skipulagður hópuppsagnir heldur hafi hver og einn starfsmaður tekið ákvörðun út frá sínum forsendum. „Ég hef engar tölur en heyri að einhverjir séu búnir að ráða sig annað og einhverjir hafi ákveðið að halda áfram,“ segir Elsa um stöðuna eftir fundinn í gær. **karen@frettabladid.is**



**TILKYNNA FRESTUN Á BREYTINGUM** Þau Anna Stefánsdóttir og Björn Zoëga, starfandi forstjórar á Landspítalanum, tilkynntu í gær að breytingum á vaktafyrirkomulagi yrði frestað um fimm mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**FÁ ÞJÁLFUN** Skurðhjúkrunarfræðingar hafa meðal annars bent á að nýtt fyrirkomulag vegi að öryggi sjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eftirlaunafrumvarp Valgerðar:

# Enn hjá allsherjarnefnd

**ALÞINGI** Frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar, um breytingar á eftirlaunalögum, er enn á borði allsherjarnefndar. Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar, segir ekki enn ljóst hvort málið verði afgreitt á þessu þingi. Hann kallar eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar.



**BIRGIR ÁRMANNSSON**

„Mér finnst eðlilegt að náð verði sem víðtækastri samstöðu um málið, hvort sem leið Valgerðar verður farin eða önnur. Í stjórnarsáttmála liggur fyrir að tekið verður á málinu og það verður gert, hvort sem það næst á þessu þingi eða ekki,“ segir Birgir. **- kóp**

Átök í norðurhluta Gaza:

# Kona og fjögur börn létu lífið

**GAZA, AP Palestínsk kona og fjögur börn hennar létu lífið þegar heimili þeirra sprakk í átökum Ísraelshers og Palestínumanna í norðurhluta Gaza í gær. Hvorug fylkingin vill axla ábyrgð á sprengingunni og kenna báðir hinum um.**

**Palestínumenn segja ísraelskt loftskeyti hafa lent á húsinu. Ísraelsmenn halda því hins vegar fram að sprengjur Palestínumanna hafi hrokkið í gang í loftárás Ísraela og þannig valdið sprengingunni.**

**Börnin voru á aldrinum fimmtán mánaða til sex ára og létust samstundis. Móðir þeirra lést á sjúkrahúsi skömmu síðar.** **- kg**




Seðlabankinn segir stjórnvöld ekki hafa sýnt nægilegt aðhald á uppbyggingarskeiði:

# Stjórnvöld studdu að þenslu

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld sýndu ekki nægilegt aðhald í peninga- og ríkisfjármálum á meðan á stórframkvæmdunum á Austurlandi stóð. Þess vegna eru stýrivextir nú mun hærri en áður var ætlað að þeir þyrftu að vera.

Þetta er mat Seðlabanka Íslands sem birtist í svörum bankans við spurningum þingflokks Framsóknarflokksins um efnahagsmál.

Spurt var hvort bankinn teldi ríkisstjórnina hafa gengið nógu langt í þá átt að draga úr þenslu. Í svarinu segir að á sínum tíma – þegar framkvæmdirnar á Austurlandi voru í farvatninu – hafi verið talið að með hjálp aðhaldssamrar stefnu í peninga- og ríkisfjármálum mætti koma í veg fyrir langvarandi frávik verðbólgu frá markmiði. Talið hafi verið að hækka þyrfti stýrivexti í nálægt tíu prósent. „Ýmsar ákvarðanir stjórnvalda í kjölfarið hafa hins vegar orðið til þess að draga úr því aðhaldi sem opinber fjármál hefðu getað veitt,“ segir í svarinu. Tíndar eru til breytingar á útlánastefnu Íbúðalánasjóðs, lækkun tekju- og neysluskatta og „nokkuð dýrar aðgerðir í tengslum við nýgerða kjarasamninga“. Þá hafi fjárfesting sveitarfélaga verið mikil.



**DAVÍÐ ODDSSON** formaður bankastjórnar Seðlabankans.

Að auki segir Seðlabankinn að við bætist „mikil útlánabylgja í kjölfar einkavæðingar bankanna sem þöndu efnahagsreikning sinn ört út í krafti einstaklega órýrs erlends fjármagns.“ **- bþs**

NISSAN

# FJÓRHJÓLADRIFINN NISSAN QASHQAI

QASHQAI FÉKK HÆSTU EINKUNN Í ÁREKSTRARPRÓFI EURO-NCAP FRÁ UPPHAFI, EÐA 38 STIG AF 40 MÖGULEGUM. KOMDU Í KAFFI Í DAG OG REYNSLUAKTU FRÁBÆRUM JEPPLINGI.

Fjórhjóladrifinn jepplingur á verði frá:

**2.990.000 kr.**




**Einn vinsælasti jepplingurinn á Íslandi**

Þessi nýi fjórhjóladrifni bíll frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.



ENNEMM / SÍA / NM33071

## GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

## GENGIÐ 28.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,96 | 73,3 |
| Sterlingspund | 145 | 145,7 |
| Evra | 114,25 | 114,89 |
| Dönsk króna | 15,308 | 15,398 |
| Norsk króna | 14,323 | 14,407 |
| Sænsk króna | 12,203 | 12,275 |
| Japanskt jen | 0,6978 | 0,7018 |
| SDR | 118,84 | 119,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

147,2289

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ólafur Ísleifsson lektor segir verðbólguna geta verið ógn við stöðugleika:

# Efnahagsstefnan verði skoðuð

**EFNAHAGSMÁL** „Það þarf að huga að undirstoðum þeirrar efnahagsstefnu sem hér hefur verið fylgt og skoða forsendur fyrir framkvæmd hennar í framhaldinu,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík.

Hann segir verðbólgu á tólf mánaða tímabili vera meiri en hann hafi gert ráð fyrir. „Það kemur ekki á óvart að gengisfall krónunnar komi fram í verðlagsmælingum. Ég vænti þess að þessar hækkanir gangi tiltölulega fljótt yfir en það er augljóst að þetta kallar á aðgerðir af hálfu stjórnvalda.“

Ólafur segir mikilvægt að greina stöðuna vel því allar ákvarðanir í stöðunni þurfi að byggjast á traustri þekkingu. „Í ljósi þess að verðbólgan mælist þetta mikil, á sama tíma og alþjóðleg vandamál hafa áhrif á atvinnulíf í landinu, tel ég mikilvægt að menn grípi til aðgerða að vel athuguðu máli. Það skiptir sköpum að öll inngrip séu vel grunduð því staðan er viðkvæm.“ **- mh**



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON** Segir að huga verði vel að næstu skrefum hjá stjórnvöldum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikskólar í og við borgina:

# Leikskólabörn fá frítt í strætó

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. hefur afhent öllum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu strætókort svo leikskólabörn og starfsfólk geti ferðast frítt með strætisvögnum borgarinnar á skólatíma.

Starfsfólk og leikskólabörn á Foldaborg voru ekki lengi að nýta sér þessi fríðindi og brugðu sér í vettvangsferð í gær í fríðu föruneyti en fulltrúar foreldrafélags skólans voru með í för ásamt Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, formanni leikskólaráðs, og Reyni Jónssyni, framkvæmdastjóri Strætó bs.

**- jse**



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra treystir á dómgreind kaupmanna.

Geir H. Haarde:

## Treystir þeim sem ákveða verð

**EFNAHAGSMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra segist treysta dómgreind kaupmanna og annarra sem ákveði vöruverð fyrir því að verð sé ekki hækkað að ástæðulausu, það er umfram gengisbreytingar og hækkanir á hráefni á heimsmörkuðum.

„Það má vera að einhverjir hafi í skjóli gengisbreytinganna hækkað vörur að ástæðulausu í trausti þess að fáir taki eftir því. En ég treysti bæði dómgreind og réttsýni kaupmanna og annarra sem ákveða vöruverð og vona að ekki séu mikil brögð að því.“

**- bþs / mh**

### LEIÐRÉTT

Sr. Skúli Sigurður Ólafsson var rangnefndur í grein í Fréttablaðinu um presta sem birta útfararæður á netinu. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Í frétt í Fréttablaðinu í gær vegna umsóknar um byggingu fjögurra hæða húss á Grettisgötu 54b var sagt að til stæði að rífa lítið einbýlishús sem þar stæði. Hið rétta er að húsið var rifið í kjölfar eldsvoða fyrir nokkrum árum.

Í kosningum um sæti í öryggisráðinu verður kosið milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands um tvö sæti í ráðinu, ekki eitt eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

# Veiking krónunnar fór hratt út í verðið

**Tólf mánaða verðbólga mældist 11,8 prósent í apríl. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 6,4 prósent, sem jafngildir 28 prósenta verðbólgu á ári. Ný þjóðarsátt nauðsyn, segir formaður Neytendasamtakanna.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við sjáum að gengissig krónunnar hefur komið mjög hratt út í verðlagið, og kannski hraðar en menn gerðu ráð fyrir,“ segir Guðrún R. Jónsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar Hagstofu Íslands, en tólf mánaða verðbólga (vísitala neysluverðs) mælist nú 11,8 prósent og hefur ekki mælst meiri síðan í september 1990.

„Það má almennt segja um innfluttar vörur að þær hækka töluvert milli mánaða. Til dæmis hækkuðu nýir bílar um ellefu prósent, sem er mjög mikið,“ segir Guðrún.

Kólnun á fasteignamarkaði, og lækkun á fasteignaverði milli mánaða, heldur aftur að verðbólgunni. Verðbólga jókst um 4,2 prósent án húsnæðisþáttarins frá því í mars en um 3,4 prósent sé hann tekinn með í reikninginn.

Mælingar Hagstofu Íslands sýna miklar verðhækkanir milli mánaða, samhliða veikingu krónunnar. Kostnaður vegna reksturs eigin bifreiðar jókst um 7,1 prósent milli mánaða, mjólkurvörur hækkuðu um 10,2 prósent og innfluttar vörur almennt um 6,4 prósent.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir stöðu efnahagsmála vera „grafalvarlega“ og tími sé kominn til að stjórnvöld átti sig á alvarleika málsins. „Það er mikið áhyggjuefni hvernig verðbólgan er að þróast núna. Neytendur fá þetta allt framan í sig; hækkandi vöruverð og vaxandi lánakostnað. Heimilin í landinu þjást. Það þarf að nást víðtæk þjóðarsátt til þess að lina höggið af þessari hörðu lendingu í efnahagsmálum sem þjóðin er byrjuð að súpa seyðið af.“

Að sögn Guðrúnar hefur mánaðarbreyting á verðbólgu ekki verið meiri frá júlí 1988 en þá hækkaði hún um 3,5 prósent. Sé aðeins horft til vísitölunnar án húsnæðisþáttar hefur verðbólgan ekki mælst meiri frá janúar 1985 en þá mældist hún 4,8 prósent, á móti 4,2 prósentum nú.

„Ég held að það sé alveg ljóst að æðstu ráðamenn þjóðarinnar og forsvarsmenn í atvinnulífinu verða að hittast og finna lausn á þessum málum, að því marki sem það er hægt,“ segir Jóhannes.

Greiningardeild Landsbankans, Glitnis og Kaupþings spáðu allar minni tólf mánaða verðbólgu en raunin varð. Glitnir spáði 10,2 prósentum, Landsbankinn 10,1 prósenti og Kaupþing 9,9 prósentum.

**magnush@frettabladid.is**



**MATVÖRUVERSLUN** Miklar verðhækkanir mælast nú í kjölfar snarprar veikingar krónunnar frá því í mars. Verð á mat- og drykkjarvörum hækkaði um 6,4 prósent og þar af mjólkurvörur um 10,2 prósent.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUÐRÚN R. JÓNSDÓTTIR**



**JÓHANNES GUNNARSSON**

## METVERÐBÓLGA

### Allt að hækka

Edda Rós Karlsdóttir hjá greiningardeild Landsbankans segir verðbólguna vera mun meiri en spár hafi sagt til um. „Þetta er miklu meiri verðbólga en allir voru að spá. Það er engin ein skýring á þessari miklu hækkun því það eru meira og minna allar vörur að hækka. Gera má ráð fyrir því að það dragi skarplega úr einkaneyslu á næstunni.“



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR**

### Borga niður skuldir og spara

Ásgeir Jónsson hjá greiningardeild Kaupþings segir veikingu krónunnar skila sér hraðar út í verðlagið en áður. „Það er áhyggjuefni fyrir Seðlabankann að þetta skuli koma svona snöggt fram. Það besta sem fólk getur gert við peningana sína við þessar aðstæður er að spara og borga niður skuldir.“



**ÁSGEIR JÓNSSON**

### Slær inn í verðlagið kröftuglega

Ingólfur Bender hjá greiningardeild Glitnis segir viðbúið að verðbólgan hjaðni hratt í ljósi fyrirsjáanlegs samdráttar í íslensku efnahagslífi. „Gengislækkun krónunnar er að slá inn í verðlagið með mjög kröftugum hætti [...] Það má búast við því að nú muni draga úr einkaneyslu og verðbólgan samahliða því lækka hratt.“



**INGÓLFUR BENDER**

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ

LYFJAVER APÓTEK

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:

Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

HUGTÖK FEB.08

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**VINDASAMT** Stíf norðanátt er á landinu þennan daginn, sýnu hvössust allra austast. Með morgninum má búast við slyddu eða rigningu frá Vestfjörðum í vestri, austur með norðurströndinni og yfir á austanvert landið. Um hádegi dregur úr úrkomu á Vestfjörðum en bætir í fyrir austan.



Á MORGUN
8-15 m/s en hvassara við suðausturströndina.

FIMMTUDAGUR
8-15 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Billund | 10° |
| Ósló | 11° |
| Stokkhólmur | 14° |
| Gautaborg | 16° |
| London | 9° |
| París | 14° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Berlín | 18° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 21° |
| Amsterdam | 16° |
| Eindhoven | 16° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 14° |
| Orlando | 26° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.volkswagen.is

# Hvað þarf marga aukahluti til að Golf geti kallast United?

**Svar:** Til fá „United“ stimpil þarf hreinlega að troðfylla hann af aukabúnaði. Má þar nefna 16” álfelgur, topplúgu, samlit, hita í sætum, ESP stöðugleikastýringu, sportáklæði á sæti, leður á stýri, leður á handbremsu og meira segja leður á gírstöng.




## Best búni VW Golf frá upphafi.

United er sérstök viðhafnarútgáfa af Golf. Hann lítur alveg sérstaklega vel út og státar af búnaði sem eykur akstursánægjuna og öryggið um leið. Komdu við og prófaðu nýjan Golf United.

Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

**KJÖRKASSINN**



*Óttastu ástandið á fasteignamarkaði?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,1% |
| Nei | 45,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú í lagi að verslun 10-11 í Austurstræti sé opin allan sólarhringinn?*

vísir

Stjórnarandstaðan í Simbabve sameinast gegn Mugabe:

# Enn hafa engin úrslit verið birt

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna í Simbabve tilkynntu í gær að þeir hygðust binda enda á langvarandi innbyrðis deilur sín á milli og sameinast gegn Mugabe, forseta landsins. Einnig biðluðu þeir til öryggisráðs Sameinuðu Þjóðanna að senda sérstakan erindreka til Simbabve og tilkynna Mugabe að ofbeldi til handa stuðningsmönnum stjórnarandstöðunnar jafngilti glæpum gegn mannkyninu.

Forystumenn stjórnarandstöðunnar, þeir Morgan Tsvangirai og Arthur Mutambara, hafa deilt sín á milli um margra mánaða skeið en voru í gær samtaka í því að skipa Mugabe að víkja frá völdum.

Enn er beðið eftir opinberum úrslitum forsetakosninganna sem fram fóru hinn 29. mars síðastliðinn. Fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu áttu að hittast í gær til að fara endanlega yfir úrslit endurtalningar í 23 héruðum landins og búist var við niðurstöðu að þeim fundi loknum. Gærdagurinn leið hins vegar án nokkurra frekari frétta af úrslitunum.



**SAMEINAÐIR** Mutambara og Tsvangirai hafa lagt deilur til hliðar og sameinast gegn Mugabe forseta.

Mikill ótti er við að Mugabe skipi her og lögreglu að beita enn meira ofbeldi en verið hefur til að viðhalda völdum sínum. **- kg**

Íslandspóstur bætir þjónustu:

# Hægt að afþakka fjölpóst

**ÞJÓNUSTA** Hinn 15. maí gefst fólki aftur tækifæri á því að panta lúgumiða sem segir blaðberum til um það hvort fólki vilji fjölpóst inn um lúgu sína eður ei.

Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningardeildar, segir að Íslandspóstur hafi boðið upp á slíka miða þar til í fyrravor. Síðan hafi verið reynt að samræma verklag um dreifingu fjölpósts meðal stærstu fyrirtækjanna sem sjá um dreifingu en þar sem það virðist engan árangur ætla að bera hafi Íslandspóstur ákveðið að bjóða neytendum þennan kost á ný. **- jse**

Yfirlýsingar í borgarstjórn:

# Hart deilt um mannréttindi

**REYKJAVÍK Ólafur F. Magnússon borgarstjóri vísar á bug ummælum Sóleyjar Tómasdóttur varaborgarfulltrúa um afstöðu hans í mannréttindamálum.**

**Sóley sagði Ólaf tjá sig af vanþekkingu um mannréttindamál. Hann segist í yfirlýsingu þvert á móti hafa lagt áherslu á þann málaflokk. Sjálf hafi Sóley ekki nýtt heimild til að ráða þrjá starfsmenn á skrifstofuna þegar hún var formaður mannréttindaráðs. Skrifstofan hafi verið mannlaus í fjórar vikur undir hennar stjórn.**

**Sóley segir í nýrri yfirlýsingu að yfirlýsing borgarstjóra einkennist af rangfærslum og ofmati á eigin verkum. Hann hindri öflugt mannréttindastarf. Borgarstjóri segir meirihlutann vilja nýta betur þann mannauð sem fyrir hendi sé.** **- kóp**

Framkvæmdastjóri SA:

# Mjög ríflegur samningur

**KJARAMÁL** „Þetta er mjög ríflegur samningur," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, um nýgerðan kjarasamning grunnskólakennara. „Það hafa engin fyrirtæki efni á að gera svona samning og ég held reyndar að sveitarfélögin hafi það ekki heldur. Málið snýst líka um hvort þessi samningur er fyrirmynd annarra samninga hjá opinberum aðilum."



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, vill ekki tjá sig um kjarasamning grunnskólakennara. **- ghs**

# Laun kennara hækka um 50 til 60 þúsund

**Grunnskólakennarar hafa gert kjarasamning til eins árs, mánuði áður en gamli samningurinn rennur út. Grunnlaun geta hækkað um 15-23 prósent, eða 50-60 þúsund á mánuði. Kostnaður sveitarfélaganna nemur 1,2 milljörðum.**

**KJARAMÁL** Samninganefnd grunnskólakennara og samninganefnd sveitarfélaga hafa undirritað nýjan kjarasamning, mánuði áður en gamli samningurinn rennur út. Í nýja samningnum, sem er til eins árs, eru kjör kennara gerð samkeppnisfær við kjör samanburðarhópa í þremur áföngum.

1. júní hækka laun kennara um 25 þúsund krónur á mánuði. Með því er að hluta til verið að færa launataxta að greiddum launum þar sem yfirborganir hafa átt sér stað. 1. ágúst bætast níu þúsund krónur inn í launatöflu auk þess sem uppbyggingu hennar er breytt til hagsbóta fyrir yngri kennara. Lokaáfanganum er síðan náð 1. október þegar öll starfsheiti hækka um einn launaflokk, eða 2,6 prósent að jafnaði.

Þessar þrjár launahækkanir eru fyrir þá sem ekki hafa notið yfirborgana. Þær nema samtals 15 til 23 prósentum á grunnlaun eftir aldurshópum. Um næstu áramót hækka launin svo yfir línuna um 2,5 prósent.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, telur árangurinn viðunandi. „Þessi samningur er til eins árs og það er ásættanlegt," segir hann. „Kennarar geta átt von á að launin þeirra, eftir aldri og störfum, hækki um allt að 23 prósent á þessu ári. Flestar launahækkanirnar koma inn á fyrstu sjö mánuðunum. Það getur þýtt frá tæpum fimmtíu þúsundum í tæp sextíu þúsund á mánuði."

Á þessu ári má vænta þess að launakostnaður sveitarfélaga vegna þessa samnings hækki um 1,2 milljarða króna. Karl Björnsson, formaður samninganefnda sveitarfélaga, segir að sveitarfélögin þurfi náttúrulega að endurskoða forgangsröðun verkefna. „Við vitum hvernig ástandið er í efnahagslífinu. Væntanlega eru tekjur rýrnandi og þetta kostar nýja forgangsröðun og endurmat á stöðunni hjá mörgum," segir hann.



**SAMNINGAR NÁST** Ólafur Loftsson, formaður Félags íslenskra grunnskólakennara, og Karl Björnsson, formaður samninganefndar sveitarfélaga, undirrituðu kjarasamning til eins árs í gær. Ásgrímur Stefánsson ríkissáttasemjari fylgdist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þessi samningur er til eins árs og það er ásættanlegt.
>
> **ÓLAFUR LOFTSSON**
> FÉLAGI GRUNNSKÓLAKENNARA

Kjarasamningurinn var undirritaður í húsnæði Ríkissáttasemjara í gær. Samningurinn verður nú kynntur fyrir kennurum og launanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Launanefnd tekur samninginn fyrir þegar grunnskólakennarar hafa greitt atkvæði um hann.

Samkomulag er um að næsti kjarasamningur renni út um leið og kjarasamningar annarra stéttarfélaga starfsmanna sveitarfélaga. **ghs@frettabladid.is**







Þarftu samband við bifvélavirkja í einum grænum?

já er svarið

118 ja.is Símaskráin

ÍSLENSKA SIA.IS JAA 41462 03/08


Viðskiptaráðherra grípur til aðgerða í fimm liðum vegna hækkunar verðlags:

# Fjórar milljónir í verðlagseftirlit

**NEYTENDUR** Fjórum milljónum króna verður varið til að stemma stigu við hækkun verðlags vegna lækkunar á gengi krónunnar og hækkunar hrávöruverðs.

Viðskiptaráðherra hefur fundað með fjölmörgum fulltrúum hagsmunahópa að undanförnu og kynnt sér sjónarmið þeirra. Hefur hann í framhaldinu ákveðið að grípa til aðgerða í fimm liðum í því augnamiði að sporna við verðhækkunum.

Meðal annars er stefnt að því að sekta kaupmenn, lúti þeir ekki reglum um verðmerkingar.

Endurskoða á reglur um netverslun og segir Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, að sköttun póstsendinga verði skoðuð. Þá á að leita samstarfs við Samtök verslunar og þjónustu um aukna hagræðingu í verslunarrekstri. Segir Jón Þór að afgreiðslutími verslana og samningar við birgja og flytjendur kunni að koma til skoðunar í þeim efnum. **- bþs**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FYLGST MEÐ VERÐI OG REGLUR SKOÐAÐAR

- 1. ASÍ mun annast sérstakt átak í verðlagseftirliti og fylgjast með þróun vöruverðs með tíðari hætti en áður.
- 2. Neytendastofa mun fara í sérstakt átak í eftirliti með verðmerkingum á vöru og þjónustu og endurskoða reglur um verðmerkingar.
- 3. Reglur um netverslun verða endurskoðaðar með það að markmiði að auka samkeppni og lækka vöruverð.
- 4. Neytendur verða hvattir til að gera verðsamanburð, koma ábendingum um verðlag á framfæri og gæta að hagsmunum sínum.
- 5. Leita á samstarfs við kaupmenn um aukna hagræðingu í verslunarrekstri.

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísel, sjálfsk.
33" breyting, staðsetningarbúnaður, bakkmyndavél, sóllúga, filmur, dráttarbeisli
Á götuna: 04.05 Ekinn: 116.000 km
Verð: 7.550.000 kr. Skr.nr. GMP-86



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín, sjálfsk.
Sóllúga, dráttarbeisli
Á götuna: 10.06 Ekinn: 40.000 km
Verð: 7.530.000 kr. Skr.nr. UI-267



**Toyota Avensis W/G Sol**
2000 Dísel, 5 gíra
Leður, 17" álfelgur
Á götuna: 07.07 Ekinn: 40.000 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. DT-708



**Toyota Verso**
7 manna
1800 Bensín, MM skipting
Á götuna: 10.04 Ekinn: 46.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. UM-189



**Toyota Corolla H/B Sol**
1600 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 70.000 km
Verð: 1.820.000 kr. Skr.nr. NZ-927



**Toyota Yaris T-Sport**
1500 Bensín 5 Gíra
Vindskeið, filmur
Á götuna: 06.05 Ekinn: 44.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. JF-461



**Toyota Yaris Sol**
1300 Bensín, MM skipting
Á götuna: 10.07 Ekinn: 1.000 km
Verð: 2.100.000 kr. Skr.nr. TZH-87



**Lexus IS250 Luxury**
2500 Bensín, sjálfsk.
17" álfelgur, sóllúga
Á götuna: 04.07 Ekinn: 12.000 km
Verð: 5.760.000 kr. Skr.nr. LK-644



**Lexus GS300 EXE**
3000 Bensín sjálfsk., sóllúga
Á götuna: 12.03 Ekinn: 30.000 km
Verð: 3.290.000 kr. Skr.nr. NL-727



**Honda Accord W/G**
2000 Bensín, sjálfsk., dráttarbeisli, filmur
Á götuna: 08.04 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. NJ-020



**Audi A6 S/D**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 14.000 km
Verð: 4.090.000 kr. Skr.nr. OV-723



**Subaru Tribeca B9**
3000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 08.06 Ekinn: 13.000 km
Verð: 4.690.000 kr. Skr.nr. VJ-912

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42166 04.2008

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað kostar langt leiddur fíkill samfélagið að meðaltali á mánuði samkvæmt nýrri kostnaðargreiningu greiningarstofnunarinnar Ísmats?

2 Hvað heitir nýstofnað fyrirtæki sem hyggst framleiða kattafóður á Súðavík?

3 Hvað heitir handknattleiksmaður í Stjörnunni sem varð fyrir alvarlegum höfuðmeiðslum í fyrra og berst nú fyrir því að fá að nota höfuðhlíf við leiki?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, er í opinberri heimsókn á Íslandi:

# Hlustar af áhuga á ESB-umræðuna

**STJÓRNMÁL** Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, er í opinberri heimsókn á Íslandi. Vanhanen átti fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum síðdegis í gær og í gærkvöld snæddi hann kvöldverð með fulltrúum Verslunarráðs.

Hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu bar ekki á góma á fundinum en Vanhanen benti á að það mál gæti komið upp í kvöldverðinum og auðvitað hlustaði hann af gaumgæfni og áhuga á umræðuna hér á landi.

Geir Haarde sagði eftir fundinn með finnska forsætisráðherranum að þeir hefðu þekkst í tvö ár, hist reglulega og sennilega myndu þeir hittast fimm sinnum á þessu ári. Sem betur fer væru engin sérstök vandamál milli landanna en viðskipti, ferðamennska og fjárfestingar færu vaxandi milli þjóðanna tveggja.

„Við ræddum einnig stöðu efnahagsmála á alþjóðavettvangi, hækkandi olíuverð og matarverð, þróunina í Evrópusambandinu og sambandið við Rússa ásamt öðru," sagði hann og útskýrði að þjóðirnar byggju báðar við það að Rússar flygju inn í lofthelgi þeirra öðru hvoru, eða nærri henni, og þeir hefðu borið saman bækur sínar um það. Íslendingar hefðu nokkrar áhyggjur af þessu flugi.

„Ég útskýrði að ég teldi að ekki yrði mikil breyting í Rússlandi á næstunni þó að nýr forseti og forsætisráðherra tækju við," sagði Matti Vanhanen. - ghs



**Í OPINBERRI HEIMSÓKN** Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, og Geir H. Haarde, forsætisráðherra Íslands, í Ráðherrabústaðnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Ekki áfrýjað í máli Birgis Páls í Þórshöfn

**Hvorki Birgir Páll Marteinsson né saksóknari nýttu sér rétt sinn til áfrýjunar í fíkniefnamálinu í Færeyjum. Fjölskylda Birgis sakar yfirvöld um stífni. Ákvörðunar um hvar Birgir Páll afplánar dóminn er að vænta á næstu dögum.**

**DÓMSMÁL** Sjö ára fangelsisdómur yfir Birgi Páli Marteinssyni, sem hann hlaut í Færeyjum, stendur. Birgir ákvað á föstudag að áfrýja ekki og eftir að frestur rann út á miðnætti þann dag varð ljóst að saksóknari áfrýjaði ekki heldur. Linda Hasselberg saksóknari bíður nú eftir leiðbeiningum frá dönskum yfirvöldum um það hvar Birgir situr dóminn af sér.

Hendrik Tausen, afi Birgis Páls, segir að honum hafi óbeint verið hótað af Lindu Hasselberg til að falla frá áfrýjun. Annars yrði séð til þess að hann yrði fluttur í danskt fangelsi þar sem menn kalla ekki allt ömmu sína. Hendrik segir að fjölskylda Birgis hafi óttast að slík reynsla gæti eyðilagt hann fyrir lífstíð og því hafi verið ákveðið að áfrýja ekki. Fjölskyldan reyndi um helgina án árangurs að fá uppgefið hvort saksóknari áfrýjaði.

Venjan er sú í Færeyjum að sé dómur lengri en tíu til tólf mánuðir sitji fangar hann af sér í Kaupmannahöfn. Ljóst er að Birgir Páll óskar eftir að sitja dóminn af sér á Íslandi. Linda segir að það ráðist á næstu dögum hve langan tíma það ferli tekur. Birgir gæti þurft að sitja inni í Danmörku á meðan það er í gangi.

„Við höfum ekki eiginlegt fangelsi hér í Færeyjum þannig að ef þetta ferli tekur langan tíma þarf hann að sitja inni í Danmörku þangað til því lýkur," segir Linda. „Við munum taka tillit til ýmissa þátta við þá ákvörðun; vilja íslenskra yfirvalda og mannlegu hliðarinnar svo eitthvað sé nefnt."

Hendrik segir að upphaflega hafi verið mjög erfitt að ná til Birgis og sakar yfirvöld um stífni. Einungis hafi verið hægt að ná í hann í hálftíma á viku. „Eftir að Eiður Guðnason, ræðismaður Íslands í Færeyjum, kom að málinu tókst honum að laga þetta mikið. Við fjölskyldan kunnum honum bestu þakkir fyrir og hann hefur staðið sig mjög vel," segir Hendrik.

Eiður Guðnason staðfestir orð Hendriks um stífni yfirvalda. „Danir eru með þennan málaflokk og það hefur ekki alltaf verið auðvelt að eiga við þessi yfirvöld. Mér fannst til dæmis mjög sérkennilegt þegar ég frétti að á mánudegi, á meðan áfrýjunarfresturinn var enn ekki úti, hafði fjölskyldan ekki heyrt í honum síðan á fimmtudeginum þar áður," segir Eiður. kolbeinn@frettabladid.is



LINDA HASSELBERG



HENDRIK TAUSEN



EIÐUR GUÐNASON






**FJÖLBÝLI** Sveitarfélögin ætla að beita sér fyrir úthlutun lóða til byggingar leiguhúsnæðis.

Ríki og sveitarfélög koma til móts við leigjendur:

# Hækka húsaleigubætur

**FÉLAGSMÁL** Eftir hækkun húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta getur fólk fengið allt að sjötíu þúsund krónur í leigubætur á mánuði.

Ríki og sveitarfélög hafa náð saman um hækkanir bótanna, sem staðið hafa í stað frá árinu 2000.

Ríkissjóður greiðir sextíu prósent af heildarkostnaði vegna hækkunar húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta en sveitarfélögin greiða fjörutíu prósent. Áætlaður árlegur viðbótarkostnaður er um 620 milljónir króna vegna húsaleigubóta og um 100 milljónir vegna sérstakra húsaleigubóta, að því er fram kemur í tilkynningu félagsmálaráðuneytisins.

Auk þess að hækka bæturnar sjálfar munu sveitarfélög beita sér fyrir úthlutun lóða á hagstæðum kjörum til byggingar leiguhúsnæðis. Þá verður skipaður starfshópur til að vinna að stefnumótun í húsnæðismálum. Á hann að skilgreina skyldur hins opinbera í málaflokknum og endurskoða verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. - bþs

**BREYTING FJÁRHÆÐA**

| | Áður | Eftir | Breyting |
|---|---|---|---|
| Grunnur | 8.000 | 13.500 | 5.500 |
| Barn 1 | 7.000 | 14.000 | 7.000 |
| Barn 2 | 6.000 | 8.500 | 2.500 |
| Barn 3 | 5.500 | 5.500 | 0 |
| Viðbót | 4.500 | 4.500 | 0 |
| Hámark | 31.000 | 46.000 | 15.000 |

Nintendo®

GLEÐILEGT SUMAR !!!

# Wii Fit™

## Leiktu þér í form!

*Byltingarkennd tækni í heilsurækt*

• AUKIN ORKA • LIÐLEIKI • STYRKLEIKI • JAFNVÆGI

FYRIR ALLA – Taktu líkamsræktina heim!











**EINFALT**
**ÞÆGILEGT**
**ÁRANGURSRÍKT**
**SKEMMTILEGT**



*Kynnist þessari stórkostlegu nýju tækni af eigin raun í verslunum okkar!*




**ORMSSON**

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| **SÍÐUMÚLA 9** | **SMÁRALIND** | **KEFLAVÍK** | MODEL-**AKRANESI** | **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** | **AKUREYRI** | BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** | VÍK-**EGILSSTÖÐUM** | VÍK-**NESKAUPSTAÐ** | VÍK-**REYÐARFIRÐI** | ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |



**DRENGUR SKOÐAR LÍK** Á umdeildri sýningu í Sjenjang í Kína má nú sjá fjölmörg lík, sem stillt hefur verið upp á ýmsa vegu. Vöðvar og ýmis líffæri sjást greinilega, en líkin útvegaði kínverskur háskóli. NORDICPHOTOS/AFP

Kostnaðargreining sýnir að hagkvæmara er að hafa fíkla í meðferð en á götunni:

# Meðferð ódýrari en götulíf

**FÉLAGSMÁL** „Oft er spurt hvers vegna samfélagið eigi að taka þátt í að greiða fyrir meðferð langt leiddra fíkla. Með þessum tölum er hægt að sýna að ein rök eru þau að aðgerðir eru samfélaginu hagkvæmari en afskiptaleysi,“ segir Þorgeir Ólason, forstöðumaður Krýsuvíkursamtakanna.

Kostnaðargreining Ísmats sem Fréttablaðið skýrði frá í gær sýnir að kostnaður hins opinbera af manneskju sem er í mikilli fíkniefnaneyslu og stundar ekki vinnu er að meðaltali 317.489 krónur á mánuði. Niðurstöður greiningarinnar sem gerð var fyrir Krýsuvíkursamtökin leiða hins vegar í ljós að kostnaður við eitt meðferðarrými hjá samtökunum er 280.937 krónur á mánuði miðað við gengi krónunnar í febrúar.

Þorgeir bendir á að við rannsóknina hafi ekki verið teknar inn ýmislegar breytur sem verða í kjölfar afbrota fíkniefnaneytenda svo sem sálrænt tjón þeirra sem verða fyrir barðinu á afbrotum fíkniefnaneytenda og vinnutap. „Þá er ótalinn sá ávinningur sem verður fyrir fjölskyldur fíkilsins og samfélagið allt nái hann tökum á fíkn sinni,“ segir Þorgeir og bendir að rannsóknir hafi sýnt að Krýsuvíkursamtökin nái góðum árangri við meðferð langt leiddra fíkla sem stuðli að því að þeir snúi aftur í samfélagið sem nýtir samfélagsþegnar. - kdk



**ÞORGEIR ÓLASON** Forstöðumaður Krýsuvíkursamtakanna segir aðgerðir samfélagsins í þágu fíkla hagkvæmari en afskiptaleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjaraviðræður:

# Náttúrufræðingar hafna

**KJARAMÁL** Samninganefnd ríkisins átti fundi í gær með samninganefndum félaga innan BHM. Fundum verður haldið áfram í dag og á morgun.

Páll Halldórsson, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, átti fund með samninganefnd ríkisins í gær. Hann segir að tilboði ríkisins, sem er sambærilegt samningunum frá því í febrúar, hafi verið hafnað á fundinum. „Við erum ekki til viðræðu um samning til lengri tíma en árs og þar að auki teljum við að í þessu tilboði felist kaupmáttarskerðing miðað við verðbólguna,“ segir hann. - ghs





TÖLVUNARFRÆÐI
KEMUR ÞÉR Á KORTIÐ
HJÁ ATVINNULÍFINU

Tölvunarfræði er afar fjölbreytt fagsvið sem býður upp á marga valkosti fyrir nám og störf, allt frá hagnýtum verkefnum til fræðilegra, frá umsjón tölvukerfa til smíði flókinna hugbúnaðarkerfa, frá forritun til stjórnunar. Tölvunarfræðinám er góður grunnur fyrir starfsferil á fjölmörgum sviðum.

Tölvunarfræðinám við Háskólann í Reykjavík einkennist af fjölbreytileika og skapandi umhverfi þar sem nemendum gefst kostur á að vinna verkefni í nánum tengslum við fræðimenn og fyrirtæki.

Tölvunarfræðideild HR býður upp á nám í

- BSc í tölvunarfræði (90 einingar)
- BSc í hugbúnaðarverkfræði (90 einingar)
- BSc í stærðfræði (90 einingar)
- MSc í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í máltækni
- PhD í tölvunarfræði
- Kerfisfræðigráða (60 eininga nám í fjarnámi og með vinnu)

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




**ÖNNUR LESTIN LENTI ÚTI Í SKURÐI** Tvær farþegalestir rákust á skömmu fyrir dögun í gær í sveitahéraði austan til í Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Alvarlegasta lestarslys í Kína í áratug:

# Nærri hundrað manns fórust

**KÍNA, AP** Að minnsta kosti sjötíu manns fórust og á fimmta hundrað slösuðust í versta járnbrautarslysi sem orðið hefur í Kína í áratug. Hraðskreið farþegalest rakst á aðra farþegalest í austanverðu landinu.

Kínverska fréttastofan Xinhua sagði mannleg mistök hafa valdið slysinu. Í kínverskri útgáfu fréttarinnar er talað um vanrækslu. Tveir yfirmenn lestafyrirtækis í Sjandong hafa verið reknir.

Margir Kínverjar eru á ferðinni þessa dagana, stuttu fyrir hátíðarhöldin 1. maí, en þá verður löng helgi í Kína.

Áreksturinn varð skömmu fyrir dögun í Sjandong-héraði. Önnur lestin var á leiðinni frá Peking til Qingdao, en hin frá Yantai í Sjandong til Xuzhao í Jiangsuhéraði. Fyrrnefnda lestin fór út af sporinu og rakst á aðra lest, sem kastaðist út af teinunum en valt þó ekki. Níu af fyrstu vögnum fyrrnefndu lestarinnar lentu hins vegar úti í skurði.

„Flestir farþegarnir voru enn sofandi, en sumir stóðu þó á göngunum og biðu eftir því að komast út á Zibo-lestarstöðinni,“ sagði einn farþeganna. „Skyndilega fann ég þegar lestin valt eins og rússíbanalest, af annarri hliðinni og alveg yfir á hina hliðina. Þegar hún fór loksins út af sporinu þá féll margt fólk ofan á mig.“ - gb




Nýir GSM-sendar gangsettir:

# GSM-samband á Kvíabryggju

**GSM** Kvíabryggja er komin með GSM-samband eftir að nýr sendir var gangsettur á Klakki við Grundarfjörð í síðustu viku.

Í tilkynningu frá Vodafone segir að fjórðungur þeirra GSM-senda sem ráðgert er að tæknimenn fyrirtækisins setji upp á árinu sé nú þegar kominn í notkun. Ellefu nýir sendar voru gangsettir í síðustu viku og hafa aldrei fleiri sendar verið teknir í notkun í sömu vikunni.

Í tilkynningu frá Vodafone segir að uppbyggingunni verði haldið áfram út árið og á næstu vikum muni íbúar á völdum svæðum finna áþreifanlega breytingu. - kg

Lögreglan í Austurríki segir að Josef Fritzl hafi tekist að blekkja alla:

# Austurríski faðirinn hefur nú játað allt

**AUSTURRÍKI, AP** Josef Fritzl, 73 ára Austurríkismaður, hefur játað fyrir lögreglu að hafa í nærri aldarfjórðung haldið dóttur sinni fanginni í kjallaraholu heima hjá sér í bænum Amstetten og níðst á henni kynferðislega.

Hann viðurkennir einnig að hafa brennt líkið af einu þeirra sjö barna sem hann eignaðist með dóttur sinni Elizabethu. Öll fæddust þau í kjallaraholunni, en eitt þeirra lést fáeinum dögum eftir fæðingu.

Þrjú þeirra voru alin upp í prísundinni og fengu aldrei að sjá dagsbirtu fyrr en elsta dóttirin, sem nú er nítján ára, veiktist hastarlega 19. apríl síðastliðinn. Faðir hennar flutti hana á sjúkrahús, og á laugardaginn var leyfði hann loks Elizabethu og hinum börnunum, tveimur drengjum, fimm og átján ára gömlum, að koma út undir bert loft.



**JOSEF FRITZL** Tókst að blekkja umheiminn. NORDICPHOTOS/AFP

Hin þrjú börnin – tvær stúlkur, sem nú eru 14 og 15 ára, og drengur sem er 13 ára – ólust upp hjá Josef og eiginkonu hans, sem segist ekkert hafa vitað af því sem fram fór í kjallaranum.

Elsta dóttirin liggur enn þungt haldin á sjúkrahúsi en hin börnin fimm og móðir þeirra eru undir handleiðslu sálfræðinga.

Natascha Kampusch, sem nú er orðin tvítug, hefur boðist til að hjálpa fjölskyldunni, bæði fjárhagslega og með samtölum. Fyrir tveimur árum tókst Kampusch að sleppa úr prísund mannræningja, sem hafði haldið henni fanginni í níu ár. - gb



**KJALLARAHOLAN** Hluti þeirra þröngu húsakynna sem Elizabeth og börn hennar máttu hírast í. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrrverandi norskur njósnari:

# Fer fyrir nýjum sjaría-sjóði

**NOREGUR** **Norðmaðurinn Arne Treholt, sem á níunda áratugnum var dæmdur fyrir landráð og njósnir fyrir Sovétríkin, mun fyrir hönd rússnesks fjárfestingarfélags fara fyrir nýjum fjárfestingarsjóði sem mun starfa í samræmi við sjaríalög múslima. Þetta upplýsti norska viðskiptablaðið Dagens Næringsliv.**



**ARNE TREHOLT**

**„Sjóðurinn verður skráður í Bahrain og mun fá startkapítal upp á 100 milljónir (norskra) króna,“ hefur blaðið eftir Treholt, sem býr á Kýpur og stýrir þar eigin verðbréfafyrirtæki.**

**Að starfa samkvæmt sjaría takmarkar í hvers konar fyrirtækjum sjóðurinn má fjárfesta. Það gerir hann vænlegri kost fyrir aðila í Mið-Austurlöndum.** - aa



**BUNDINN VIÐ BRYGGJU** Togarinn í Vestmannaeyjahöfn. MYND/ÓSKAR

Ólöglegar veiðar í Skaftárdjúpi:

# Norskt skip tekið í landhelgi

**DÓMSMÁL** Áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ, stóð norska línuveiðiskipið Gayser Senior að meintum ólöglegum veiðum á sunnudagskvöld. Skipið var þá statt inni á lokuðu svæði í Skaftárdjúpi undan Suðausturlandi.

Svæðið er lokað á þessum árstíma vegna friðunar hrygningarþorsks og skarkola. Stýrimaður þyrlunnar seig um borð og kannaði afladagbækur og önnur skjöl. Að því loknu var skipið fært til hafnar í Vestmannaeyjum. Verið er að verðmeta veiðarfæri og fer aflinn á fiskmarkað. Játi skipstjóri bíður hans sekt. - kóp

**FJARÐABYGGÐ**

## Bylting með ruslbaggavél

Með nýrri böggunarvél í móttökustöð Fjarðabyggðar á Reyðarfirði verður hægt að setja um 25 tonn af endurvinnanlegum úrgangi í gám sem er fluttur til útlanda beint frá Reyðarfirði. Áður var verið að flytja fjögurra til fimm tonna gáma til Reykjavíkur á bílum og þaðan var úrgangur fluttur út til vinnslu. Þetta kemur fram á heimasíðu Fjarðabyggðar.



Lögreglan í herlausu landi – framtíðarsýn

Hádegisverðarfundur í Valhöll

miðvikudaginn 30. apríl, kl. 11.45 – 13.15

Frummælendur:
Stefán Eiríksson,
lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu,
og Valtýr Sigurðsson,
ríkissaksóknari.



Fundarstjóri:
Bjarni Benediktsson,
alþingismaður og formaður
utanríkismálanefndar.



Að fundinum stendur
Réttarfars- og stjórnskipunarnefnd.

Allir velkomnir!



XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Áfanga náð í 1.000 milljarða króna útboði í endurnýjun norska orrustuþotuflotans:

# Ekkert upplýst um verð á nýjum þotum

**NOREGUR** Lögð voru inn tilboð í gær frá tveimur framleiðendum orrustuþotna, annars vegar Saab AB og sænskum stjórnvöldum og hins vegar frá Lockheed-Martin í Bandaríkjunum, í útboði norska varnarmálaráðuneytisins í endurnýjun orrustuþotuflota norska flughersins. Stefnt er að því að kaupa allt að 48 nýjar þotur í stað F-16 þotna flughersins sem eru við það að úreldast.

Hvorki norski varnarmálaráðherrann Anne-Grete Ström-Erichsen né talsmenn framleiðendanna tveggja vildu tjá sig um það hvaða upphæðir væri um að ræða í tilboðunum. Ljóst þykir þó að bandaríska F-35 „Joint Strike Fighter“-þotan sé mun dýrari valkostur en hin sænska JAS-39 Gripen.

Þriðji keppinauturinn um þennan stóra þotukaupasamning, hinn evrópski Eurofighter, heltist úr lestinni í vetur eftir að framleiðendurnir komust að þeirri niðurstöðu að Norðmenn hefðu í raun fyrir löngu ákveðið að kaupa F-35-þotuna og því væri tilgangslaust að taka frekari þátt í útboðinu.

„Það eru góðir keppinautar eftir og ég er sannfærð um að við fáum góða samkeppni sem þrýstir verðinu niður og gæðunum upp,“ hefur Aftenposten eftir Ström-Erichsen. **- aa**



**STÓRINNKAUP** F-35-þotan bandaríska. Gert er ráð fyrir að samningarnir um kaup á allt að 48 nýjum þotum muni nema minnst 1.000 milljörðum ísl. króna. NORDICPHOTOS/AFP

Hraðamælingar í Breiðholti:

## Meirihluti yfir hámarkshraða

**LÖGREGLUMÁL** Meirihluti ökumanna, sem lögregla höfuðborgarsvæðisins fylgdist með á tveimur stöðum í Breiðholti á föstudag, ók of hratt.

Fylgst var með ökutækjum sem óku um Arnarbakka og Öldusel í eina klukkustund. Í Arnarbakka óku 57 prósent ökumanna of hratt. Meðalhraði hinna brotlegu var tæplega 48 kílómetrar á klukkustund, en þarna gildir þrjátíu kílómetra hámarkshraði.

Í Ölduseli óku 64 prósent ökumanna yfir leyfilegum hámarkshraða. Þarna er einnig þrjátíu kílómetra hámarkshraði en meðalhraði hinna brotlegu var liðlega 46 kílómetrar á klukkustund. **- kg**



**HERSVEITIR Í AFGANISTAN** Atlantshafsbandalagið tók að sér stjórn friðargæsluverkefnisins í Afganistan fyrir fimm árum.

# Telur NATO ná árangri í Afganistan

**Bandaríski varnarmálasérfræðingurinn Leo G. Michel segist sannfærður um að NATO muni ná árangri í Afganistan, en það krefjist samstillts átaks bandalagsþjóðanna og viðveru þar til lengri tíma.**

**UTANRÍKISMÁL** Það er fjarstæða að evrópskar NATO-þjóðir leggi sitt af mörkum til fjölþjóðlega gæsluliðsins sem NATO stjórnar í Afganistan bara vegna þess að Bandaríkjamenn þrýsti á þær að gera það. Það sé sameiginlegt mat bandalagsþjóðanna beggja megin Atlantshafs að mikilvægt sé fyrir NATO að ná árangri í Afganistan. Það krefjist viðveru í landinu til lengri tíma og markvissara samstarfs við aðrar stofnanir og jafnvel frjáls félagasamtök.

Þetta segir Leo G. Michel, fræðimaður hjá Institute for National Strategic Studies í Washington, en áður en hann gekk til liðs við þá stofnun árið 2002 var hann yfirmaður NATO-mála á stefnumótunarskrifstofu bandaríska varnarmálaráðherrans.

Michel var ásamt Chris Holtby, sem er háttsettur embættismaður í breska utanríkisráðuneytinu, frummælandi á málfundi um erindi NATO í Afganistan sem haldinn var á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í gær.

Í viðtali við Fréttablaðið segir Michel „erfitt að trúa því að [evrópsku NATO-ríkin beiti sér með þeim hætti sem þau gera í Afganistan] bara vegna þess að Bandaríkjastjórn sé að snúa upp á handleggi þeirra.“

Michel bendir á að frumkvæðið að því að NATO tók að sér stjórn friðargæsluverkefnisins í Afganistan árið 2003 hafi komið frá Evrópumönnum. Sá ágreiningur sem sé uppi um Afganistan-verkefnið snúi meira að því hvernig byrðunum af erfiðustu þáttum þess sé deilt. Sumar bandalagsþjóðirnar neiti nefnilega alfarið að þeirra hermenn taki þátt í hernaðinum gegn uppreisnarmönnum í suðurhluta landsins. Með fjölgun í herafla NATO á þeim svæðum náist meiri árangur, afgönskum almenningi til hagsbóta. Með meira herliði sé til að mynda betur hægt að gera upp á milli skotmarka svo að dregið sé úr hættunni á að óbreyttir borgarar lendi í skotlínunni í bardögum við skæruliða. Það sé hins vegar eftir sem áður mjög vandasamt, þar sem talibanar stundi það að dyljast meðal óbreyttra borgara.



**LEO G. MICHEL** Hélt erindi á málfundi í Háskóla Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Spurður um mat sitt á framtíð NATO segir Michel að ekki sé ástæða til annars en bjartsýni.

„Á hverjum áratugi tilvistar NATO hafa komið upp árekstrar sem skóku bandalagið,“ bendir hann á. Það sé því ekkert nýtt að bandalagið þurfi að endurskoða hlutverk sitt. Í nærri sex áratuga sögu sinni hafi bandalagið ávallt fundið lausnir á þeim vandamálum sem upp hafi komið og tekist að laga sig að breyttum aðstæðum.

„Sameiginlegir hagsmunir og sameiginleg gildi hafa jafnan reynst sterkari en það sem valdið hefur ágreiningi,“ segir Michel. Þetta sanni þá þörf sem eftir sem áður sé fyrir NATO. „Væri það ekki til þyrfti að búa það til.“

audunn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

7

Sparakstur með Volkswagen

Skildu tengdó eftir heima!

Tengdamömmubox og skíðagrindur á þaki bifreiða auka loftmótstöðuna og þar með eldsneytiseyðsluna meira en þig grunar. Þess vegna er best að skilja tengdó sem oftast eftir heima.



Námskeiðin eru haldin í HEKLU við Laugaveg.
~~Lau. 19/4, kl. 10:00~~ Fullt
~~Sun. 27/4, kl. 10:00~~ Fullt
Lau. 3/5, kl. 10:00 Örfá sæti
Mið. 7/5, kl. 19:30 Örfá sæti

Skráðu þig á námskeið í sparakstri á volkswagen.is. Aðgangur ókeypis, takmarkaður fjöldi sæta í boði! Skráðu þig núna!

Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

LAMBAKJOT.IS



„Ég vil hafa það létt og gott
en líka dálítið villt
- svona eins og íslenska náttúru.
Það er svo einfalt.“

# TÖFRABRAGÐ
## - hollustunnar



## Litríkt salat með lambalundum og hindberjasósu

400 g lambalundir • 2 msk olía • salt • nýmalaður svartur pipar

Steikið lundirnar í olíu á pönnu í 1 - 2 mín. á hvorri hlið. Kryddið með salti og pipar og kælið.

### Litríkt salat:

1 poki blandað salat • 2 msk furuhnetur • 2 msk súrsað engifer • $\frac{1}{4}$ kantalópumelóna • 20 hindber

Melónan skorin í strimla og öllu blandað saman.

### Hindberjasósa:

1 bolli hindber • 2 msk balsamedik • 2 msk hunang • salt • nýmalaður svartur pipar • 1 - $1\frac{1}{2}$ dl olía

Setjið allt nema olíuna í blandara og maukið vel. Hellið olíunni í mjórri bunu útí. Sigtið sósuna í skál.

Skerið lundirnar í sneiðar og berið fram með litríku salati og hindberjasósu.

15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.299 **+0,63%**

**Fjöldi viðskipta:** 272
**Velta:** 1.969 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **STR.-BURÐARÁS** | +3,06% |
| **SPRON** | +1,97% |
| **ATLANTIC PET.** | +1,88% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **TEYMI** | -6,23% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -1,76% |
| **EIK BANKI** | -0,85% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Hlutabréf í úrvalsvísitölu:Atorka 7,34 +0,00% ... Bakkavör 41,90 +0,00% ... Eimskipafélagið 22,30 -1,76% ... Exista 12,45 +1,22% ... FL Group 6,49 -0,61% ... Glitnir 16,80 +0,30% ... Icelandair Group 23,00 -0,43% ... Kaupþing 851,00 +0,71% ... Landsbankinn 31,00 +0,00% ... Marel 90,40 -0,11% ... SPRON 5,19 +1,97% ... Straumur-Burðarás 13,12 +3,06% ... Teymi 3,76 -6,23% ... Össur 99,40 +1,33%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

### Lítil velta í hlutabréfum

Ótrúlega lítil velta á innlendum hlutabréfamarkaði í gær ber með sér að óhagstæð ytri skilyrði séu farin að bitna nokkuð á fjárfestum. Ljóst er að mörg fyrirtæki geta sig lítið hreyft miðað við hin himinháu vaxtakjör sem nú bjóðast, ekki bætir verðbólgan úr skák og margir hafa þess vegna leitað tímabundið í var eða hreinlega strandað á skeri og eru þess vegna ekki líklegir til stórræðanna í kaupum á hlutabréfum alveg á næstunni. Aðilar á markaði eiga von á að jákvæðar tölur eftir fyrsta ársfjórðung muni glæða hlutabréfamarkaðinn nokkru lífi á nýjan leik og verði kannski til þess að stærri fagfjárfestar snúi aftur úr heimi skuldabréfanna, þar sem þeir hafa dvalið upp á síðkastið …




### Kauptækifæri í tyggjói

Það er þó gömul saga og ný, að bestu kauptækifærin skapast í niðursveiflum þegar margir neyðast til þess að selja á undirverði. Enginn veit þetta betur en ríkasti fjárfestir í heimi, Warren Buffet, sem var aðalsprautan á bak við risavaxinn samruna sem tilkynnt var um í Bandaríkjunum í gær, milli sælgætisframleiðendanna Wrigley's og Mars. Félag Buffets kom að fjármögnun yfirtöku Mars á tyggjóframleiðandanum og eignaðist auk þess stóran hlut í hinu nýja félagi. Aðspurður sagði Buffet að nú væri góður tími til að kaupa, ættu menn á annað borð einhverja peninga …



## TV 2 rekur 136

Danska fjölmiðlafyrirtækið TV 2 leggur niður 205 af 1.100 stöðugildum á árinu. Alls verður 136 sagt upp störfum, þar af 56 á útvarpssviði. Útvarpsrekstri verður hætt.

Greint var frá breytingunum á blaðamannafundi í Óðinsvéum í gærmorgun, að því er segir á fréttavef Berlingske Tidende. Þar kemur fram að yfir standi viðræður við sjónvarpsstöðina SBS um að taka við útvarpsrekstri TV 2.

TV 2 hefur átt í rekstrarörðugleikum og er niðurskurðurinn nú hluti af aðgerðum til að rétta við reksturinn. Aðhaldsaðgerðir sem ráðist hefur verið í eiga að spara fyrirtækinu 200 milljónir danskra króna (um þrjá milljarða íslenskra króna).

**- óká**

# Teymi tapar á krónunni

Fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtækið Teymi tapaði tæpum 4,9 milljörðum króna á fyrsta fjórðungi ársins, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Í fyrra hagnaðist félagið á sama tíma um 1,6 milljarða króna.



**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON** Forstjóri Teymis.

Tekjur félagsins á tímabilinu nema þó sex milljörðum króna, sem er nærri fjórðungi meira en árinu áður. Gengisfall krónunnar vegur hins vegar þungt í erlendum skuldum félagsins og leiddi til 5,2 milljarða króna gengistaps á fjórðungnum. Um áramót voru um þrír fjórðu hlutar vaxtaberandi skulda Teymis í erlendri mynt, en var skuldbreytt á fjórðungnum til að draga úr gengisáhættu og nema nú um fimmtungi. Tæpur fimmtungur er svo í verðtryggðum krónum og rest í óverðtryggðum. „Samkvæmt stjórnendum Teymis er hér um skammtíma aðgerð að ræða. Til að tryggja sjóðstreymi félagsins er stefna félagsins áfram að meirihluti skulda sé í erlendum myntum og er ætlunin að skiptingin verði komin í fyrra horf á öðrum eða þriðja ársfjórðungi," segir í Vegvísi Landsbankans.

Greining Glitnis segir viðbúið að næstu mánuðir verði Teymi erfiðir, en yfirvofandi samdráttur í hagkerfinu ásamt erfiðri skuldastöðu geri reksturinn krefjandi.

**- óká**

## Auður Capital fær starfsleyfi

Auður Capital hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins sem verðbréfafyrirtæki, að því er fram kemur í tilkynningu Auðar í gær.



**Á FUNDI** Halla Tómasdóttir er starfandi stjórnarformaður Auðar Capital, en það er verðbréfafyrirtæki sem vill nýta tækifæri í mann- og fjárauði kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagið býður fjárfestingartengda þjónustu á sviði eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar auk þess að stýra fagfjárfestasjóðum.

„Auður leggur áherslu á óháða fjármálaráðgjöf, áhættumeðvitund og samfélagslega ábyrgð," segir í tilkynningu félagsins, en þar kemur jafnframt fram að Auður Capital hafi þegar ráðið tólf manna teymi með „viðamikla alþjóðlega reynslu af fjármálamörkuðum og rekstri".

**- óká**


FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSFUNDUR
FRJÁLSA
LÍFEYRISSJÓÐSINS

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **í dag kl. 17.15** í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kjör endurskoðanda
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast í höfuðstöðvum Kaupþings og á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins **www.frjalsilif.is.** Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KAUPÞING


# Verðtryggð skuldabréf ákjósanleg í verðbólgu

**Lítil velta var á hlutabréfamarkaðnum í gær þótt úrvalsvísitalan hækkaði um 0,63 prósent. Veltan á skuldabréfamarkaði var hins vegar yfir þrjátíu milljarðar króna. Fjárfestar telja ákjósanlegt að kaupa verðtryggð íbúðabréf þegar verðbólga er mikil.**



**MIÐLUN SKULDABRÉFA** Skuldabréf ganga kaupum og sölum í Kauphöll Íslands eins og hlutabréf. Mikil velta hefur verið á skuldabréfamarkaðnum, sem þykja í augnablikinu ákjósanlegur fjárfestingakostur.

Nokkuð mikil eftirspurn var eftir verðtryggðum skuldabréfum í gær í kjölfar þess að Hagstofa Íslands birti nýjustu tölur yfir þróun verðbólgunnar. Veltan á skuldabréfamarkaðnum var yfir þrjátíu milljarðar króna. Hefur þessi markaður verið líflegur frá áramótum.

Hjördís D. Vilhjálmsdóttir hjá Greiningu Glitnis segir að hún hafi átt von á sterkari viðbrögðum í gær, að minnsta kosti innan dagsins.

„Ef verðbólga er umfram væntingar verða verðtryggð skuldabréf eftirsóknarverð en óverðtryggð bréf síður. Þar af leiðandi ætti verð á verðtryggðum skuldabréfum að hækka, sem þýðir lækkun á ávöxtunarkröfu. Það er það sem gerðist varðandi verðtryggð skuldabréf Íbúðalánasjóðs í gær. Ég átti hins vegar von á að ávöxtunarkrafan á verðtryggðu skuldabréfunum myndi lækka meira því frávikið frá verðbólguspám var svo mikið. Það gerðist hins vegar ekki," segir Hjördís.

Ein skýringin geti verið sú að væntingar eru um að Seðlabankinn hækki stýrivexti enn frekar eins og sást á þróun verðs ríkisskuldabréfa. Hjördís bendir líka á að vextir á skammtímaverðbréfum séu háir og góð ávöxtun á peningamarkaðssjóðum muni verða betri en á verðtryggðum bréfum þegar verðbólgukúfurinn líður hjá og líklegt sé að það haldi aftur af verðhækkun verðtryggðra skuldabréfa.

### HVAÐ ERU SKULDABRÉF?

Grundvallarmunurinn á hlutabréfum og skuldabréfum er sá að hlutabréf tryggja þér enga ávöxtun. Það gera hins vegar skuldabréf. Íbúðabréf eru til dæmis gefin út og seld af Íbúðalánasjóði til að fjármagna íbúðalán. Íbúðabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs, og bera fasta vexti. Þegar verðbólga er mikil eins og nú fá fjárfestar verðbætur ofan á föstu vextina. Þegar þessi fjárfestingarkostur er ákjósanlegri en aðrir lækkar krafa fjárfesta um ávöxtun og skuldabréfin hækka í verði. Þegar aðrir kostir eru betri, til dæmis peningamarkaðsbréf, hækkar ávöxtunarkrafan og skuldabréfin lækka í verði.

„Á einhverjum tímapunkti vilja fjárfestar fara úr íbúðabréfum yfir í óverðtryggð skuldabréf. Þetta gæti gerst í lok maí eða í júní þegar fjárfestar verða búnir að taka út hagnað vegna verðbólgunnar. Þetta er líklegt til að gerast tiltölulega fljótt vegna þess að væntingar eru um að verðbólgukúfurinn sé skammvinnur. Þegar það gerist getur markaðurinn snúist hratt við og verðbreytingin orðið hröð. Þá geta íbúðabréfin lækkað það mikið að það éti upp ávinninginn af verðbólgunni á tiltölulega skömmum tíma. Þó er ákjósanlegt að eiga verðtryggð íbúðabréf núna vegna verðbólgunnar en það getur snúist hratt við," segir Hjördís.

Ásdís Kristjánsdóttir hjá greiningardeild Kaupþings segir eins og Hjördís að verðtryggð krafa skuldabréfa hafi lækkað og sú óverðtryggða hækkað. „Þetta er í takt við það sem búast mátti við eftir að verðbólgutölur lágu fyrir. Eftirspurn eftir verðtryggðum bréfum jókst," segir Ásdís.

**bjorgvin@markadurinn.is**

## Búið að safna í níu milljarða

Aflað hefur verið skuldbindinga fyrir níu milljarða króna í nýjan veðskuldasjóð sem sérhæfir sig í að fjármagna fullbúið atvinnuhúsnæði. Með þessu hefur verðbréfafyrirtækið Virðing lokið fyrsta áfanga fjármögnunar sjóðsins.

Í tilkynningu kemur fram að fjárfestar sjóðsins séu margir af helstu lífeyrissjóðum landsins, en lokað verður fyrir áskrift fjárfesta að sjóðnum með haustinu.

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er sagður lokaður fagfjárfestasjóður sem Rekstrarfélag verðbréfasjóða Íslenskra verðbréfa (ÍV) rekur. „Sjóðurinn fjármagnar fullbúið atvinnuhúsnæði með löngum verðtryggðum skuldabréfum og veitir fjárfestum því aðgang að vel dreifðu safni veðskuldabréfa," segir í tilkynningu Virðingar, en fjárfestingarráð sjóðsins skipa Baldur Vilhjálmsson, sjóðsstjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Stafa, og Friðjón Rúnar Sigurðsson. „Friðjón verður formaður fjárfestingarráðsins en hann hefur fimmtán ára reynslu í rekstri lífeyrissjóða og annarra sjóða."

Haft er eftir Friðjóni Rúnari að nú sé rétti tíminn til að fara af stað með sjóð sem þennan, þegar aðgengi að lánsfjármagni sé erfitt. Hann segir viðtökur hafa verið góðar og aðstandendur sjóðsins bjartsýna á að fleiri fjárfestar bætist í hópinn á næstu mánuðum.



**VIRÐINGARVEFURINN** Virðing hefur lokið fyrsta áfanga fjármögnunar nýs lokaðs fagfjárfestasjóðs sem fjármagna á fullbúið atvinnuhúsnæði.

**- óká**

# Óbreytt verð - engar hækkanir!

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR




**LINE**
Hvítt lakkað háglans, höldurlaus




**COUNTRY**
Fulningur - hvítt lakkað, háglans



**HORIZONTAL**
Amerísk hnota spónlögð



**DUCALE**
Ljós eik - innfelld handföng

## ...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum

Töfra hornskápur



BLUM mjúklokandi skápahurðir





BLUM fullútdraganlegar og mjúklokandi skúffur
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm



Búr skápur

Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum





Glerskápar með ljósi í botni

Hálfmáni hornskápur



## Til afgreiðslu af lager

Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dýpri umræða um Evrópusambandið:

## Mótrökin

ÞORSTEINN PÁLSSON

Vaxandi áhugi almennings á að ræða hugsanlega aðild að Evrópusambandinu hefur dýpkað umræðuna þar um. Af hálfu þeirra sem andvígir eru hvers kyns hugmyndum af því tagi er nú teflt fram fleiri rökum en áður. Það er bæði mikilvægt og óhjákvæmilegt til þess að unnt verði að lokum að leggja yfirvegað og heildstætt mat á álitaefnið.

Auk sjávarútvegshagsmunanna eru það einkum tvenns konar röksemdir sem upp á síðkastið er beitt gegn aðildaráformum. Annars vegar er sagt að ekki megi semja í veikri efnahagsstöðu. Hins vegar er því haldið fram að aðild væri svik við málstað og hugsjónir Jóns forseta. Þessar röksemdir verðskulda að sjálfsögðu umræðu.

Fyllilega er réttmætt að meta hvort í núverandi efnahagsstöðu felist meðrök eða mótrök. Við það mat má gjarnan horfa til þess þegar síðasta efnahagssveifla var á hátindi. Þá voru þau rök færð fram að gott árferði í þjóðarbúskapnum gæfi ekki tilefni til að leiða hugann að Evrópusambandsaðild.

Kjarni málsins í þessu tilliti er sá að út frá því langtíma hagsmunamati sem ræður ákvörðun af þessu tagi skiptir ekki máli hvort efnahagssveiflan er í djúpum dal eða hæstu hæðum. Hátindarnir eru jafn slæmir og lægðirnar. Vandi hagkerfisins felst í því að of lítil mynt getur ekki tryggt viðunandi stöðugleika á frjálsum og opnum alþjóða peningamarkaði. Við því þarf að bregðast.

Hitt er svo satt og rétt að nokkurn tíma mun taka að koma þjóðarbúskapnum aftur í það horf að Ísland uppfylli aðildarskilyrði Evrópusambandsins. Engin ástæða er til að taka endanlega ákvörðun fyrr en það hefur verið gert. Það breytir hins vegar engu um að skynsamlegt getur verið að draga ekki úr hömlu að setja niður það strik sem sigla á eftir. Niðurstaðan er sú að í skírskotun til núverandi efnahagslægðar felast ekki gild mótrök gegn því að það strik verði sett.

Þegar kemur að því að meta hvort í Evrópusambandsaðild felist brigð við sjálfstæðisbaráttu nítjándu aldar er rétt að hafa í huga að afrek Jóns Sigurðssonar fólst ekki síst í því að gera Ísland að þátttakanda í þeirri hreyfingu í Evrópu sem á þeim tíma færði fólki aukin lýðréttindi og nokkurt verslunarfrelsi. Honum auðnaðist að gera evrópska hugsjónabaráttu að íslenskum veruleika.

Svipaða sögu má segja um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og fríverslunarsamtökunum á fyrsta aldarfjórðungi lýðveldistímans. Þau samtök voru á sinn hátt nýtt form á samvinnu þjóða um verndun þeirra hugsjóna er lúta að lýðréttindum og verslunarfrelsi. Flestum var ljóst að aðild Íslands að þessu alþjóðasamstarfi var aðlögun að nýjum veruleika og hluti af eðlilegri framvindu mála í Evrópu.

Eigi að síður máttu þeir sem forystu höfðu um fulla þátttöku Íslands í þessari nýju samvinnu Evrópuþjóða og samstarfi þeirra við þjóðir Norður-Ameríku sæta ámæli fyrir svik við hugsjónir Jóns Sigurðssonar. Þær fullyrðingar leiddu til hatrammra deilna. Í búð reynslunnar hafa menn hins vegar fengið það svar að slíkar ásakanir voru með öllu tilefnislausar. Niðurstaðan er því sú að andmæli af þessu tagi eru hvorki fersk né gild rökfærsla.

Evrópusambandið er örugglega ekki endastöð í evrópskri þróun. En það er fullkomlega eðlilegur farvegur til að tryggja þá íslensku hagsmuni er hvíla á sömu grundvallargildum sem fyrr. Aðildarspurningin snýst fyrir þá sök um eðlilega þátttöku í framrás tímans í því samfélagi þjóða sem næst standa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Borgaralegur eða ekki

Fyrr á árinu bloggaði Kristján B. Jónasson bókmenntafræðingur um Kiljuna og sagði umsjónarmanninn, Egil Helgason, hafa „borgaralegt“ viðhorf til skáldskapar. Egill tók það óstinnt upp og sagðist ekki einu sinni viss um hvað það þýddi að vera borgaralegur. Nú hefur hann greinilega komist að því. Í nýlegri færslu segir Egill Lesbók Morgunblaðsins vera athvarf póstmódernista og kreddufullra umhverfisverndarsinna – viðhorfa „sem eru býsna fjarri því borgaralega blaði sem Mogginn hefur frá upphafi talið sig vera“. Og virðist sem Agli hugnist betur að vera borgaralegur en hitt eftir allt saman.



### Furðulegur skilningur

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins furða sig á skilningi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í Silfri Egils á sunnudag sagði hún eitthvað á þá leið að aðild að ESB væri ekki útilokuð á kjörtímabilinu enda væri ekki kveðið á um það í stefnuyfirlýsingunni. Er bent á að yfirlýsingin lúti að því sem á að gera en ekki því sem ekki eigi að gera.

### Illur grunur

Guðni Ágústsson og Geir H. Haarde þrættu á Alþingi í gær. Guðni sagði ríkisstjórnina vanhæfa og ætti að segja af sér. Geir svaraði að stundum grunaði hann að Guðni skildi ekki eðli þeirra mála sem ríkisstjórnin væri að fást við. Skyldi Geir hafa grunað það lengi? Guðni var nefnilega ráðherra í átta ár í ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Er ekki ábyrgðarhluti að styðja menn til ráðherraembættis sem skilja ekki „eðli hlutanna“ sem ríkisstjórn þarf að fást við?



bergsteinn@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Að standa með sjálfum sér



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Kaup og kjör

Ung vinkona mín er þessa dagana að ljúka háskólanámi. Hún er sjálfstæð móðir, dugleg og hæfileikarík og útskrifast samtímis í tónlistarnámi frá annarri menntastofnun. Fyrir skömmu var auglýst álitlegt starf í opinberri stjórnsýslu sem hún sótti um og var boðið að koma í viðtal. Tveir skólabræður hennar voru þegar búnir að fá sams konar störf og áður en hún fór í viðtalið kynnti hún sér hvaða laun þeir hefðu farið fram á og fengið.

Starfsmannastjórinn reyndist vera fagleg, blátt áfram og viðfelldin kona. Hún hafði skoðað umsókn hennar, meðmæli, menntun og starfsferil og þótti nokkuð til um. Sagði að þekking á því sem hún hefði sérhæft sig í kæmi sér afar vel fyrir þessa stofnun og lýsti umbúðalaust yfir áhuga á að fá hana til starfa.

Vinkona mín var að vonum ánægð með þessar móttökur. Þegar þar kemur í samtalinu að hún er spurð hvaða væntingar hún hafi um laun og fríðindi, nefnir hún upphæðina sem hún veit að skólabræður hennar hafa í laun. Konan horfir á hana eins og hún hafi látið út úr sér einhverja fjarstæðu og segir vinsamlega að þau hafi allt aðrar hugmyndir um launagreiðslur. Þessi upphæð komi ekki til greina.

Unga konan sagðist vita hvað skólabræðrum hennar væri borgað og hún sæi ekki ástæðu til að fara fram á lægri laun en strákarnir. Eftir að hafa spjallað um málið fram og aftur kveður umsækjandinn með vinsemd og segir málið í höndum starfsmannastjórans.

Ekki er haft samband við hana aftur og skömmu síðar fréttir hún að búið sé að ráða í stöðuna.

### Jafningjaspjall

Þó að þessi unga kona hafi staðið fast á sínu, er hún raunsæ í betra lagi og með ríka ábyrgðarkennd. Hún er með barn á framfæri og missir núverandi húsnæði þegar námi lýkur. Þegar raddir fara að heyrast um að erfitt geti orðið fyrir ungt fólk að fá góð störf vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í þjóðfélaginu, segir hún við fjölskyldu sína að sá möguleiki sé greinilega inni í myndinni að hún fái ekki vinnu á næstunni. Hins vegar hefði hún ekki með nokkru móti getað brugðist öðruvísi við. Hún hefði aldrei sæst við sjálfa sig ef hún hefði þegið lægri laun en skólabræður hennar hjá sama vinnuveitanda. Með því hefði hún brugðist sjálfri sér. Og reyndar konum almennt, bætti hún við.

Nokkrum dögum síðar sér hún auglýst starf hjá annarri stofnun í opinberri stjórnsýslu. Stofnun sem hún hefur mikinn áhuga á að starfa hjá. „Þetta er draumastarfið,“ segir hún spennt. Hún sækir um og er boðið í viðtal. Þegar hún mætir taka á móti henni karl og kona, forstjórinn og starfsmannastjórinn. Þau ræða við hana um menntun hennar og reynslu, sem og starfsemi og stefnu stofnunarinnar.

Karlinn, sem er forstjóri, segir henni meðal annars að hjá þeim sé fjölskyldustefna og sveigjanlegur vinnutími.

Áhugi ungu konunnar á stofnuninni verður síst minni eftir viðtalið, en hún veit að margir hafa sótt um starfið og væntanlega rætt við alla umsækjendur. Þegar vika er liðin án þess að haft sé samband við hana aftur, gerir hún ráð fyrir að búið sé að ráða í stöðuna. En þá er hringt.

Aftur fer hún á staðinn, er boðin staðan og lýst ánægju með að fá hana í hópinn. Umræður um kaup og kjör ganga greiðlega og góð sátt um þau. Vinkona mín er í sjöunda himni en vill koma hreint fram.

– „Þið vitið að ég er ein með lítið barn?“ spyr hún.

Karlinn telur það engan mínus og ítrekar fjölskyldustefnu stofnunarinnar.

– „Við látum þig hafa ADSL-tengingu svo að þú getir unnið heima ef aðstæður kalla á það,“ segir hann. Unga konan hlakkar til að hefja störf með þessu fólki. Hún segir mikinn mun á því hvernig konan í fyrra viðtalinu talaði við hana og tvímenningarnir í seinna viðtalinu. Ekki síst karlinn. Þau hefðu talað af þekkingu og sýnt áhuga á starfsreynslu hennar og áherslum í námi. Þetta hafi verið jafningjaspjall.

### Ekki bandamenn

Þessi reynsla konu sem er að hefja sinn formlega starfsferil minnir á tvennt: Annars vegar að konur eru ekki endilega bandamenn annarra kvenna þegar kemur að launum og metorðum. Það lýsir sér fremur í því hvað stafsmannastjóranum þóttu þetta fráleitar kröfur, en hinu, að þessi laun væru ekki í boði.

Hitt, sem er þó sýnu mikilvægara og merkilegra, er að hafa þrek til að standa með sjálfum sér. Ekki aðeins í því samhengi sem hér er til umfjöllunar, heldur í lífinu sjálfu. Annað fólk kemur og fer í lífi manns, en maður situr uppi með sjálfan sig ævina á enda. Og það er hæpið að raunveruleg virðing gagnvart öðrum risti djúpt hjá þeim sem ekki getur borið virðingu fyrir sjálfum sér.

## Ráðist að grunnstoðum

UMRÆÐAN

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, Falasteen Abu Libdeh, Felix Bergsson og Stefán Jóhann Stefánsson skrifa um mannréttindaráð Reykjavíkur.

Nú þegar Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar hefur sagt upp störfum vinnur enginn á mannréttindaskrifstofu borgarinnar. Ráðningarbann hefur verið sett á skrifstofuna sem þó hefur frá því í janúar samþykkta fjárheimild fyrir þremur stöðum, auk stöðu mannréttindastjóra. Nú tilkynnir Ólafur F. Magnússon að það eigi að hagræða í rekstri borgarinnar og hann byrjar á niðurskurði í mannréttindamálum. Í þessari stöðu kristallast áherslumunur Tjarnarkvartettsins og núverandi meirihluta Ólafs og sjálfstæðismanna. Við teljum að mannréttindaskrifstofa eigi að vera ein af grunnstoðum í nútímalegu stjórnkerfi. Núverandi meirihluti telur hins vegar mannréttindamálin léttvæg.

Hlutverk mannréttindaskrifstofu er að framfylgja mannréttindastefnu borgarinnar sem snýr helst að jafnrétti kynja, innflytjendum, fötluðum, samkynhneigðum, öldruðum og börnum. Hún á að vinna þvert á stofnanir borgarinnar. Stofnun skrifstofunnar hefur verið baráttumál í mörg ár. Hún er hluti af því að dýpka jafnréttishugtakið. Verkefnin eru óþrjótandi. Þessi árás á málaflokkinn ýtir honum út í horn.

Fyrir síðustu kosningar sungu sjálfstæðismenn í kór að það „skipti engu máli hver stýrði jafnréttismálum í borginni“ – allir flokkar vildu jafnrétti. Hinn 16. maí 2006 samþykktu þeir ásamt Ólafi F. og öðrum flokkum í borgarstjórn metnaðarfulla mannréttindastefnu Reykjavíkur. Svo fengu þau valdið – og skera nú niður.

Sú óstjórn sem nú ríkir hjá meirihlutanum í borgarstjórn er nú komin á það stig að þeim tekst ekki að halda grunnstarfsemi borgarinnar gangandi, ekki einu sinni þeirri starfsemi sem á að tryggja framgang mannréttinda. Áður en Sjálfstæðisflokkurinn tók við völdum voru jafnréttismálin í borginni öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni. Í dag ríkir algjört neyðarástand í málaflokknum, þökk sé Sjálfstæðisflokknum og Ólafi F. Magnússyni.

Nú er mál að linni. Það er engum greiði gerður með áframhaldandi óstjórn áttmenninganna í borgarstjórn. Þeim hefur á stuttum tíma tekist með vanrækslu og getuleysi að gera enn eina af grunnstoðum borgarinnar óstarfhæfa.

*Höfundar eru aðal- og varafulltrúar Samfylkingarinnar í mannréttindaráði Reykjavíkur.*

**SJÁANLEGUR ÁRANGUR**
Combat Conditioning er líkamsræktarnámskeið sem er kennt hjá Mjölni og er hugsað fyrir þá sem vilja ná hámarksárangri í líkamsþjálfun.
HEILSA 2



**STÆRÐIN MIKILVÆG**
Brjóstahaldari af réttri stærð sem veitir nægilegan stuðning getur komið í veg fyrir bakverki hjá konum með stór brjóst.
HEILSA 3





HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
ATH . verðið kemur á óvart
Verðdæmi: Sófar 3+1+1 = 99.900 kr
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Sif er markaðsstjóri viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands og stundakennari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ræktin skráð í dagbókina

***Í annasömum hversdeginum situr heilsan oft á hakanum. Sif Sigfúsdóttir skipuleggur heilsuræktina innan um fundi í dagbókina sína.***

Sif Sigfúsdóttir situr fundi og eyðir talsverðum tíma fyrir framan tölvuna í starfi sínu sem markaðsstjóri viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Hún segir nauðsynlegt að skipuleggja sig og gefa sér tíma til að sinna heilsunni.

„Ég er líka stundakennari í HÍ og svo er ég varaborgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sit í velferðarráði Reykjavíkurborgar svo þetta eru margir fundir," segir Sif brosandi. „Það þarf virkilega að gefa sér tíma fyrir heilsuna og skrifa hann niður í dagbókina eins og hvern annan fund, annars verður ekkert úr þessu."

Sif á kort í Hreyfingu og segir gott að koma þangað að æfa. Krakkarnir geti komið með því góð aðstaða sé fyrir þau þar sem þau geta verið á meðan foreldrarnir púla. Undanfarið segist Sif þó hafa slegið slöku við en nú er hún í sérstöku átaki.

„Mér finnst gott að koma mér af stað með því að byrja í svona átaki. Þessa dagana er ég á sex vikna námskeiði í Grand Spa og mæti þar á hverjum degi í klukkutíma sem er mjög hressandi. Á námskeiðinu er mataræðið líka tekið fyrir og svo eru þrekæfingar þrisvar í viku og tvisvar í viku æfum við með lóð."

Hún segir alla fjölskylduna taka þátt í átakinu í mataræðinu og búið sé að skipta sykrinum út fyrir lífrænt síróp og lífrænir hafrar notaðir í hafragrautinn sem bragðist miklu betur fyrir vikið. Auk þess fer fjölskyldan út að hjóla í góða veðrinu en dæturnar tvær, fjögurra ára og átta ára, eiga sín hjól.

„Það er rosa gaman að hjóla í Reykjavík. Við fjölskyldan hjólum oftast meðfram Sæbrautinni niður á Kirkjusand. Það er mjög skemmtileg leið og fallegt í kringum Listasafn Sigurjóns. Það er eini staðurinn í Reykjavík þar sem vaxa villtar baldursbrár á sumrin."

*heida@frettabladid.is*

Slitsterk og endingargóð gúmmíbelti undir flestar gerðir mini og midi beltavélar


VÉLAVER HF
www.velaver.is
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600

APRÍL
Kafbátur mánaðarins
Krabbabátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í apríl 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY
17
Subway staðir um allt land




**Útihlaup** eru tilvalin líkamsrækt. Litlu þarf að kosta til og einfaldast að hlaupa bara út um dyrnar heima hjá sér og taka einn hring í hverfinu.




Það er fátt annað hægt en að taka virkilega vel á því í Combat Conditioning-tímunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þjálfun sem virkar

***Hjá Mjölni er hægt að æfa margt sem tengist bardagalistum. En þar er einnig að finna Combat Conditioning, sem er námskeið fyrir alla sem vilja ná hámarksárangri í líkamsþjálfun.***

„Combat Conditioning er námskeið fyrir alla sem vilja ná hámarksárangri í alhliða líkamsþjálfun. Æfingarnar eru mjög fjölbreyttar, alltaf er vel tekið á og fjölmargir hafa sýnt hreint ótrúlegan árangur á stuttum tíma,“ segir Arnar Freyr Vigfússon yfirþjálfari, sem er einn af nokkrum sem reka íþróttafélagið Mjölni. Hann hefur nú í eitt ár verið umsjónarmaður líkamsþjálfunarinnar Combat Conditioning sem hefur vakið athygli og notið mikilla vinsælda.

„Þetta er hugsað fyrir alla og nýtist í raun öllum sem stunda íþróttir af krafti og vilja bæta vöðvamassann, sprengjukraftinn, vöðvaþol og úthald. Við settum þetta námskeið á laggirnar fyrir rúmu ári. Þetta fór hægt af stað í byrjun en núna hefur orðið mikil aukning og gengur mjög vel.“

Arnar Freyr segir að Combat Conditioning sé ekki bara fyrir stráka því margar stelpur æfi líka af krafti. „Flestir ef ekki allir sem hafa stundað Combat Conditioning hafa sýnt ótrúlegan árangur og hann má sjá strax á fyrsta mánuði.“ Stemningin í salnum er mikil þar sem tónlist ómar og þjálfararnir hvetja iðkendur áfram. „Hjá okkur eru einstaklingar sem hafa misst nokkra sentímetra í mitti, stækkað vöðva og minnkað í fituprósentu, allt á einum mánuði. Margir náðu þessum árangri án þess að breyta um mataræði og þess háttar. Þetta segir allt sem segja þarf um hversu vel Combat Conditioning virkar,“ segir Arnar Freyr.

Hægt er að mæta í tíma alla virka morgna og kvöld og því ætti hver og einn að finna tíma sem hentar vel. Frekari upplýsingar um Combat Conditioning er að finna á heimasíðunni www.mjolnir.is.

*mikael@frettabladid.is*


Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**29. apríl kl. 18:00 - 21:00**
**Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Kornráðsdóttir heilsukokkur*

**30. apríl kl. 20:00 - 22:00**
**Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*

**Heilsunámskeið dagana 30. apríl - 4. maí.**
**Viltu lifa heilbrigðu lífi - en veist ekki hvernig þú átt að byrja?**
*Umsjón Edda Björgvins leikkona*
*Upplýsingar www.madurlifandi.is*



Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 22.980,-
eða 7.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



Betri heilsa
Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?
svæðanudd gæti hjálpað þér
Ásta svæðanuddari
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367



Borðaðu þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is



„Aldrei verið hressari!“



Original Arctic Root
Ein vinsælasta lækningajurt heims
Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.
Vinnur gegn streitu og álagi
Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.
Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005
Fæst í apótekum og heilsubúðum.
Original Arctic Extract
heilsa –hafðu það gott



# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Garðurinn – Leikvöllur

Börn sem leika sér úti eru að jafnaði hraustari en þau sem hanga mikið inni við. Hreint loft og átök við náttúruleg efni eru uppbyggjandi fyrir alla, jafnt börn sem fullorðna. Ef aðstaða er til að koma fyrir sandkassa er það þess virði því sandurinn er eins og leir fyrir hugmyndaflug barnsins. Úr sandi má allt gera og ímyndunaraflið fær algerlega lausan tauminn. Það þarf ekki meira en svalir til að koma fyrir litlum sandkassa.

Mikilvægt er þó að leiktækin fylgi þroska barnsins sem best og öryggi sé alltaf sett á oddinn. Leiktæki úr þykku plasti geta ekki talist umhverfisvæn og brotna seint eða aldrei niður. Viðurinn stendur aftur á móti alltaf fyrir sínu og er auk þess endurvinnanlegt efni. Þegar sandkassinn eða kofinn hafa þjónað tilgangi sínum má alltaf gera eitthvað annað úr þeim.

*www. natturan.is*



**Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund**



Konur sem ekki ganga í réttri stærð af brjóstahaldara eru líklegri til þess að þjást af bakverkjum.

# Rétt stærð nauðsynleg

***Stórbrjósta konum sem þjást af bakverkjum er ráðlagt að fara í brjóstahaldaramátun áður en þær taka ákvörðun um að fara í brjóstaminnkun.***

Í síðustu viku bauð fyrirtækið Bravissimo, sem sérhæfir sig í framleiðslu brjóstahaldara fyrir stórbrjósta konur, 250 konum sem starfa á Royal Free-spítalanum í London brjóstahaldaramátun.

Í ljós kom að hjá flestum dró úr bakverkjum við að klæðast brjóstahaldara í réttri stærð, en flestar konur sem fara í brjóstaminnkun segja bakverki meginástæðuna.

Skýringuna er oft að finna í röngum brjóstahöldum en konur virðast ofmeta ummálið og vanmeta skálastærðina, sem gerir það að verkum að allur þunginn færist á axlirnar í stað þess að brjóstahaldið styðji við sjálf brjóstin.

Framvegis mun öllum konum sem vísað er á spítalann til að kanna möguleika á brjóstaminnkun verða boðið í brjóstahaldaramátun hjá sérfræðingi. *- ve*

„30.000 blaðberar leita sér að húsnæði“
segja útgefendur Fréttablaðsins

# Spítalaferðin undirbúin

***Það getur verið erfitt fyrir ung börn að fara á sjúkrahús eða heilsuverndarstöðvar.***

Með nokkrum aðferðum er hægt að undirbúa barnið fyrir þessar heimsóknir.

Áður en lagt er af stað skal útskýrt fyrir barninu hvað kom fyrir, hvað hugsanlega gæti verið að og að barnið þurfi læknishjálp.

Séu börnin mjög ung er gott að nota bækur, myndir eða sögur til þess að útskýra aðstæðurnar.

Leyfa ætti barninu að hafa hlut með sér að heiman, til dæmis bók, mynd, leikfang eða tónlist, allt til að láta barninu líða betur. Gott er að lesa sögu fyrir barnið um ferð á spítalann.

Á spítalanum eða hjá sjálfum lækninum er gott að reyna að dreifa huga barnsins með því að syngja fyrir eða spjalla við það. Gott er líka að hlusta saman á tónlist eða lesa í bók. *- mmr*



Sniðugt getur verið að leyfa börnunum að hafa með sér bangsa á sjúkrahúsið.

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið



Kostir brjóstagjafar eru margir.

# Dregur úr hættu

***Meirihluti kvenna gerir sér ekki grein fyrir því að brjóstagjöf geti dregið úr hættu á sjúkdómum.***

Í nýlegri rannsókn á vegum Alþjóða krabbameinsrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að 75 prósent kvenna hafa ekki vitneskju um að brjóstagjöf geti dregið úr líkum á brjóstakrabbameini. Svipað hlutfall veit ekki að börn sem hafa verið á brjósti eiga síður á hættu að glíma við offitu síðar á ævinni.

Þessar niðurstöður eru á skjön við æ fleiri rannsóknir sem styðja ágæti brjóstagjafar í baráttunni við ofangreinda sjúkdóma. Alþjóða krabbameinsrannsóknarstofnunin hyggst bregðast við með fræðsluátaki. *- ve*

ÓBREYTT VERÐ!
HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound



Dot er góður punktur fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.

dot by ReSound



HEYRNARMÆLINGAR
HEYRNARVERND
HEYRNARTÆKI
RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600

Heyrnarþjónustan Heyrn, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is





## Sólskálar


## Svalalokanir


## Svalaskjól


## Gluggar


## Hurðir


## Reyrhúsgögn


## Rennihurðir


-Stofnað 1984-

www.solskalar.is

Sími: 554 4300

Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ

Gluggar & Garðhús ehf

# Snuddað á vinnustofum listafólks

Átján myndlistarmenn í Kópavogi munu opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi helgina 3. til 4. maí. Ingiberg Magnússon á Gilsbakka við Vatnsenda er einn þeirra, en hann hefur fengið Íslendinga heim í hlað frá upphafi Kópavogsdaga.

„Mér finnst þetta ágætis tilbreyting og gott framtak af bæjarfélaginu að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Ég hef haft mikla ánægju af heimsóknum á vinnustofuna og þetta verður þó til þess að maður tekur til hjá sér einu sinni á ári, að minnsta kosti, og hengir myndir á veggi sem annars standa í hrúgum,“ segir Ingiberg, sem er jafnframt kennslustjóri listnámsbrautar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, þar sem hann tekur veðrið utan við afskekktan bæ sinn við Elliðavatn, en þar hefur hann búið í þrjátíu ár.

„Þetta hefur mælst ákaflega vel fyrir og þótt hingað streymi ekki múgur og margmenni, koma alltaf nokkrir tugir manns í heimsókn. Flestir stoppa dágóða stund, spjalla og skoða, og ég hef tekið eftir að í hópi þeirra sem koma eru alltaf nokkrir sem fara á alla staðina. Oftar en ekki er það fullorðið fólk sem hefur orð á því að það sé nú rétt að byrja og ætli að taka allan daginn í vinnustofurúnt og hefur greinilega mikla skemmtun af þessu,“ segir Ingiberg, sem býður upp á léttar veitingar fyrir listelska gesti. *- þlg*



Ingiberg Magnússon myndlistarmaður á vinnustofu sinni heima á Gilsbakka við Vatnsenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Opin hús listamanna

**Art 11**
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi
**Skruggusteinn**
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi
**Himneskir herskarar**
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi
**Art Iceland**
Auðbrekku 6, 200 Kópavogi
**25 Stúdíó**
Auðbrekku 6, 200 Kópavogi
**Jónas Bragi Jónasson**
Auðbrekku 7, 200 Kópavogi
**Hústaka á lögreglustöðinni**
Auðbrekku 10, 200 Kópavogi
**Rannveig Tryggvadóttir**
Álfhólsvegi 73, 200 Kópavogi
**Karl Jóhann Jónsson**
Grenigrund 18, 200 Kópavogi
**Kristín Þorkelsdóttir - Gallery**
Lindarhvammi 13, 200 Kópavogi
**Grímur M. Steindórsson**
Áhaldahúsi Kópavogs, Álalind 1, 201 Kópavogi
**Ingiberg Magnússon**
Gilsbakka við Vatnsenda, 203 Kópavogi



Sigurrós Þorgrímsdóttir er formaður lista- og menningarráðs Kópavogs. Hún vonast eftir miklum gestagangi í hjarta Kópavogs dagana 3. til 11. maí, en þá verða Kópavogsdagar haldnir með pompi og prakt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Veisla á menningarhæðinni

**Laugardaginn 3. maí verður blásið í fagnandi lúðra á Holtinu, menningarhæð Kópavogs. Dagurinn markar upphaf Kópavogsdaga sem er lifandi og framsækin menningarveisla í hinum blómlega kaupstað Kópavogi. Eru landsmenn allir hvattir að mæta.**

„Töfrar Kópavogs felast í kaupstaðarbragnum sem enn heldur velli í þessum unga bæ, en ekki síst samkenndinni sem ríkir meðal fólks þrátt fyrir mikla nálægð við höfuðborgina sem iðar af lífi aðeins fáeinum fótsporum frá bæjarlæknum. Þannig kviknaði líka hugmyndin að Kópavogsdögum. Við vildum hlúa að íbúum Kópavogs og leyfa þeim að finna að þeir tilheyra ungu, sterku og sjálfstæðu sveitarfélagi, um leið og við kynntum þá enn betur fyrir eigin kaupstað,“ segir Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður lista- og menningarráðs Kópavogs, þar sem hún nýtur kyrrðar og vorblíðu í garðinum heima.

Kópavogur hefur verið heimabær Sigurrósar síðastliðin þrjátíu ár.

„Þegar ég flutti hingað voru móar í kring og hestar á beit í dalnum. Hér hefur mér alla tíð liðið vel og engin klisja að gott sé að búa í Kópavogi; það er einfaldlega sannleikur,“ segir Sigurrós, sem er forseti bæjarstjórnar og hlakkar mikið til að hitta samborgara sína í viðamiklum hátíðahöldum Kópavogsdaga.

„Á þessari hátíð viljum njóta samveru við sem flesta. Meginmarkmið daganna er að kynna mýmargar lista- og menningarstofnanir Kópavogs fyrir Íslendingum á öllum aldri. Við höfum frá upphafi haft það sama að leiðarljósi; að leiða saman unga sem aldna með skemmtilegum viðburðum við allra hæfi. Til þess nýtum við söfn og menningarstofnanir til hins ítrasta, en förum líka út í leik- og grunnskólana með leiksýningar og fleira skemmtilegt,“ segir Sigurrós sem vonar að landsmenn líti á Kópavog sem menningarbæ, fyrst og fremst.

„Undanfarin ár höfum við gert mikið í því að efla menningarlíf og erum hvergi hætt. Hér er mikið af listasöfnum, margir bestu listamenn þjóðarinnar búa í Kópavogi, Náttúrustofan er frábær og Salurinn einstakur í sinni röð. Punkturinn yfir i-ið verður Óperan sem fyrirhugað er að rísi á Listatúninu, en menningarstofnanir okkar standa allar á Holtinu sem er okkar menningartorfa og hjarta Kópavogs,“ segir Sigurrós, sem hvetur alla til að njóta hátíðahalda Kópavogsdaga sem enda á afmælisdegi bæjarins, 11. maí.

„Laugardaginn 3. maí blásum við í lúðra og bjóðum til fjölbreyttrar menningarveislu í söfnum, á Listatúni og Hálsatorgi. Alla vikuna verða spennandi viðburðir í boði, en einnig opnar Ungmennahúsið starfsemi fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára, sundlaug Kópavogs verður opnuð eftir stækkun og stúkan á Kópavogsvellinum verður vígð. Síðast en ekki síst tilnefnum við heiðurslistamann Kópavogs og úthlutum styrkjum lista- og menningarráðs til listamanna.“ *- þlg*

# Haldið inn í risahvelfingu

Gönguferð á Þríhnúkagíg verður farin sunnudaginn 4. maí í fylgd með Hilmari Malmquist, forstöðumanni Náttúrufræðistofu Kópavogs. Farið verður á einkabílum frá Náttúrufræðistofunni klukkan 13.30 upp í Bláfjöll og hist klukkan 14 við gönguslóðann sem liggur upp í Grindarskörð.

„Þaðan ætlum við að ganga upp að Þríhnúkagígi og skoða svæðið þar í kring en ég geri ráð fyrir að ferðin taki um fjóra klukkutíma,“ segir Hilmar. Gangan er farin í tengslum við áætlanir um að gera svæðið aðgengilegra fyrir ferðamenn. Sú hugmynd kom upphaflega frá Árna B. Stefánssyni, augnlækni og hellakönnuði, og hefur smám saman undið upp á sig.

„Hugmynd Árna fólst í því að gera göng inn í gíginn sem mundu leiða ferðamenn út á útsýnispall inni í miðjum gígnum,“ útskýrir Hilmar. „Gígurinn er um 200 metra djúpur og mjög stór en þetta er einn stærsti gígur sinnar tegundar í heiminum.“

Hilmar lýsir gígnum eins og tómri gosrás þar sem efsti hluti eldstöðvarinnar hefur tæmst þegar gosið hætti og skilið eftir risahvelfingu. Hellirinn er einstakur og líklega annar stærsti hellir sinnar tegundar á jörðinni.

Árið 2004 hóf verkfræðistofan VSO Ráðgjöf rannsóknir á aðgengi við Þríhnúkagíg og hillir nú undir lok úttektarinnar en endanleg kynning á verkefninu er áætluð í haust.

Miðvikudaginn 7. maí mun þó Einar K. Stefánsson verkfræðingur halda fyrirlestur um verkefnið í fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs. Fyrirlestur Einars hefst klukkan 17 og er aðgangur ókeypis eins og önnur dagskrá Náttúrufræðistofu á Kópavogsdögum.

„Dagskráin hjá okkur verður fjölbreytt en meðal annars verður flutt erindi um hlýnun Elliðavatns en við höfum verið á kafi í rannsóknum á lífríki vatna úti um allt land,“ útskýrir Hilmar.

Auk þess mun starfsfólk Náttúrufræðistofu flytja ævintýri um Val hval en það er fróðleikur og skemmtun fyrir börn í máli og myndum um sjávarspendýr. „Við verðum einnig í samstarfi við Bókasafn Kópavogs og þar verður lesin saga fyrir börnin sem tengist þessu efni. Svo enda krakkarnir á því að fara á hvalbak á uppblásnum gúmmíhályrningi í fullri stærð hér á Náttúrufræðistofu. Hér verður því nóg um að vera,“ segir hann. *- rat*



Gengið verður um svæðið kringum Þríhnúkagíg á sunnudaginn og hvelfingin skoðuð. MYND/VSO RÁÐGJÖF




the
PIER

glæsileg og framandi húsgagna- og gjafavöruverslun

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN

G.T. ÓSKARSSON
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania



Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is



Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



DAGSKRÁ LEIKSKÓLA Í KÓPAVOGI



| | |
|---|---|
| Maí | **Arnarsmári** Myndlistarsýning í Gullsmára og heilsugæslustöðinni Hvammi. Sýningin stendur allan maímánuð. |
| 3.-9. maí | **Fífusalir** Vettvangsferðir í menningarstofnanir Kópavogs. Roðasalir heimsóttir og sungið fyrir íbúa. Sýning á verkum barnanna í Nettó, heilsugæslustöðinni Salahverfi og sundlauginni í Versölum. |
| 3. maí | **Rjúpnahæð** Opið hús kl. 11:00–13:00. Kynning á starfi leikskólans og sýning á verkum barnanna. |
| 6. maí | **Furugrund** Opið hús og kynning á þróunarverkefninu „Dalurinn minn" kl. 9:00–16:00. |
| 6. & 8. maí | **Marbakki** Myndbandsupptöku- og ljósmyndaverkefni kynnt kl. 10:00–11:00. |
| 6.-8. maí | **Fagrabrekka** Foreldradagur á Gulubrekku kl. 15:00. |
| 6.–9. maí | **Hvarf** Opið hús kl. 9:00–11:00 og 13:00–16:00. |
| 7. maí | **Álfatún** Opið hús kl. 9:00–11:00 og 13:00–16:00. Myndlistarsýning, leiksýning og ljóðaflutningur barna. |
| 8. maí | **Baugur** Foreldrakaffi kl. 8:00–10:00. |
| 8. maí | **Kópahvoll** Opið hús og útskrift kl. 15:00–17:00. Sýning á verkum barnanna og söngur. |
| 5.-9. maí | **Kópasteinn** Umhverfisvika þar sem umhverfi skólans verður fegrað. Hugað að haustlaukunum, sett út sumarblóm og settar niður kartöflur. Uppskeruhátíð 9. maí kl. 10:00. |
| 9. maí | **Álfaheiði** Opið hús kl. 9:00–11:30 og 13:30–15:30. Fyrir hádegi sýna börnin dans og syngja nokkur lög. |
| 9. maí | **Smárahvammur** Opið hús kl. 9:00–11:00 og 13:30–15:30. Sýning á verkum barnanna og boðið upp á veitingar. |
| 9. maí | **Dalur 10 ára afmæli** Opið hús kl. 15:00–17:00. Sýning á verkum barnanna, afmælishátíð í garðinum og léttar veitingar. |
| 9. maí | **Grænatún** Sýning hefst á verkum barnanna. |
| 9. maí | **Urðarhóll** Heilsudagur kl. 8:00–10:00. Sýning á verkum barnanna. |
| 9. maí | **Kór** Opið hús kl. 14:00–16:00. Sýning á verkum barnanna, söngatriði, skemmtiatriði, myndbandssýning. Léttar veitingar í boði. |

Dagskráin er hluti af Kópavogsdögum.
Aðra dagskrá má sjá í opnu blaðsins.




Hin nýja menningar- og tómstundamiðstöð ungs fólks við Hábraut 2 í Kópavogi. Starfsemin fer fram á efri hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mótast af frumkvæði og áhugamálum ungs fólks

**Menningar- og tómstundamiðstöð ungs fólks verður opnuð hinn 3. maí. Með opnun hennar er ungu fólki 16 ára og eldra búin vímulaus menningar- og tómstundaaðstaða sem er sérsniðin að þeirra óskum.**



Andri Þór Lefever, sem mun veita menningar- og tómstundamiðstöðinni forstöðu, segir að með tilkomu hennar skapist aðstaða sem hingað til hafi ekki verið fyrir hendi í Kópavogi.

Andri Þór Lefever er forstöðumaður miðstöðvarinnar, sem er til húsa að Hábraut 2, og segir hann lengi hafa vantað aðstöðu fyrir aldurshópinn sextán ára og upp úr.

„Á fimmtíu ára afmæli Kópavogs ákvað bæjarstjórnin að ráðast í að byggja hús fyrir starfsemina og er það gjöf til ungs fólks í bænum," segir Andri. Hann segir megináhersluna verða á starf fyrir fólk á aldrinum 16 til 24 ára og verður það jafnt fyrir námsmenn, fólk á vinnumarkaði sem og aðra.

Markmiðið með menningar- og tómstundamiðstöðinni er margþætt. „Starfið mun þó fyrst og fremst mótast af áhuga og frumkvæði þeirra sem sækja staðinn. Umfram allt er þetta hugsað sem vímulaust umhverfi þar sem fólk getur notið veitinga og samveru með öðru fólki, sinnt áhugamálum sínum og tekist á við ýmis uppbyggjandi verkefni," segir Andri.

Meðal þess sem boðið verður upp á er aðstaða til að stunda listir, sýna afraksturinn og koma sér á framfæri með ýmiss konar menningarviðburðum.

„Ungmennin geta iðkað myndlist, tónlist, leiklist og ritlist. Eins verður boðið upp á aðstöðu til útgáfu af ýmsu tagi með aðgangi að umbrots- og myndvinnsluforritum svo eitthvað sé nefnt," segir Andri.

Í húsinu verður vímuefnalaust kaffihús þar sem hægt verður að kaupa veitingar, hitta vini, lesa bækur og blöð. Eins verður aðgangur að þráðlausu neti og sjónvarpi til að horfa á íþróttaviðburði eða annað sem áhugi er fyrir. „Þá getur fólk sýnt leikrit, verið með uppistand, tónleikahald eða aðra viðburði."

Hægt verður að sækja ýmis námskeið í menningar- og tómstundamiðstöðinni og má nefna ljósmyndunarnámskeið, myndvinnslunámskeið, förðunarnámskeið, fjármálanámskeið og margt fleira. Þá verður mikið lagt upp úr alls kyns fræðslu- og forvarnarstarfi.

„Í sumar verðum við með skapandi sumarstarf, tónlistarhátíð ungs fólks og aðra viðburði en síðan hefst starfsemin að fullu næsta haust," útskýrir Andri.

*- ve*

# Stúkan verður blessuð

Nýja stúkan á Kópavogsvelli er tilbúin og þótt hún hafi verið tekin í gagnið í fyrra verður hún blessuð á Kópavogsdögum 9. maí og almenningi boðið að skoða mannvirkið. Stúkan er kjallari og tvær hæðir og ætluð fyrir 1.360 áhorfendur. Fjórir búningsklefar eru í kjallara ásamt góðum geymslum fyrir vallarbúnað.

Einnig er þar aðstaða fyrir dómara og aðra starfsmenn. Veitingasala er á jarðhæð ásamt salernum, svo og sölustúkum úti. Á efstu hæð er 90 $m^2$ salur með góðu útsýni í allar áttir ásamt blaðamannastúkum og vallarstjórn.



Nýja stúkan á Kópavogsvelli verður blessuð hinn 9. maí.

# DAGSKRÁ

## Gjábakki

### 3. maí – Laugardagur
- 9:00 Krummakaffi - Rjúkandi kaffi og með því.
- 10:00 Laugardagsganga Hana-nú. Létt ganga frá Gjábakka um næsta nágrenni.
- 13:00 Vorsýning. Handunnir nytja- og skrautmunir.
- 14:00–16:30. Vöfflukaffi og handavinnusmiðjur.

### 4. maí – Sunnudagur
- 13:00 Vorsýning. Handunnir nytja- og skrautmunir.
- 14:00–16:30. Vöfflukaffi og handavinnusmiðjur.

### 5. maí – Mánudagur
- 13:00 Lomber og Canasta. Skemmtilegt spil sem spilað var mikið áður fyrr.
- 20:00 Skapandi skrif. Allir velkomnir að kynnast starfsemi hópsins Skapandi skrifa.

### 6. maí – Þriðjudagur
- 10:00–11:00 Gler- og postulínsmálun. Boðið í kennslustund.
- 10:00–16:00 Handavinnustofan, opið fyrir alla, leiðbeinandi á staðnum.
- 14:00 Þriðjudagsgangan. Létt ganga frá Gjábakka um næsta nágrenni.

### 7. maí – Miðvikudagur
- 10:00–16:00 Handavinnustofan, opið fyrir alla, leiðbeinandi á staðnum.
- 13:00 Félagsvist. Aðgangseyrir 100 kr.
- 15:00 Söngfuglar og gítarspil. Allir velkomnir í sönginn.
- 16:30 Bobbspilið. Bobbararnir sýna hvernig á að leika Bobb.
- 18:00–20:00 Dansinn dunar. Allir eru velkomnir. Aðgangseyrir.

### 8. maí – Fimmtudagur
- 9:00 Rammavefnaður. Reyndir sýna handtökin.
- 9:05 og 9:55 Almenn leikfimi, léttar teygjur og æfingar sem auka vellíðan og hamingju.
- 10:00–11:00 Málm- og silfursmíði. Kynning á gerð skartgripa- og nytjahluta úr málmum.
- 13:00 Róleg leikfimi. Sýnt hvernig styrkja má líkamann þrátt fyrir skerta færni.
- 13:00 Bókband. Sýning á réttum handtökum við að binda inn bækur.

### 9. maí – Föstudagur
- 9:30 Boccia. Kennt verður að spila leikinn.
- 10:50 Jóga. Kynning á töfrum jógaiðkunar.

**14:00 Afmælisdagskrá. Gjábakki 15 ára**

Ávörp bæjarstjóra Gunnars Inga Birgissonar, Aðalsteins Sigfússonar félagsmálastjóra og Kristjönu H. Guðmundsdóttur, formanns Félags eldri borgara í Kópavogi. Tónlist frá nemendum í Tónlistarskóla Kópavogs, lestur úr ljóðabók Ljóðahóps Gjábakka og Guðrún Lóa Jónsdóttir syngur. Afmæliskaffi í boði Gjábakka.

- 20:30 Félagsvist. Allir velkomnir. Molasopi. Aðgangseyrir 300 kr.



## Gullsmári

### 3. maí – Laugardagur
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 13:00–17:00 Vorsýning. Handunnir nytja- og skrautmunir.
- 14.00–16.30 Vöfflukaffi og handverkssmiðjur.

### 4. maí – Sunnudagur
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 13:00–17:00 Vorsýning. Handunnir nytja- og skrautmunir.
- 14.00–16.30 Vöfflukaffi og handverkssmiðjur.

### 5. maí – Mánudagur
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 13:00 Bridge. Allir áhugasamir velkomnir.
- 20:30 Félagsvist. Allir velkomnir. Molasopi. Aðgangseyrir 300 kr.

### 6. maí – Þriðjudagur
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 18:15 Jóga. Kynning á töfrum jógaiðkunar.
- 20:00 Leshópur. Stökur og stundargaman í öndvegi. Gestir verða sr. Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur, Ólafur G. Einarsson, fyrrverandi alþingismaður, og Steingrímur Sigfússon alþingismaður. Allir velkomnir.

### 7. maí – Miðvikudagur
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 13:00 Kvennabridge. Allar konur velkomnar til að kynna sér spilið.

### 8. maí – Fimmtudagur
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 10:00–16:00. Handavinnustofan, opið fyrir alla, leiðbeinandi á staðnum.
- 20:00 Nafnlausi leikhópurinn bregður á leik. Stutt, hnyttin atriði sem ættu að kitla hláturtaugar margra. Allir boðnir velkomnir.

### 9. maí – Föstudagur
- 9:15 Jóga. Kynning á töfrum jógaiðkunar.
- 10:00 Morgunganga. Létt ganga frá Gullsmára um næsta nágrenni.
- 10:30 Almenn leikfimi. Léttar teygjur og æfingar sem auka vellíðan og hamingju.
- 20:00–23:00 Dansinn dunar. Harmonikuball með ostaívafi. Aðgangur 500 kr.

**Dagskráin er hluti af Kópavogsdögum. Aðra dagskrá má sjá í opnu blaðsins.**

**Nánari upplýsingar um einstaka dagskrárliði Kópavogsdaga má finna á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500**

# Óskin rætist í Kópavogi

**Barnaleikritið Óskin verður frumsýnt á Kópavogsdögum.**

Ævintýrið Óskin verður frumsýnt á Bókasafni Kópavogs um helgina en leikritið fer síðan í almennar sýningar á leikskólum bæjarins meðan á Kópavogsdögum stendur. Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar býður bæjarbúum upp á sýninguna auk þess sem það styrkti Einleikhúsið við framleiðslu á henni.

„Ævintýrið fjallar um vináttu lítillar stúlku og snjókarls,“ segir Pálmi J. Sigurhjartarson, annar höfunda og tónskáld verksins. „Stelpan heitir Þrúður og vill vera trúður og hittir snjókarl sem er úti í garði. Það er komið vor og snjókarlinn er að fara að bráðna. Hún tekur á það ráð að hjálpa honum að komast upp í fjall til að nálgast snjóinn.“



Þrúður ákveður að hjálpa snjókarlinum að komast upp í fjöll áður en hann bráðnar. MYND/LEIFUR RÖGNVALDSSON

Á vegi þeirra verða ýmsir karakterar eins og úlfur, Grýla skítafýla og Bangsi bestaskinn. Pálmi segir að leikritið fjalli meðal annars um óskir og vísar í einn lagatextann, en þar segir; „Óskir hafa tilhneigingu til að rætast / og rata þangað þar sem þeirra er þörf.“

„Tveir leikarar leika í sýningunni og bregða sér í fleira en eitt hlutverk. Svo taka börnin fullan þátt í að halda atburðarásinni lifandi með því að vísa veginn þegar annar þeirra hverfur,“ segir Pálmi.

Leikarar eru Ásta Sighvats Ólafsdóttir og Sigurður Eyberg, en Myrra Leifsdóttir sér um leikmynd og búninga. Leikritið verður frumsýnt laugardaginn 3. maí klukkan 13 í sal Bókasafns Kópavogs og sýnt aftur sunnudaginn 4. maí á sama tíma. Sýningarnar eru öllum opnar.

„Við hyggjumst svo flytja sýninguna sem víðast í leikskólum landsins. Auk þess sem tilvalið er að sýna skemmtiatriði og syngja lög úr sýningunni við ýmis tækifæri,“ segir Pálmi og bætir við að þeir sem vilji nálgast tónlistina úr leikritinu geti fundið hana á tonlist.is.

*- nrg*



Ævintýrið fjallar um vináttu lítillar stúlku og snjókarls. Myndir eru teknar á æfingu. MYND/LEIFUR RÖGNVALDSSON






Hér má sjá drög að kössunum sem verður komið fyrir á Hálsatorgi. Að Kópavogsdögum liðnum munu þeir verða þaktir listaverkum barna.

# Krítað á kassa

Óvenjuleg myndlistarsmiðja fyrir börn verður opnuð á Hálsatorgi í byrjun Kópavogsdaga.

Gosi og félagar munu opna myndlistarsmiðju á Hálsatorgi, sem er á menningarhæðinni í Kópavogi, hinn 3. maí. Hún verður starfrækt undir stjórn Vals Rafns Valgeirssonar, forstöðumanns félagsmiðstöðvanna Þebu í Smáraskóla og Jemen í Lindarskóla.

Þar verða sex kassar úr krossviðarplötum og verður börnum sem koma á torgið boðið að taka sér krít í hönd og fylla kassana af grafík og myndum, en yfirborð þeirra verður lakkað með það fyrir augum að geta dregið krítina í sig. Útilistaverkin munu síðan standa berskjölduð fyrir veðri og vindum meðan á Kópavogsdögum stendur og taka stöðugum breytingum með nýjum og nýjum listamönnum.

Hugmyndin er komin frá Vali Rafni en hann varð vitni að sambærilegri smiðju í Óðinsvéum í Danmörku í fyrrasumar. Þar var haldin útiskemmtun með barnasirkus og fengu börnin að mála stóra fleka að vild og var útkoman að hans sögn mjög skemmtileg.

Meðan á myndlistarsmiðjunni stendur verða teknar myndir af börnunum að störfum og eins af verkunum eftir því sem þau breytast. Ljósmyndirnar verða síðan framkallaðar, settar í ramma og þeim fundinn góður staður í Kópavogi.

*- ve*

# Heilsuleikskólinn Kór

## auglýsir eftir starfsfólki!

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi leitar að:

- **Deildarstjóra**
- **Sérkennslustjóra**
- **Stuðningi inn á deild**
- **Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki**



Að vinna að uppeldi barna eru forréttindi, að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri. Leikskólinn Kór í Kópavogi er heilsuleikskóli sem opnaði 1. júní 2006. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. og er með þjónustusamning við Kópavogsbæ um reksturinn.

Skólar ehf. reka tvo leikskóla. Einn í Grindavík og síðan Kór í Kópavogi. Leikskólinn Kór er heilsuleikskóli og stefnir að því að fá viðurkenningu sem slíkur. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Kjörorð okkar er „heilbrigð sál í hraustum líkama". Það hefur sýnt sig í rannsóknum á undanförnum árum að heilbrigð lífssýn er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið.

**Verið velkomin í heimsókn á leikskólann Kór að Baugakór 25 í Kópavogi eða hafið samband við Bjarneyju Kr. Hlöðversdóttur leikskólastjóra í síma 570-4940, 897-7891 eða með tölvupósti á netfangið kor@skolar.is.**

**Heilsuleikskólinn Kór**
„heilbrigð sál í hraustum líkama"

Skólar ehf.

www.skolar.is







FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415 · fagthak@fagthak.is

SIBA
ÞAKRENNUKERFI
á öll hús – allsstaðar
Litir í miklu úrvali
Frum
PL 01 Svart · PL 45 Silfur-metallic · PL 20 Dökk Grá · PL 22 Dökk Rauð · PL 56 Dökk brún · PL 42 Rauðbrún · PL 80 Hvítt · PL 55 Kopar - metallic · Aluzink · Kopar
Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. SIBA–ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita
BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funi.is – www.blikkas.is

RTR3 DRIFT
hpi-racing
Fjarstýrðir bensínbílar í miklu úrvali.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið • Nethyl 2
sími 5870600 • www.tomstundahusid.is

Nýjar vörur
Sportjakkar
Stuttkápur
Vattkápur
Ullarkápur
Silkislæður
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

# Syngjandi þorskar og dansandi flóðhestar

**Listasýning verður opnuð í Náttúrufræðistofu Kópavogs 3. maí. Þær Olga Bergmann og Anna Hallin setja sýninguna upp í samvinnu við Náttúrufræðistofu Kópavogs.**



Listakonurnar Olga Bergmann og Anna Hallin setja verk sín upp innan um gripi Náttúrufræðistofu Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Við höfum báðar lengi haft áhuga á lífrænum, líffræðilegum og vistfræðilegum atriðum sem verið hafa innblástur fyrir verk okkar beggja á ólíkan hátt um langt skeið,“ segir Olga um aðdraganda sýningarinnar.

„Ég hef áhuga á tengslum erfðavísinda og þróunar og Anna hefur í sínum verkum sótt innblástur í heim örvera, baktería og lindýra meðal annars. Við deilum einnig sama áhuga á vísindaskáldskap og retrófútúrisma,“ bætir hún við.

Listakonurnar hafði langað til að sýna verk sín innan um gripi Náttúrufræðistofu og leituðu því eftir samstarfi við safnið hjá Hilmari Malmquist forstöðumanni. „Við hlutum mjög jákvæðar viðtökur varðandi sýningarmöguleika og ákváðum að gera tilraun með að rugla saman reitum okkar og safngripa Náttúrufræðistofu,“ útskýrir Olga. „Við ætlum meðal annars að sýna afrakstur athugana okkar á dansi flóðhesta en við dvöldum nýverið í vinnustofu í Berlín og tókum upp heilmikið efni í dýragarðinum, einkum af flóðhestum og dansi þeirra undir vatnsborðinu.“

Annað sameiginlegt verk þeirra Olgu og Önnu á sýningunni byggist á „söng“ þorska en þar er blandað saman hreyfimyndum, myndskeiðum og ljósmyndum af þorskinum. Verkið unnu þær upp úr upptökum af hljóðum þorska sem þær fengu frá Havforskningsinstituttet í Bergen í Noregi. Einnig verður á sýningunni innsetning þar sem safngripum er raðað upp á nýjan hátt og hugsanleg framtíðarþróun lífríkis jarðar er gefin í skyn.

Olga og Anna hafa unnið saman áður þegar þær sýndu fyrir ári verkið „Leiðangur“ á Hvammstanga. „Það var í fyrsta sinn sem við unnum verk í samstarfi. Verkið „Leiðangur“ var vídeó-skúlptúr og fjallaði um draumkennt ferðalag tamins sels í einhverjum óræðum og jafnvel ískyggilegum tilgangi. Það samstarf gekk vel og því langaði okkur að vinna fleiri verk á svipaðan hátt,“ segir Olga að lokum. Sýningin í Náttúrufræðistofunni verður opnuð laugardaginn 3. maí klukkan 14 og stendur til júlíloka. - rat



Tríó Romance flytur lög Sigfúsar Halldórssonar í nýrri útsetningu Atla Heimis Sveinssonar hinn 7. maí í Salnum.

# Sumarið komið yfir sæinn

Tríó Romance verður í vorstemningu og gleði í Salnum á Kópavogsdögum. Tríóið flytur meðal annars lög Sigfúsar Halldórssonar í nýrri útsetningu Atla Heimis Sveinssonar.

Tónleikar tríósins, sem flautuleikararnir Guðrún Birgisdóttur og Martial Nardeau og píanóleikarinn Peter Máté skipa, verða á miðvikudaginn 7. maí kl. 20. Á efnisskrá eru verk eftir Köhler, Doppler og Franz Liszt, Fauré, Debussy og Ravel auk Sigfúsar.

Tónleikarnir eru hluti af fjölskrúðugri og vandaðri tónleikaröð Salarins sem heitir Tíbrá, þar sem áheyrendur geta gengið að gæðunum vísum. Frá opnun Salarins í janúar 1999 hafa verið haldnir hátt á þriðja hundrað TÍBRÁR-tónleika og skipta flytjendur fleiri hundruðum. Opnunartónleikar í TÍBRÁ eru ávallt hinn 7. september, á afmælisdegi Sigfúsar Halldórssonar, tónskálds og heiðursborgara Kópavogs.

Miðasala fer fram í Salnum og á netinu.

# Ég mæli hiklaust með IQ-CARE

**Eftir að ég fékk mér IQ-CARE hef ég ekki fundið til í bakinu!**

*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*



# IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Tvímælalaust ein besta heilsudýna í heimi



## Þrýstijöfnun er lykilorðið

**Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér.**

**Gerið samanburð og finnið muninn.**




AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

# Lúðrahljómur í Salnum

Skólahljómsveit Kópavogs og Blásarasveit Tónlistarskóla Árnesinga leiða saman hesta sína á Kópavogsdögum 4. maí. Tónleikarnir verða í Salnum og hefjast klukkan 13.

Skólahljómsveit Kópavogs var stofnuð á haustmánuðum 1966. Afmælisdagur sveitarinnar er þó ávallt miðaður við fyrstu tónleikana sem haldnir voru við Kársnesskóla 22. febrúar 1967. Stofnandi sveitarinnar var Björn Á. Guðjónsson trompetleikari og stjórnaði hann hljómsveitinni óslitið og af miklum dugnaði fram til ársins 1993 þegar Össur Geirsson tók við stjórninni.

Um 150 hljóðfæraleikarar eru í Skólahljómsveit Kópavogs og er þeim skipt í þrjár sveitir eftir aldri og getu, A, B og C. Almennt eru krakkarnir tvö ár í hverri sveit, en geta verið lengur eða skemur eftir atvikum.

Hljómsveitirnar gegna veigamiklu hlutverki í bæjarsamfélaginu og koma þær oft fram á hátíðum og athöfnum í bænum. Haldnir eru tvennir stórir tónleikar á hverjum vetri, vor og haust. Að jafnaði kemur Skólahljómsveit Kópavogs fram um níutíu sinnum á ári hverju.



Skólahljómsveit Kópavogs og Blásarasveit Tónlistarskóla Árnesinga leiða saman hesta sína á Kópavogsdögum.

www.alorka.is

Sumardekk – hjólbarðaþjónusta

Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.

Hagstætt verð og traust þjónusta.



BRIDGESTONE

Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080

Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900

ALORKA

PIPAR • SÍA • 80753

Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið



Óperukórinn syngur ásamt einsöngvurum við undirleik Julians Hewlett á túninu við Borgarholtsbraut þar sem gert er ráð fyrir óperuhúsi árið 2011.

# Óperuverk undir berum himni

**Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Hulda Björk Garðarsdóttir munu ásamt Óperukórnum flytja kafla úr óperum á bak við Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn hinn 3. maí.**

Óperukórinn mun koma fram á Kópavogsdögum undir stjórn Garðars Cortes ásamt einsöngvurunum Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni og Huldu Björk Garðarsdóttur. Þau munu flytja þekkta kafla úr óperum á túninu bak við Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn 3. maí klukkan 15.30.

„Við gerum þetta til að sýna samstöðu með þeim hugmyndum sem fram hafa komið um að reisa óperuhús á þessum sama stað,“ segir Ingibjörg Ólafsdóttir, formaður stjórnar Óperukórsins.

Nýlega lauk samkeppni um hönnun óperuhúss í Kópavogi. Dómnefndin ályktaði að engin þriggja tillagna fullnægði markmiðum samkeppninnar nógu vel til að unnt yrði að byggja á þeim að óbreyttu. Tveimur keppendum var því gefið tækifæri til að halda áfram í framhaldskeppni sm stendur nú sem hæst.

„Þetta eru metnaðarfullar hugmyndir og við viljum sýna stuðning okkar við þær með því að flytja óperutónleika nú þegar á þeim stað sem húsið á að standa,“ segir Ingibjörg. „Kórinn átti stóran þátt í að ryðja braut íslenskrar óperustarfsemi í upphafi og þetta framtak er eðlilegt framhald af því. Við vonumst bara eftir góðu veðri.“

Óperusöngvararnir Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór og Hulda Björk Garðarsdóttir sópran hugsuðu sig heldur ekki tvisvar um þegar þau voru beðin um að taka þátt í tónleikunum.

Hugmyndin að byggingu óperuhúss í Kópavogi kom fyrst fram í grein sem Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri skrifaði í bæjarmálablaðið Voga í júní 2005. Í desember síðastliðnum samþykkti bæjarstjórn Kópavogs viljayfirlýsingu um byggingu óperuhússins. Er markmiðið að búa óperunni á Íslandi heimili við hæfi.



Hulda Björk Garðarsdóttir var ekki lengi að hugsa sig um þegar hún var beðin um að koma fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Tilboð, frá 16.900,- stgr.

Sjáðu sjónvarpsefni beint um gervihnött með búnaði frá okkur

Búnaður fyrir heimilið og sumarbústaðinn

Leiðandi í
• loftnetskerfum
• mögnurum
• tenglum
• loftnetum
• gervihnattadiskum
• móttökurum
• örbylgjunemum
• loftnetsköplum

www.oreind.is

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is

HORROR CNN ONE TWO SKY news


Takmarkað magn
Geggjuð
LAGERÚTSALA
Allt á gamla verðinu
Allt að 50% afsláttur
Sófar
Hornsófar
Hægindastólar
Borðstofustólar
Borðstofuborð
Gjafavörur
Kerti
Luktir
Skápar
og fleira
Fullt af
nýjum vörum
20-50 %
afsláttur af Cilek
Barbie koja
kr. 27.450,-
Inngangur
Klettháls 13
mán.-fös. 10-18 lau. 12-16
Sími lagerútsölunnar
er 660 0035
HÚSGÖGNIN
HEIM
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# KÓPAVOGSDAGAR

## 3. til 11. maí

# DAGSKRÁ

## Laugardagurinn 3. maí

**13:00 – Bókasafn Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

**13:00–17:00 – Gjábakki og Gullsmári**
Vorsýning
Handunnir nytja- og skrautmunir frá smiðjum vetrarins. Vöfflukaffi og smiðjur.

**14:00–17:00 – Vinnustofur listamanna í Kópavogi**
Opið hús
Skrá um listamenn og vinnustofur á bls. 2.

**14:00 – Salurinn**
Sellótónleikar
Ásta María Kjartansdóttir.
Burtfararpróf frá Tónlistarskóla Reykjavíkur.

**14:00 – Bókasafn Kópavogs**
Heiti potturinn
Fólki á aldrinum 12-25 ára er boðið að taka þátt í að mála veggmynd undir handleiðslu fagmanns.

**14:00 – Hálsatorg - Krakkatorg**
Gosi, kötturinn og refurinn skemmta
Börnin skapa sín myndverk og taka þátt í útilistarsýningu á Kópavogsdögum. Myndlistarsmiðjan opin til 9. maí.
**Hoppukastalar og leiktæki.**

**14:00 – Náttúrufræðistofa Kópavogs**
AÐLÖGUN „Fiskurinn hefur fögur hljóð"
Opnun á sýningu Olgu Bergmann og Önnu Hallin.
Sýningin stendur til 31. júlí.

**15:00 – Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
SETNING KÓPAVOGSDAGA
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Opnun sýningar á myndverkum nemenda skólans.
Sýningin stendur til 10. maí.

**15:30 – Túnið við Listasafnið**
Óperusöngur og ljóðalestur
Óperukórinn ásamt einsöngvurum syngja þar sem fyrirhugað er að reisa óperuhús. Ritlistarhópurinn les úr eigin verkum og afhendir gestum lukkuljóð.

**16:30 – Ungmennahús**
UNGMENNAHÚS OPNAÐ
Ungmennahús opnað við Hábraut 2. Húsið var gjöf Kópavogsbæjar til ungs fólks á 50 ára afmæli bæjarins.

**17:00 – Salurinn**
Fiðlutónleikar
Joaquin Páll Palomares.
Diplómapróf frá Listaháskóla Íslands.

**20:00 & 22:00 – Salurinn**
Hvers virði er ég?
Gamanleikur um fjármálin á Íslandi í dag.
Miðaverð 2000 kr.

## Sunnudagurinn 4. maí

**11:00 – Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda. Leiðsögn kl. 14:00.

**11:00 – Salur Kvenfélags Kópavogs**
Málverkasýning
Opið hús að Hamraborg 10 – kaffi og vöfflusala, kökubasar og fleira.

**13:00–17:00 – Gjábakki og Gullsmári**
Vorsýning
Handunnir nytja- og skrautmunir frá smiðjum vetrarins. Vöfflukaffi og smiðjur.

**13:00 – Bókasafn Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

**13:00 – Kvöldskóli Kópavogs**
Vorsýning og opið hús
Sýndur afrakstur nemenda á námskeiðum vetrarins.

**13:00 – Salurinn**
Lúðrahljómur
Skólahljómsveit Kópavogs og Blásarasveit Tónlistarskóla Árnesinga.

**14:00–17:00 – Vinnustofur listamanna í Kópavogi**
Opið hús
Skrá um listamenn og vinnustofur á bls. 2.

**14:00 – Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Þríhnúkagígur – Náttúrugersemi í Kópavogi
Gönguferð á Þríhnúkagíg í Bláfjöllum. Lagt af stað í samfloti einkabíla frá Náttúrufræðistofunni kl. 13:30 og hist kl. 14:00 við göngustíginn upp í Grindaskörð.

**16:00 – Salurinn**
Píanótónleikar
Helene Inga Stankiewicz.
Diplómapróf frá Listaháskóla Íslands.

**20:00 – Hjallakirkja**
Vortónleikar með Karlakór Kópavogs
Sjá nánar á http://karlakorkopavogs.googlepages.com

**20:00 – Salurinn**
Tíbrá: Söngtónleikar
Hrafnhildur Björnsdóttir og Martyn Parkes. Þýsk, frönsk og íslensk sönglög og aríur. Miðaverð 2000/1600 kr.

## Mánudagurinn 5. maí

**Grunnskólar Kópavogs**
„Mjög er tungan málaóð"
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn.

**Leikskólar Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Einleikhúsið.

**10:00 – Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.**
Valur hvalur
Ævintýri í máli og myndum fyrir börn á leikskólaaldri.
Skráning fer fram í síma 570 0450.

**18:00 – Salurinn**
Vortónleikar Fjölmenntar
Ýmsar hljómsveitir spila og syngja.

## Þriðjudagurinn 6. maí

**Grunnskólar Kópavogs**
„Mjög er tungan málaóð"
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn.

**Leikskólar Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Einleikhúsið.

**10:00 – Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.**
Valur hvalur
Ævintýri í máli og myndum fyrir börn á leikskólaaldri.
Skráning fer fram í síma 570 0450.

**10:00–15:00 – Sporthúsið**
Íþróttadagur
Íþróttadagur íþróttafélagsins Glóðarinnar.
Púttmót kl. 10:00 og Ringómót kl. 13:00.

**11:00 – Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans.

**17:00 – Bókasafn Kópavogs**
Húsaganga
Gengið um götur Kópavogs og skoðuð hús sem minna á tímana tvenna og fyrirbæri sem gera Kópavog einstakan.

**17:00 – Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Hlýnun Elliðavatns
Fyrirlestur um rannsóknir Náttúrufræðistofunnar og Veiðimálastofnunar í Elliðavatni.

**20:00 – Gullsmári**
Stökur og stundargaman
Góðir gestir mæta og kveðast á.

**20:00 – Salurinn**
Fiðlutónleikar
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir.
Burtfararpróf frá Listaháskóla Íslands.

## Miðvikudagurinn 7. maí

**Grunnskólar Kópavogs**
„Mjög er tungan málaóð“
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn.

**Leikskólar Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Einleikhúsið.

10:00 **Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.**
Valur hvalur
Ævintýri í máli og myndum fyrir börn á leikskólaaldri.
Skráning fer fram í síma 570 0450.

11:00 **Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans.
Leiðsögn kl. 15:00.

17:00 **Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Þríhnúkagígur – Nýr ferðamöguleiki?
Fyrirlestur um verkefnið „Frumathugun á aðgengi Þríhnúkagígs“.

20:00 **Salurinn**
Tíbrá: Tónleikar
Er sumarið kom yfir sæinn – Tríó Romance.
Miðaverð 2000/1600 kr.

## Fimmtudagurinn 8. maí

**Grunnskólar Kópavogs**
„Mjög er tungan málaóð“
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn.

**Leikskólar Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Einleikhúsið.

10:00 **Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.**
Valur hvalur
Ævintýri í máli og myndum fyrir börn á leikskólaaldri.
Skráning fer fram í síma 570 0450.

11:00 **Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans.

16:00 **Snælandsskóli**
Tónleikar í hátíðarsal
Hljómsveitin BÍB sem skipuð er nemendum úr 10. bekk leikur fyrir gesti og gangandi.

17:00 **Bókasafn Kópavogs**
Minningabók Kópavogs – Gjöf til grunnskólabarna
Á 50 ára afmæli bæjarins var safnað saman minningabrot- um hjá Kópavogsbúum. Lista- og menningarráð Kópavogs gefur öllum 9. bekkingum bókina.

20:00 **Bókasafn Kópavogs**
Húsaganga
Gengið um götur Kópavogs og skoðuð hús sem minna á tímana tvenna og fyrirbæri sem gera Kópavog einstakan.

20:00 **Gullsmári**
Nafnlausi leikhópurinn
Stutt og hnyttin atriði sem kitla hláturtaugarnar.

20:00 **Salurinn**
Söngtónleikar
Þorvaldur K. Þorvaldsson.
Burtfararpróf frá Listaháskóla Íslands.

## Föstudagurinn 9. maí

**Grunnskólar Kópavogs**
„Mjög er tungan málaóð“
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn.

**Leikskólar Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Einleikhúsið.

10:00 **Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.**
Valur hvalur
Ævintýri í máli og myndum fyrir börn á leikskólaaldri.
Skráning fer fram í síma 570 0450.

11:00 **Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans.

14:00 **Gjábakki**
15 ára afmælishátíð
Ávörp, skemmtiatriði og afmæliskaffi í boði Gjábakka.

15:00 **Stúkan á Kópavogsvelli**
OPNUNARHÁTÍÐ
Ávörp og stúkan blessuð. Almenningi boðið að skoða mannvirkið.

16:00 **Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Fuglinn í fjörunni
Fuglaskoðun á Kópavogsleiru í fylgd sérfræðinga Náttúrufræðistofu. Mæting kl. 16:00 fyrir neðan líknardeild Landspítalans (Þinghól).

17:00 **Salurinn**
HEIÐURSLISTAMAÐUR
Heiðurslistamaður Kópavogs
Starfsstyrkir listamanna, styrkur til listnema og útnefning á heiðurslistamanni Kópavogs árið 2008.
Tónlistaratriði og ávörp.

20:00 **Salurinn**
Tíbrá: Söngtónleikar
Ferskur blær frá Ítalíu – Gissur Páll Gissurarson og Jónas Ingimundarson. Íslensk og ítölsk sönglög.
Miðaverð 2000/1600 kr.

20:00 **Félagsmiðstöðvar**
Menningarnótt félagsmiðstöðva ÍTK
Menningardagskrá sem stendur alla nóttina, aðeins ætluð unglingum í 8.-10. bekk í grunnskólum Kópavogs gegn leyfisbréfum undirrituðum af forsjármönnum.

## Laugardagurinn 10. maí

11:00 **Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmælissýning Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans.
Leiðsögn kl. 14:00. Lokadagur sýningarinnar.

14:00 **Kópavogsvöllur**
Fótbolti – Fyrstu leikir sumarsins
Kópavogsvöllur HK-FH og Akranesvöllur ÍA-Breiðablik.
Áfram Kópavogur!

## Sunnudagurinn 11. maí

# Afmælisdagur Kópavogs!

**Sundlaug Kópavogs**
OPNUNARHÁTÍÐ
Formleg opnun eftir endurbætur
Á 53 ára afmæli Kópavogskaupstaðar verður ný og endurbætt sundlaug Kópavogs blessuð og opnuð almenningi til skoðunar.
**Ókeypis í Sundlaug Kópavogs 12. maí**

## Skýringamyndir

- Leiklistarviðburður
- Tónlistarviðburður
- Myndlistarviðburður
- Upplestur eða fyrirlestrar
- Dagskrárliður sem felur í sér útivist
- Íþróttaviðburður
- Hátíðarviðburður

**Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram**

**Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500**

**Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir**



# Margbrotin myndlistarsýning

**Myndlistarskóli Kópavogs á tuttugu ára afmæli í ár og af því tilefni verður sýning á verkum nemenda skólans opnuð í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni á laugardaginn.**

Verk nemenda við Myndlistarskóla Kópavogs verða sýnd í Gerðarsafni á Kópavogsdögum í tilefni af tuttugu ára afmæli skólans. „Á sýningunni verða sýnd verk eftir alla nemendur frá fimm ára aldri og upp úr,“ segir Ingunn Erna Stefánsdóttir, annar tveggja skólastjóra Myndlistarskóla Kópavogs. „Þarna eru verk eftir fólk sem hefur fengist við grunnmenntun í myndlist, málun, vatnslitamálun, glermótun og módelteikningu. Þetta verður rosalega skemmtileg sýning, það er enginn vafi á því. Undanfarin ár hefur nemendum fjölgað og munu verk þeirra fylla Gerðarsafn.“

Myndlistarskóli Kópavogs var stofnaður árið 1988 af Sólveigu Helgu Jónasdóttur og Sigríði Einarsdóttur, sem vildu bæta úr skorti á myndlistarkennslu að sögn Ingunnar. „Skólinn var fyrst rekinn á þeirra vegum en var svo gerður að sjálfseignarstofnun. Svo skólafélag kemur nú að rekstri skólans. Kópavogsbær hefur styrkt okkur í gegnum árin með því að leigja okkur húsnæði í Fannborg. En nú þurfa þeir á því að halda og hafa útvegað okkur stórt og glæsilegt húsnæði sem verið er að innrétta á Smiðjuvegi. Myndlistarskólinn flytur þar inn í júlí.“

Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður lista- og menningarráðs Kópavogs, mun setja hátíðina klukkan 15 laugardaginn 3. maí í Gerðarsafni. Því næst mun Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, opna myndlistarsýninguna. Sýningin stendur til 10. maí og verður húsið opið frá klukkan 11 til 17 alla virka daga. „Og þeir sem hafa áhuga geta fengið leiðsögn um sýninguna á laugardaginn og sunnudaginn klukkan 14, og svo á miðvikudaginn og laugardaginn í næstu viku klukkan 15,“ bætir Ingunn við. *- nrg*



**Ingunn Erna Stefánsdóttir og Sigríður Einarsdóttir eru skólastjórar Myndlistarskóla Kópavogs.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Brunað í gegnum Bólu-Hjálmar

Stoppleikhópurinn forsýnir Mjög er tungan málaóð – líf og ljóð Bólu-Hjálmars, nýtt leikrit, fyrir nemendur efri bekkja í grunnskólum Kópavogs á Kópavogsdögum. Sýningin hefur mælst vel fyrir, bæði hjá yngri og eldri áhorfendum, en nálgunin þykir nokkuð nýstárleg.

„Í leikritinu er brunað í gegnum Bólu-Hjálmar, eins og sagt er. Við förum í gegnum lífshlaupið á fimmtíu mínútum; stiklum á stóru í hans lífi og sleikjum rjómann af hans bestu ljóðum sem henta okkur í sýninguna,“ segir Eggert Kaaber, leikari í Stoppleikhópnum, um verkið.

Aðalsöguhetja þess, Bólu-Hjálmar, var kotbóndi á Norðurlandi á fyrri hluta nítjándu aldar sem þurfti að þola yfirgang betur settra bænda, fyrirlitningu sveitunga sinna og dylgjur um óheiðarleika.

„Þetta er leiksýning sem við sýnum ungmennum á aldrinum tólf til sautján ára. Það er ferðasýning ætluð grunn- og framhaldsskólum. Við mætum í skólana svo nemendur sjá okkur allir á virkum dögum,“ heldur hann áfram og bætir við að Bólu-Hjálmar og hans list snerti áhorfendur á öllum aldri.

„Sýningar hafa verið prófaðar á nokkrum stöðum, meðal annars á krökkum í Skagafirði um síðustu mánaðamót og einnig á hjúkrunarheimilum. Við frumsýnum hins vegar ekki fyrr en í maí og munum sýna þar sem nærveru okkar er óskað.“

Stoppleikhópurinn fékk fjóra höfunda til að semja leikritið, þá Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson, Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir en leikmynd og búningar eru í höndum Guðrúnar Öyahals. Eggert segir jafnframt að höfundar leikritsins hafi samið sönglög við leikritið sem verða sungin án undirleiks. Verður því fróðlegt að fylgjast með ævintýrum Bólu-Hjálmars á Kópavogsdögum. *- nrg*



**Eggert Kaaber leikari tekur þátt í uppsetningu á nýju verki um Bólu-Hjálmar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Hrafn Andrés Harðarson við Gvendarbrunn sem var á sínum tíma vatnsból fyrir Kópavogshælið og Bankasel.

# Hús með sögu og sál

**Á Kópavogsdögum verður efnt til húsagöngu um Vesturbæ Kópavogs undir leiðsögn Hrafns Andrésar Harðarsonar, yfirbókavarðar í Bókasafni Kópavogs og bæjarbúa til lengri tíma.**



Hér er verið að gera upp gamalt hús en þar bjó Guðmundur Guðmundsson sem Gvendarbrunnur, sem stendur á lóðinni, er kenndur við. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hrafn Andrés Harðarson mun á Kópavogsdögum leiða fólk um valdar brautir og stíga gamla bæjarins eða svokallað tungusvæði, sem markast af Hafnarfjarðarveginum, Borgarholtsbraut og Urðarbraut. Göngurnar verða tvær og fer önnur fram 6. maí klukkan 17 og hin 8. maí klukkan 20.

„Ég hef gert þetta nokkrum sinnum áður og oft slást gamlir Kópavogsbúar með í för ásamt þeim sem hafa áhuga. Ég er fæddur og uppalinn í Vesturbænum og man tímana tvenna en bæti síðan við fróðleik og sögum frá öðrum og eru þátttakendur sérstaklega hvattir til að leggja sitt til málanna,“ segir Hrafn.

Í fyrra gaf Bókasafn Kópavogs út Minningabók Kópavogsbúa, en í henni má finna sögur fólks af því þegar bærinn var að byggjast upp eftir stríð og styðst Hrafn einnig við þær.

„Ég geng með fólki um nokkrar götur, bendi á hús og segi frá þeim. Ég tala um hverjir bjuggu í húsunum, hvaða atburðir áttu sér þar stað og hvernig húsin tengjast sögu bæjarins,“ segir Hrafn.

Hann bendir fólki á hvar bæjarskrifstofurnar voru í gamla daga og fjallar til dæmis um Bankasel en það hús lét Landsbankinn byggja á stríðsárunum til að vernda verðmæti og skjöl ef til loftárása á Reykjavík skyldi koma.

„Síðan bendi ég á húsið þar sem Jóhannes í Bónus ólst upp svo eitthvað sé nefnt en hann var nágranni minn í æsku. Ég segi bæði frá ríku og fátæku fólki, skrýtnu og skemmtilegu,“ segir Hrafn, sem endar yfirleitt gönguna við gamla Kópavogshælið.

„Þetta er um eins til tveggja tíma ganga þar sem fólk kynnist byggingum og fyrirbærum sem gera Kópavog einstakan og ólíkan öllum öðrum byggðum bólum á Íslandi.“ - ve


# Norm - X

Heimasíðan okkar er www.normx.is
Íslensk framleiðsla

## heitir pottar





Norm - X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fljótandi veitingabakka og m.fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900



kynningarafsláttur
25%
Undirstaða fyrir gott heimili!
Gæðaparket frá MEISTER
Vídd | Bæjarlind 4, 201 Kópavogur | sími: 554 6800 | vidd@vidd.is | www.vidd.is
VÍDD
EFNI Í GOTT UMHVERFI

bestun



Fiðluleikarinn Joaquín Páll Palomares útskrifast úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands í vor og heldur útskriftartónleika í Salnum 3. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grét yfir fiðlunni í fyrstu

**Joaquín Páll Palomares heldur útskriftartónleika sína í Salnum 3. maí og spilar þar verk eftir Bach, Brahms, Poulenc og Saint-Saëns, við píanóundirleik Richards Simm.**

Joaquín Páll Palomares er einn efnilegasti fiðluleikari landsins. Ungur dró hann fyrst boga yfir strengi hins fagra og strembna hljóðfæris og hefur síðan spilað sig upp metorðastigann og í hjörtu áheyrenda á Íslandi, Spáni og víðar. „Fiðlan hefur fylgt mér frá blautu barnsbeini, því hún er samofin lífi fjölskyldunnar. Pabbi og mamma eru bæði fiðluleikarar og það var þeirra ákvörðun að setja mig barnungan í fiðlunám; sem betur fer,“ segir Joaquín, sem byrjaði að spila á fiðlu aðeins sex ára þegar móðir hans Unnur Pálsdóttir fiðluleikari hóf að kenna syninum heima.

„Ég held að allir krakkar fari í gegnum skeið þar sem þau hætta að nenna tímafrekum æfingum. Ég fór í gegnum það líka, ákvað að hætta ellefu ára og ætlaði aldrei að byrja aftur. Þegar ég var fimmtán ára gerðist mamma, sem auðvitað þekkir mig allra best, svo sniðug að bjóða mér að spila með gömlum félögum í strengjasveit Tónlistarskóla Kópavogs. Mér þótti það svo gaman að ég ákvað að skrá mig í tónlistarskóla, mest til þess að leika mér, en þá fór mér að þykja virkilega gaman að fiðluleiknum,“ segir Páll og fer fögrum orðum um tónlistaruppeldi móður sinnar, og seinna þeirra Margrétar Kristjánsdóttur í Tónlistarskóla Kópavogs og Auðar Hafsteinsdóttur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

„Mamma á hrós skilið að hafa nennt að hanga yfir mér þetta lengi, en þegar ég var lítill fór ég að gráta þegar ég átti að spila á fiðlu. Mamma hélt að mér nauðsynlegum sjálfsaga, kenndi mér grunntækni fiðluleiks, sem skiptir öllu máli, og fór með mig í gegnum rosalegt magn efnis sem gerir að verkum að ég er fljótur að læra ný verk og finn í að lesa nótur. Það allt á ég henni að þakka,“ segir Páll brosmildur þar sem hann æfir stíft fyrir útskrift sína í maí.

„Innan hljóðfærafjölskyldunnar er fiðlan ein sú erfiðasta viðureignar. Minn mesti innblástur hingað til er danski fiðlusnillingurinn Nicolaj Znaider. Þegar ég heyrði hann fyrst spila af diski var ég í bílnum og þurfti að stoppa. Ég gat ekki haldið áfram akstri fyrr en ég hafði hlustað á diskinn til enda. Ári seinna fór ég á námskeið til Nicolaj í Danmörku og það var ótrúleg lífsreynsla,“ segir Páll og bætir við að áhrifa Znaiders megi enn gæta í fiðluleik sínum.

„Ég lærði hjá honum tæknísk atriði sem enn fylgja mér, en útkoma fiðluleiks byggist bæði á tækni og persónulegri tjáningu,“ segir Páll sem leikur á listasmíð þýsks fiðlusmiðs.

„Það hefur áhrif á tónlistarsmekk barna að læra snemma á klassíkt hljóðfæri. Maður verður umburðarlyndari gagnvart klassískri tónlist og hlustar meira en jafnaldrarnir. Hins vegar hlusta ég á flestallt sem nær eyrum mínum og aðallega popptónlist á FM 95,7,“ segir Páll, sem útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands síðastliðið vor og er fyrrverandi liðsmaður drengjalandsliðs Íslands í knattspyrnu.

„Ég er miklu minna í fótbolta nú en áður, en spila þegar ég hef tíma með þriðju deildar liðinu Ými úr HK. Fótbolti var árum saman ofar í forgangsröðinni en fiðlan, en þá spilaði ég með meistaraflokki HK. Á endanum varð ég að velja og hafna,“ segir Páll, sem valdi fiðluna og hyggur nú á framhaldsnám í fiðluleik í Þýskalandi.

„Framtíðin er óskrifað blað og margt sem togar í mig, en öðru fremur vil ég starfa sem fiðluleikari og gera eitthvað virkilega flott. Fiðluleikarar eiga sameiginlegt að vera einbeittir og ákveðnir, enda nauðsynlegt í mikilli samkeppni. Þeir eru svo líka vel þekktir fyrir að vera prímadonnurnar í hljómsveitum,“ segir Páll og skellir upp úr þar sem hann skundar til móts við bjarta framtíð.

*- þlg*




Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður
Trégluggar og -hurðir
Prodema viðarklæðning
Álprófílar – Sapa Building System
Sólstofur og svalalokanir
Hraðhurðir
Stálhurðir
með og án glugga
Gæði og þjónusta
í meira en 50 ár!
Álklæddir trégluggar
Álgluggar og -hurðir
Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir
Rennihurðir
Alux öryggislokanir
Renson loftunarristar
Gluggasmiðjan
Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is



Starfsemin er fjölbreytt og hér sitja konur við postulínsmálun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Sigurbjörg Björgvinsdóttir forstöðukona.



Þórhildur Gísladóttir gaf sér tíma til að líta upp frá handavinnunni þegar ljósmyndara bar að garði.

# Kræsingar í góðum félagsskap

**Félagsheimilið Gjábakki í Kópavogi heldur upp á fimmtán ára afmæli 9. maí.**

Félagsheimili eldri borgara í Kópavogi, Gjábakki, var opnað hinn 11. maí 1993. Á ári aldraðra 1999 var félagsheimilið opnað öllum aldurshópum í viðleitni Kópavogsbæjar til að rjúfa einsemd aldraðra.

„Kópavogur var fyrsta sveitarfélagið til að stíga það skref að opna félagsheimilin fólki á öllum aldri,“ segir Sigurbjörg Björgvinsdóttir, sem hefur veitt Gjábakka forstöðu frá upphafi.

Sigurbjörg segir félagsheimilið starfa eftir Kópavogsmódelinu svokallaða en það gengur út á að ýta undir sjálfstæði einstaklingsins.

„Við höfnum forsjárhyggju og ýtum undir frumkvæði,“ segir Sigurbjörg. „Í Kópavogsmódelinu er lögð áhersla á að fólk sé sjálft við stjórnvölinn og taki sjálft ákvarðanir um hvað sé á dagskránni hverju sinni. Ef einhvern langar til að prjóna þá finnum við einhverja sem eru tilbúnir að setjast niður með viðkomandi og prjóna. Nú, ef þá vantar leiðsögn þá er ég þeim innan handar.“ Hún segir þetta fyrirkomulag hafa gefist vel og félagsheimilin séu vel sótt en telja má um fimm hundruð komur í félagsheimilin Gjábakka og Gullsmára á viku.

„Með þessu móti fáum við líka miklu fjölbreyttara félagsstarf og í öðru lagi þá er hægt að gera mikið meira fyrir þá peninga sem til eru. Þarna fá einstaklingar hlutverk og það er hverjum manni nauðsynlegt.“

Eitt af markmiðum starfsins á Gjábakka er að koma á sambandi milli kynslóða en nú er yfirstandandi verkefni milli nemenda í öðrum bekk í Kópavogsskóla og eldri borgara.

„Við viljum flytja menninguna milli aldurshópa og eigum í góðu samstarfi við skólana í bænum,“ segir Sigurbjörg. „Krakkarnir koma til dæmis að spila boccia með eldra fólkinu. Svo koma þau á afmælinu og syngja fyrir okkur og fá sér hressingu en við ætlum að bjóða gestum og gangandi upp á kaffi og með því á afmælishátíðinni og hér verður vegleg dagskrá í boði.“

Meðal dagskrárliða á afmælishátíðinni verður einsöngur Guðrúnar Lóu Jónsdóttur. Eldri borgari mun skera fyrstu sneiðina af veglegri afmælistertu og Gunnar Birgisson bæjarstjóri flytur ávarp. Auk þess munu félagsmálastjóri Kópavogs og formaður félags eldri borgara flytja ávörp. Dagskráin hefst klukkan 14 föstudaginn 9. maí. *- rat*



ELDAVÉLAR - OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR & HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR

# ALLT AÐ 40%

## AFSLÁTTUR



**ELDAVÉLAR**
með keramikborði og fjölvirkum ofni, hvítar eða stál
**frá kr. 69.900**

**INNBYGGINGAROFNAR**
hvítir eða stál:
60cm Frá kr. 49.900
70cm Frá kr. 84.900
90cm Frá kr. 99.900
2ja hólfa kr. 109.900

**KERAMIKHELLUBORÐ**
m/2 hellum kr. 25.900
m/4 hellum frá kr. 33.900

**SPANHELLUBORÐ**
með 4 hellum
**Frá aðeins kr. 69.900**

ELBA

**GASELDAVÉLAR**
með fjölvirkum ofni, 60 eða 100 cm stál:
60cm Frá kr. 86.900
100 cm Frá kr. 159.900

**VEGGVIFTUR** Frá kr. 5.990
**ÚTDREGNAR** Frá kr. 15.900
**VEGGHÁFAR** Frá kr. 19.900
**EYJUHÁFAR** Frá kr. 69.900

**GASHELLUBORÐ**
með 4 brennurum
**Frá kr. 29.900**

**HELLUBORÐ MEÐ 4 STEYPTUM HELLUM Á AÐEINS KR. 9.900**

BETRI STOFAN

Fríform

Mán.- föst. kl. 9-18 - Laugardaga 11-16 Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

---

# HVÍTT OG SVART

## og allt þar á milli



nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT 25% AFSLÁTTUR

**Þú getur valið um 30 hurðagerðir og -liti hjá okkur. Komdu og skoðaðu**

**VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL**
25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum fram að hvítasunnu (18. apríl - 10.maí)
**ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR**

Mán.- föst. kl. 9-18
Laugardaga 11-16

BETRI STOFAN

Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

---

# VANTAR ÞIG

## (HVÍTA) INNRÉTTINGU?

**Þá ertu velkomin(n) í heimsókn til okkar og þú getur valið um 12 mismunandi hurðir. En þar með er sagan ekki öll sögð, því við bjóðum einnig 24 aðrar hurðargerðir, ask, eik, birki, hnotu, svartar eða gular o.m.fl. Það er sama hvaða hurð þú velur, gæðin eru þau sömu, því NETTOLINE eru glæsilegar danskar innréttingar í hæsta gæðaflokki!**



nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT 25% AFSLÁTTUR

www.nettoline.dk

**Hvít Basic** plastlögð
**Hvít slétt** sprautulökkuð
**Capri hvít** plast-heithúðuð
**Capri hvít háglans** plast-heithúðuð
**Hvít með boga** plast-heithúðuð
**Hvít Nice** plast-heithúð...
**Beykilíne** hvítt/beyki
**Mahognylíne** hvítt/mahogny
**Eik Elegant** hvítt/eik
**Hnota Format** hvítt/hnota
**Pisa hvít** "höldulaus"
**Pisa hvít háglans** "höldulaus"

**VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL**
25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum fram að hvítasunnu (18. apríl - 10.maí)
**ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR**

BETRI STOFAN

Fríform

Mán... Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

---

# ICE LOGIC

**Ný kæliskápalína frá SNAIGÉ**

**Við kynnum ICE LOGIC, nýjar gerðir Snaigé kæli- og frystiskápa, stórglæsilega og tæknilega fullkomna.**

KYNNINGARVERÐ 25% AFSLÁTTUR



**Gerð RF-27**
HxBxD=150x60x62 cm
173 ltr. kælir
54 ltr. frystir
Hvítur ....78.120 **Nú 58.600**
Stál..........98.280 **Nú 73.700**

**Gerð RF-32**
HxBxD=176x60x62 cm
233 ltr. kælir
54 ltr. frystir
Hvítur ....85.680 **Nú 64.300**
Stál.......108.280 **Nú 81.200**

**Gerð RF-36**
HxBxD=194,5x60x62 cm
233 ltr. kælir
88 ltr. frystir
Hvítur ....89.880 **Nú 67.400**
Stál.......112.980 **Nú 84.700**

BETRI STOFAN



**Gerð C-290**
HxBxD=145x60x60 cm
280 ltr. kælir
Hvítur ......58.380
**Nú aðeins 43.800**

**Gerð F-245**
HxBxD=145x60x60 cm
205 ltr. frystir
Hvítur.........70.980
**Nú aðeins 53.200**

- Sparneytinn svo af ber, orkuflokkur A+
- Þeir gerast ekki lágværari, aðeins 40dB
- "Anti -bacterial protecting system" Bakteríudrepandi húðun með silfurjónum á innra byrði
- Níðsterkar glerhillur, sem þola meira en 25 kg. þunga
- Færanleg hurðaopnun, hægri eða vinstri
- Fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta (eigið verkstæði).

**Vantar þig góðan kæliskáp?**

Mán.- föst. kl. 9-18
Laugardaga 11-16

Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

---

# ÚRVALIÐ ER HJÁ FRÍFORM

**● ÁRSRIT VÆNTANLEGT**

„Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs er væntanlegt um mitt þetta ár," segir Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður. „Það gefur yfirlit um safnkostinn og verður fengur fyrir almenning."

Bæjarstjórn Kópavogs og Þjóðskjalasafn Íslands samþykktu árið 2000 stofnun Héraðsskjalasafns Kópavogs og var það formlega opnað hinn 12. desember 2001. Safnið er til húsa að Hamraborg 1.

Menningarhlutverk þess er að safna og varðveita skjöl og önnur gögn um sögu Kópavogs og Kópavogsbúa í fortíð og nútíð og rannsaka og kynna sögu Kópavogs, til dæmis með sýningum, fundum, kynningum og útgáfum og þannig efla þekkingu á sögu bæjarins.

Enn fremur á það að stuðla að auknum rannsóknum almennings og fræðimanna á sögu Kópavogs og öllu því er hana snertir.





Bjarni Haukur kryfur fjármálin í nýjum gamanleik sem sýndur verður í Salnum á Kópavogsdögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fjármálin krufin

Gamanleikur úr smiðju Bjarna Hauks Þórssonar og Sigurðar Sigurjónssonar, Hvers virði er ég?, sem sýndur er í Salnum, fléttast inn í dagskrá Kópavogsdaga. Bjarni Haukur tekur sér fyrir hendur að kryfja fjármálin á Íslandi í dag. Í grátbroslegri leit að því sem skiptir okkur í raun og veru máli hlífir hann engum, hvorki mógúlunum, almenningi né sjálfum sér, segir í kynningunni.

Þess má geta að Bjarni Haukur og Sigurður hafa áður leitt saman hesta sína í sýningunni Pabbinn sem vakti mikla athygli. Miðasala er í Salnum og á heimasíðu hans en um er að ræða tvær sýningar á laugardagskvöldinu 3. maí.

**● GOSI Í HÁLSATORGI**

Gosi, kötturinn og refurinn skemmta með söng og sprelli á Hálsatorgi sama dag og Kópavogsdagar eru settir, 3. maí, klukkan 14. Þar verða hoppkastalar og hringekjur fyrir börnin.











Sundlaug Kópavogs verður meðal annars búin inni- og útilaugum, heitum pottum, vaðlaug og rennibrautum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Glæsileg í alla staði

**Endurbætur hafa staðið yfir á Sundlaug Kópavogs sem verður opnuð á afmæli Kópavogsbæjar 11. maí.**

Sundlaug Kópavogs iðar af lífi alla daga en fæstir eru komnir í sundfötin, þar sem verið er að ljúka við viðbyggingu og endurbætur á sundlauginni sem verður opnuð á afmælisdegi Kópavogsbæjar 11. maí.

Sundlaugin hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Á hvítasunnudag verður hún opnuð almenningi til sýnis og svo verður í kynningarskyni ókeypis í sund á mánudeginum 12. maí.

Búnaður í sundlauginni er með því fullkomnasta sem gerist. Lagnakerfið er flókið og margir tugir kílómetra að lengd. Það sér um þrjátíu einingum fyrir vatni sem hverja um sig þarf að vera hægt að hitaog klórstilla. Meðal annars er um að ræða inni- og útilaugar, heita potta, vaðlaug og rennibrautir.

Lögð hefur verið áhersla á að allt öryggiskerfi laugarinnar sé eins gott og kostur er. Til dæmis hefur verið bætt við myndavélum sem nema hreyfingarleysi og gera laugarvörðum viðvart. Er laugin sniðin að þörfum ólíkra hópa, bæði keppnisfólki, áhugafólki og öllum aldurshópum.

Sundlaugargjald mun vera lægst í Kópavogi en þess má jafnframt geta að á útisvæði íþróttamiðstöðvarinnar Versala er sömuleiðis sundlaug með öllum hugsanlegum þægindum.



Endurbætur hafa staðið yfir á Sundlaug Kópavogs sem verður opnuð á afmæli bæjarins 11. maí.



Minningabók Kópavogsbúa verður gefin nemendum 9. bekkjar í Kópavogi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Grunnskólabörn fá minningabók að gjöf

Hver man eftir hvaladrápi í Sæbólsfjöru? Sveinn Þórðarson segir frá nýbýli foreldra sinna, Sæbóli í Fossvogi, í Minningabók Kópavogsbúa sem gefin var út í fyrra og þar minnist hann á að fjaran hafi verið full af hvalbeinum.

„Voru þetta leifar af grindhvalagöngu sem gekk þar á land í október árið 1934,“ rifjar hann upp. „Faðir minn var í atvinnubótavinnu skammt frá og lenti því í hvaladrápinu með mörgum öðrum.“

Sveinn er einn fjölmargra sem skrifa þætti í bókina sem var tekin saman í tengslum við fimmtugasta afmælisár Kópavogs árið 2005. Bókasafn Kópavogs gerði þá gestum sínum ýmsan dagamun til fróðleiks og gamans. Meðal annars var safnað minningum bæjarbúa frá liðnum dögum búsetu þeirra í bænum. Afraksturinn varð þessi minningabók en Hrafn Andrés Harðarson og Inga Kristjánsdóttur önnuðust útgáfu hennar.

Lista- og menningarráð Kópavogs gefur öllum 9. bekkingum í grunnskólum Kópavogs bókina að gjöf á Kópavogsdögum en hún fæst einnig keypt, til dæmis í bókasafninu.




Ungmennahúsið opnað!

**Menningar- og tómstundamiðstöð ungs fólks í Kópavogi verður opnuð laugardaginn 3. maí kl. 16.30**

**DAGSKRÁ**

- Skólahljómsveit Kópavogs
- Myndlistarsýning, Bergrún Íris listfræðinemi
- Emil Hjörvar Petersen ljóðskáld flytur frumsamin ljóð
- Heilinn Bjarki Sig. rappar
- Ólöf Jara Skagfjörð syngur
- Bryndís Pétursdóttir leikur á þverflautu og Börkur Smári Kristinsson á gítar

**ÁVÖRP**

- Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs
- Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður lista- og menningarráðs
- Sólrún Sigvaldadóttir, formaður Nemendafélags MK

**Kynnir verður Eva Halldóra Guðmundsdóttir**

**Allir velkomnir.**
**Nánari upplýsingar á kopavogur.is**

# Lyf gegn verðbólgu




Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

## Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

## Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

SPRON VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Stuttur- og Langur skuldabréfasjóður eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingar má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.

# FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

STÓRIR - STERKIR- LITLIR - SILFRAÐIR - NETTIR - SNÖGGIR - RÚMGÓÐIR - KRAFTMIKLIR - LIPRIR - FÁGAÐIR ...

bíla land

Grjótháls 1, 110 Reykjavík, S: 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá 12-16.

## TILBOÐS BÍLAR



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 07/2004, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 96.000 þ. Verð: 2.140.000
**Tilboðsverð: 1.790.000**



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 10/2002, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 83.000 þ. Verð: 1.580.000
**Tilboðsverð: 1.090.000**



**LINCOLN AVIATOR**
Nýskr: 12/2005, 4600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn
119.000 þ. Verð: 3.190.000
**Tilboðsverð: 2.750.000**



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 08/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 108.000 þ. Verð: 1.410.000
**Tilboðsverð: 1.090.000**



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 11/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 63.000 þ. Verð: 1.670.000
**Tilboðsverð: 1.430.000**



**SUZUKI GRAND VITARA**
Nýskr: 06/2003, 2000cc 5 dyra,
Beinskiptur, Rauður / Grár,
Ekinn 74.000 þ. Verð: 1.290.000
**Tilboðsverð: 990.000**

## 500.000- 1.500.000



**HYUNDAI ACCENT**
Nýskr: 06/2005, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 53.000 þ.
**Verð: 1.290.000**



**RENAULT CLIO**
Nýskr: 07/2005, 1100cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 44.000 þ.
**Verð: 1.120.000**



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 09/2003, 1600cc
3 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 75.000 þ.
**Verð: 1.250.000**



**SUZUKI GSX R600**
Nýskr: 2004, 600cc
Gulur, Ekinn 15.600 þ.
**Verð: 890.000**



**SUZUKI WAGON R**
Nýskr: 03/2002, 1200cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 51.000 þ.
**Verð: 570.000**



**VOLKSWAGEN PASSAT**
Nýskr: , 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 154.000 þ.
**Verð: 650.000**

## 1.500.000- 3.000.000



**FORD F150**
Nýskr: 06/2004, 5400cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 64.000 þ.
**Verð: 2.950.000**



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 12/2006, 1400cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 22.000 þ.
**Verð: 1.660.000**



**HYUNDAI MATRIX**
Nýskr: 03/2007, 1600cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 17.000 þ.
**Verð: 1.890.000**



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 06/2005, 2900cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur / Grár,
Ekinn 90.000 þ.
**Verð: 2.890.000**



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár /
Svartur, Ekinn 28.000 þ.
**Verð: 2.940.000**



**RENAULT SCENIC**
Nýskr: 03/2006, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 31.000 þ.
**Verð: 2.190.000**

## 3.000.000- 4.500.000



**AUDI A4**
Nýskr: 02/2006, 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 27.000 þ.
**Verð: 3.670.000**



**BMW 520D**
Nýskr: 04/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 15.000 þ.
**Verð: 5.940.000**



**BMW X3**
Nýskr: 03/2007, 2500cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 9.000 þ.
**Verð: 6.190.000**



**NISSAN MURANO**
Nýskr: 05/2005, 3500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkrauður,
Ekinn 31.000 þ.
**Verð: 4.750.000**



**NISSAN PATROL**
Nýskr: 10/2006, 0cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 16.000 þ.
**Verð: 5.680.000**



**VOLVO S80**
Nýskr: 09/2006, 2400cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 20.000 þ.
**Verð: 5.090.000**

## ATVINNU BÍLAR



**RENAULT KANGOO FÓLKSBÍLL**
Nýskr: 02/2005, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 50.000 þ.
**Verð: 1.490.000**



**RENAULT AT KANGOO**
Nýskr: 01/2005, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 102.000 þ.
**Verð: 1.040.000**



**RENAULT AT KERAX**
Nýskr: 08/2006, 0cc. 2 dyra,
Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 31.000 þ.Verð: 12.800.000
**Tilboðsverð: 10.956.000**



**RENAULT AT MIDLUM**
Nýskr: 07/2005, 6200cc
2 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 202.000 þ.
**Verð: 4.980.000**



**RENAULT AT PREMIUM 420.26 S 6X2**Nýskr: 11/2002, 11100cc
2 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 283.000 þ.
**Verð: 5.727.000**



**RENAULT AT TRAFIC**
Nýskr: 08/2005, 1900cc
6 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 98.000 þ.
**Verð: 2.250.000**

**Reykjavík, Grjótháls 1**
**575 1230**
**Selfoss, Hrísmíri 2a**
**575 1460**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**
Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074 - Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

**bilaland.is**

## Atvinnuhúsnæði

ATH til leigu frábært nýl iðnaðarbil, 70m2 m stórri hurð í Garðabæ Verð kr 100 þús á mán S 8927858

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sjávarkjallarinn**
**Vorum að útskrifa úrvalslið af matreiðslumönnum og framreiðslumönnum og hlökkum til að fá nýja nema í lið með okkur. Einnig eru laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17. Umsóknir berist á: valtyr@sjavarkjallarinn.is**

SUBWAY

**Vilt þú meiri ábyrgð í starfi?**
**Subway Hringbraut/N1 óskar eftir kraftmiklum og samviskusömum einstakling í starf aðstoðarverslunarstjóra. Um fullt starf er að ræða í vaktavinnu. Aðstoðarverslunarstjóri er hægri hönd verslunarstjóra, hjálpar til við uppgjör, pantanir, talningu og starfsmannahald auk þess að sinna almennri afgreiðslu og þrifum. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696-7064.**
**Aldurstakmark er 18 ár.**

SUBWAY

**Helgarvinna - hlutastarf.**
**Subway Austurstræti og Subway Hringbraut/N1 óska eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf um helgar. Íslenskukunnátta er kostur en annars góð ensku kunnátta skilyrði. Hægt er að sækja um á subway.is**
**Nánari upplýsingar veita Dóra í síma: 696 7006 (Austurstræti) og Magga í síma: 696 7064 (Hringbraut/N1).**
**Aldurstakmark er 18 ár.**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust**
**Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.**

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

VIDHALDSVIRKNI

**Atvinna í boði**
**Fyrirtæki á Stórreykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða til starfa laghenta menn, helst vönum húsaviðgerðum, þó ekki skilyrði.**
**S. 661 0117.**

V&V VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐI

Vörubíla- & Vinnuvélaverkst ehf Bifvélavirki/vélvirki eða maður vanur viðgerðum vinnuvéla og tengi- og festivögnum með meirapróf óskast til starfa sem fyrst. Traust og gott fyrirtæki með næg verkefni. Frekari uppl. í s. 588 4970 Guðmundur.

**Söluturn**
**Sumar starfskraftur óskast í söluturn. Einnig vantar manneskju um helgar.**
**Uppl. í s. 892 2365.**

**Starfsfólk óskast**
**Duglegt og reglusamt starfsfólk óskast til starfa hjá garðvinnufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu frá miðjum maí. Bílpróf og reynsla af garðyrkju eru æskilegir kostir. Góðir tekjumöguleikar í boði fyrir duglega einstaklinga.**
**Uppl. s: 824-1238**

**Hard working**
**Hard working and punctual people are wanted in jobs for a gardening company in Reykjavik from the 20. of may. Drivers licence is necessary and gardening experience a quality. Good earning possabilities for the right people.**
**Info s: 824-1238**

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni með bílpróf 17 ára eða eldri til starfa við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Óskum eftir mönnum í hellulagnir og lóðavinnu Upplýsingar í síma 8630208 og 8659898

**Bráðvantar trésmið!**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir ofl. Einnig vantar múrara eða mann vanan flísalögnum. Framtíðarvinna. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Au-pair óskast. Á suðurlandi. Uppl. í s. 865 5613.

Óska eftir vinnumanni/konu á Suðulandið. Uppl. í s. 895 7573.

Vélamaður með meirapróf óskast Steypustöð Magnúsar Svínavatni. S. 899 9670.

Vana stýrimann, vélstjóra og háseta, vantar á 80 tonna netabát sem gerður er út frá suðurnesjum. S. 892 5522.

**G.G Lagnir**
Óskum eftir meiraprófsbílstjóra og gröfumanni. Uppl. í s. 660 8870, www.gglagnir.is.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast til afgreiðslu og almennra verslunarstarf. Einnig vantar fólk í helgarvinnu. Uppl. veitir Sandra í s. 660 8211 eða tiger.sandra@simnet.is

Hármódel, Fudge á Íslandi óskar eftir hármódelum á aldrinum 18-25 ára til að koma fram á sýningu á vegum fyrirtækisins. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband fyrir miðvikudaginn 7/5 í síma 898 9174 (Haddý) eða har@kaupsel.is

**Fiskvinnsla**
Starfsfólk vantar í fiskvinnslu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 896 3180.

Firma specjalizujaca sie w systemach chlodzenia poszukuje elektryka, mechanika lub hydraulika do pracy przy montazu sprzetu do chlodzenia oraz klimatyzacji. Konieczna znajomosc j. angielskiego. Informacje udzielane sa pod nr. 8675490.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Smiður óskar eftir verkefnum, sanngjörn verð. Uppl. í s. 616 6779.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Grænn páfagaukur hvarf frá Stuðlaseli 5 laugardaginn 26. apríl. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Karl í 6968123.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Kona á Suðurlandi vill kynnast traustum og heiðarlegum og vandamálalausum karlmanni um fimmtugt. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8317.

„Rakel" við suðumark! Mögnuð upptaka. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8495.

**Þarftu að leigja?**

Rentus LEIGUMIÐLUN

**Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**FJARÐARGATA 17 - HF. LÚXUSÍBÚÐ**





Glæsileg lúxusíbúð, 3-4 herb, 128 fm. á 4. hæð (næst efstu) í glæsilegu lyftuhúsi í miðbæ Hfj. Stórglæsilegt útsýni yfir höfnina og bæinn. Íbúðin er björt, rúmgóð og glæsileg m/Lumex lýsingu ofl. Staðsetnig er frábær, í göngufæri við alla þjónustu. Góð eign, laus strax. **Verðtilboð**.

**GLITVANGUR 1 - HF. EINBÝLI**





Nýkomið í einkasölu glæsilegt einbýli á 1 hæð með innbyggðum bílskúr samtals 212 fm. Glæsileg hornlóð. Hiti í plani, góð staðsetning. Eign í sérflokki. Myndir á mbl.is. Laus strax. **Verðtilboð**.

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Þorsteinn Jakobsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 899 7145**
steini@logheimili.is



**Sigurður O Sigurðsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 616 8880**
sos@logheimili.is



**Guðný Alda Gísladóttir**
Sölufulltrúi
**GSM: 770 7377**
gudny@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is

**KÓPAVOGSBRAUT 86**
*glæsilegur garður*




**134.5 fm | 4 herb. | Verð 32,9 millj.**

Neðri sérhæð á 1880 fm lóð í vesturbæ kópavogs. Mjög björt og snyrtileg eign sem hefur upp á markt að bjóða.
2 svefnherb, 2 stofur, gott eldhús með borðkrók, baðherbergi með sturtu, bílskúr holsteinn
Skoðar skipti á minni eign í sama hverfi!

**LÆKJASMÁRI 74**
*Jarðhæð með sérinngang*




**66,9 fm | 2 herb. | Verð 20,9 millj.**

Glæsileg2 herb íbúð með sérgarði.
Eign í sérflokki sem þú mátt ekki missa af.
Merkt stæði fylgir eigninni.

**FANNBORG 3**
*með sérinngang*




**108.8 fm | 4 herb. | Verð 25,5 millj.**

Nýlega standsett íbúð í hjarta kópavogs (gamla bókasafnið)
Snyrtileg 4 herb íbúð sem þú mátt ekki missa af.
Hentar einnig vel fyrir hjólastóla.

**KÖTLUFELL 1**
*Frábært útsýni*




**78.1 fm | 3 herb. | Verð 18,7 millj.**

Vel skipulögð íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýli með yfirbyggðar svalir.
2 góð svefnherb. og stór stofa, eldhús með borðkrók, nýlegt baðherb.
Sjón er sögu ríkari

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN • SÍMI 512 3600 • SKIPHOLTI 15 • 105 REYKJAVÍK • WWW.LOGHEIMILI.IS

**BRESKI KVIKMYNDALEIKSTJÓRINN ALFRED HITCHCOCK LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1980.**



*„Í flestum kvikmyndum eru morð snyrtilega útfærð. Ég sýni hversu erfitt og sóðalegt það er að myrða manneskju.“*

***Hitchcock leikstýrði á ferli sínum yfir sextíu kvikmyndum, þar á meðal hryllingsmyndunum The Birds og Psycho.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 29. APRÍL 1992**

## *Óeirðir brutust út í Los Angeles*



Þennan dag árið 1992 brutust út óeirðir í Los Angeles eftir að fjórir lögreglumenn voru sýknaðir af kæru um að hafa gengið í skrokk á leigubílstjóranum Rodney Glen King.

Myndband náðist af lögreglumönnunum, Laurence Powell, Timothy Wind, Theodore Briseno og Stacey Koon, þegar þeir börðu King eftir að hann var stöðvaður fyrir of hraðan akstur og var það sýnt úti um allan heim.

Lögreglumennirnir voru kærðir en sýknaðir þrátt fyrir myndbandið. Í kjölfarið brutust út óeirðir sem stóðu yfir í sex daga.

Þúsundir þeldökkra Bandaríkjamanna söfnuðust saman og gengu berserksgang um borgina. Í óeirðunum létust 53, tvö þúsund manns slösuðust og yfir tíu þúsund voru handteknir.

Málið var tekið aftur upp og þá voru Powell og Koon fundnir sekir en hinir tveir sýknaðir. Lögreglan hafði mikinn viðbúnað þegar seinni dómurinn var kveðinn upp en engar óeirðir brutust út.

**MERKISATBURÐIR**

1106 Jón Ögmundsson er vígður biskup. Hann var fyrsti biskupinn á Hólum.

1899 KFUK, Kristilegt félag ungra kvenna, er stofnað á Íslandi.

1967 Brandur, breskur togari sem var í haldi vegna landhelgisbrots, strýkur úr Reykjavíkurhöfn með tvo íslenska lögregluþjóna um borð. Hann náðist síðar sama dag.

1968 Hinn umdeildi söngleikur Hárið er frumsýndur á Brodway í New York.

1997 Alþjóðlegi efnavopnasamningurinn tekur gildi. Hann skyldar aðildarríki til þess að hætta þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna.

---

**GEIRMUNDUR VALTÝSSON:** FAGNAR FIMMTÍU ÁRA STARFSAFMÆLI

# Farsæll í hálfa öld

Skagfirski sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson á um þessar mundir fimmtíu ára starfsafmæli en hann kom fyrst fram á sveitaballi í félagsheimilinu Melskili árið 1958, þá fjórtán ára gamall.

Að því tilefni verður efnt til tónleika í íþróttahúsinu á Sauðárkróki föstudaginn 2. maí og mun fjöldi söngfólks koma þar fram með Geirmundi.

Hann fór ungur að fikta við tónlist og handlék fyrstu harmonikkuna ellefu ára gamall. Upphafinu lýsir hann á þennan veg:

„Ég og Gunnlaugur bróðir minn fengum lánaða nikku hjá nágranna okkar. Við fikruðum okkur áfram með hana í hönd en svo kom að því að við keyptum okkar eigin. Fjórtán ára tróð ég fyrst upp fyrir sveitunga mína og þá var ekki aftur snúið,“ segir Geirmundur en orðspor hans spurðist fljótt út enda ekki algengt að svo ungir tónlistarmenn kæmu fram á þeim árum. „Sem betur fer vakti þetta athygli því ég er búinn að vera í bransanum allar götur síðan og hefur þetta verið afar farsæll tími,“ segir Geirmundur, sem einnig starfar sem fjármálastjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga.Hann fékk sér gítar fimmtán ára og stofnaði hljómsveitina Rómó og Geiri. Tíminn leið og spilaði hljómsveitin allt til ársins 1965 þegar Geirmundur gekk til liðs við hljómsveit Hauks Þorsteinssonar. „Við spiluðum saman í ár en þá hætti Haukur og við nefndum hljómsveitina Flamingó. Hún starfaði til ársins 1971 en þá stofnaði ég Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar sem hefur starfað óslitið síðan.“

Geirmundur segir margt hafa fleytt honum áfram á ferlinum en lagið „Bíddu við“ kom honum á kortið árið 1972. „Þá fór ég að senda inn lög í Júróvisjón sem öll urðu vinsæl,“ segir Geirmundur og nefnir lögin Lífsdansinn, Látum sönginn hljóma og Vaxandi þrá. Geirmundur hefur átt marga slagara í gegnum tíðina og þeyttist vítt og breitt um landið til að skemmta fólki á áttunda og níunda áratugnum. Hann heldur jafnharðan áfram og er bókaður allt þetta ár og fram á það næsta. „Ég hef verið gríðarlega lánsamur og er þakklátur öllum sem hafa á mig hlýtt. Ég get hætt hvenær sem er en sé reyndar ekki ástæðu til þess í bráð.“



**FYRSTA NIKKAN** Geirmundur keypti fyrstu nikkuna aðeins þrettán ára og sló í gegn frá fyrstu stundu á sveitaböllunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Á föstudaginn mun Geirmundur flytja rjómann af lögum sínum og fær hann til liðs við sig söngfólk úr ýmsum áttum. Má þar nefna Magna Ásgeirsson sem tekur nokkur af rokklögum hans, Álftagerðisbræður og þrjá kóra.

vera@frettabladid.is

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birgitta Stefánsdóttir**
Gröf í Bitru (frá Kleifum í Gilsfirði),

lést á Dvalarheimilinu í Borgarnesi laugardaginn 26. apríl. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 3. maí kl. 14.00.

**Björg Gísladóttir** — **Reynir Helgason**
**Hallgrímur Gíslason** — **Bára Ólafsdóttir**
**Rögnvaldur Gíslason** — **Arnheiður Guðlaugsdóttir**
**Stefán Gíslason** — **Björk Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Baldvins Lárusar Guðjónssonar**

**Halla E. Stefánsdóttir**
**Börkur B. Baldvinsson** — **Matthildur Sigurjónsdóttir**
**Guðjón B. Baldvinsson** — **Ingunn L. Guðmundsdóttir**
**Katrín K. Baldvinsdóttir** — **Sigurbjartur Á. Guðmundsson**
**Þorsteinn V. Baldvinsson** — **Sigríður Björnsdóttir**
**Kristján G. Gunnarsson** — **Guðrún A. Jóhannsdóttir**
**Gunnur K. Gunnarsdóttir** — **Hlynur Þorsteinsson**
**Björk K. Gunnarsdóttir** — **Guðmundur Jónsson**
**Steinunn H. Gunnarsdóttir** — **Róbert G. Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, dóttir mín, systir okkar og eiginkona mín,*

**Guðbjörg Magna Björnsdóttir**
Fensölum 2, 201 Kópavogi,

sem lést aðfaranótt 22. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 2. maí kl. 15.00.
Fyrir hönd vandamanna,

**Þórunn Soffía Þórðardóttir** — **Þórunn Magnúsdóttir**
**Þórður Sveinlaugur Þórðarson** — **Sveinlaugur Björnsson**
**Rebekka Björnsdóttir**
**Þórður Jónsson** — **Þórgunnur Björnsdóttir**
**Sveinbjörn Björnsson.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur okkar og systur,*

**Söru Lindar Eggertsdóttur**
Mosarima 37, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigurmunda Skarphéðinsdóttir** — **Eggert Ísólfsson**
**Ísólfur Eggertsson**
**Edda Rós Eggertsdóttir.**

---



†

*Elskulegi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gissur Jóel Gissurarson,**
Brávallagötu 26, Reykjavík,

andaðist þriðjudaginn 23. apríl. Verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 2. maí klukkan 13.00.

**Margrét Margeirsdóttir**
**Ívar Gissurarson** — **Stefanía Hrólfsdóttir**
**Margeir Gissurarson** — **Hulda Biering**
**Snorri Gissurarson** — **Bára Ægisdóttir**
**Laufey Elísabet Gissurardóttir** — **Kristinn Ólafsson**
**Lilja Gissurardóttir** — **Árni Benediktsson**
**Ingólfur Gissurarson** — **Valdís Arnórsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haukur Runólfsson**
Víkurbraut 30, Hornafirði,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Hornafirði, laugardaginn 26. apríl, verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið og gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

**Halla Bjarnadóttir**
**Gunnlaugur Höskuldsson** — **Linda Tryggvadóttir**
**Jón Haukur Hauksson** — **Sesselja Steinólfsdóttir**
**Hulda Laxdal Hauksdóttir** — **Páll Róbert Matthíasson**
**Runólfur J. Hauksson** — **Svanhildur Karlsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðlaugur Jónsson**

frá Skarði á Skarðsströnd, Dalasýslu,

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð miðvikudaginn 23. apríl, verður jarðsunginn frá Garðakirkju Álftanesi, miðvikudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**Jón Guðlaugsson**
**Alda Særós Þóðardóttir**
**Jóhannes Kristján Guðlaugsson**
**Hildur Steinþórsdóttir**
**Kristbjörg Helga Guðlaugsdóttir**
**Valdimar Guðlaugsson**
**Ólína Guðlaugsdóttir**
**Sigurður Rafn Borgþórsson**
**Kristín Jóhanna Valdimarsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga María Kristjánsdóttir**

Urðarvegi 15, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 23. apríl sl. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. maí kl. 11.00.

**Ólafur Sveinbjörn Vilhjálmsson**
**Sigrún Þórey Ágústsdóttir**
**Guðjón Andersen**
**Vilhjálmur Ólafsson**
**Birna Ólafsdóttir**
**Kristján Ólafsson**
**Hulda V. Steinarsdóttir**
**Guðbjartur Brynjar Ólafsson**
**Sóley Sveinsdóttir**
**Sesselja Anna Ólafsdóttir**
**Jón Pétur Einarsson**
**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Þórey María Ólafsdóttir**
**Þórður E. Sigurvinsson**
**Lilja Debóra Ólafsdóttir**
**Sæmundur B. Guðmundsson**
**Nína Dís Ólafsdóttir**
**Magnús Salvarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og aðrir ástvinir.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,*

**Ólafur Geir Sigurgeirsson**

Dvalarheimilinu Ás, Hveragerði,

andaðist á Heilbrigðistofnun Suðurlands, Selfossi, sunnudaginn 27. apríl. Jarðarför auglýst síðar.

**Salvör Sumarliðadóttir**
**og fjölskylda.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Sigmar Guðmundsson**

frá Sæfelli, Eyrarbakka,

andaðist hinn 25. apríl á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Selfossi. Jarðarförin nánar auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn**
**og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og tengdasonur,*

**Ársæll Karl Gunnarsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 26. apríl. Útför hans fer frá Vídalínskirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Rakel Ársælsdóttir**
**Rúnar Snæland**
**Gunnar Karl Ársælsson**
**Sigurlaug Sverrisdóttir**
**Sólrún Ársælsdóttir**
**Ingólfur V. Ævarsson**
**Ingibjörg Birna Ársælsdóttir**
**Gunnar Yngvason**
**Hafsteinn Sigurþórsson**
**Ingibjörg Birna Þorláksdóttir**
**barnabörn**
**og aðrir vandamenn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bogi Pétursson,**

Víðimýri 16, Akureyri,

andaðist fimmtudaginn 17. apríl á sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju í dag, þriðjudaginn 29. apríl, kl. 14.00.

**Margrét Magnúsdóttir**
**Arthur Bogason**
**Dagný Elsa Einarsdóttir**
**og barnabarn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hafdís Hanna Moldoff**

Klapparhlíð 28, Mosfellsbæ,

verður jarðsett frá Digraneskirkju í Kópavogi, miðvikudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**María Ragnarsdóttir**
**Óskar Árni Hilmarsson**
**Guðbjörg Rósa Ragnarsdóttir**
**Gunnar George Gray**
**Sigurður Páll Ragnarsson**
**Jóhanna Ragnarsdóttir**
**Ólafur Steinbergsson**
**Lárus Kristinn Ragnarsson**
**Björg Ragnarsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björgvin Jónsson**

prentari, Holtagerði 48, Kópavogi,

lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi 20. apríl. Útför fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 30. apríl kl. 15.00.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Björgvinsson**
**Karen Valdimarsdóttir**
**Hrafnhildur Björgvinsdóttir**
**Davíð Friðriksson**
**Þorgeir Björgvinsson**
**Klara Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Kolbeinn Björgvinsson**
**Unnur Þóra Valsdóttir Proppé**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Þórir Þorsteinsson**

sem andaðist 14. apríl, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 2. maí klukkan 15.00.

**Hjördís Einarsdóttir**
**Lísbet G. Sveinsdóttir**
**Árni Þór Árnason**
**Sveinn Þórir Geirsson**
**Tinna Hrafnsdóttir**
**Hjördís Árnadóttir**
**Ragnar Þórisson**
**Þórdís Hulda Árnadóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorsteinn Auðunsson**

skipstjóri, Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður til heimilis að Mávahlíð 42,

sem lést mánudaginn 21. apríl, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, þriðjudaginn 29. apríl, kl. 13.00.

**Vilhelmína Þorsteinsdóttir**
**Ellen Þórarinsdóttir**
**Halldór Pétur Þorsteinsson**
**Guðrún Jónína Ragnarsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson**
**Unnur Egilsdóttir**
**Aðalheiður Þorsteinsdóttir**
**Hreinn Jónsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Vilhelmínu Arngrímsdóttur**

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður til heimilis að Skúlaskeiði 18.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á 3B Hrafnistu.

**Sigurfljóð Erlendsdóttir**
**Anna Erlendsdóttir**
**Kristján J. Ásgeirsson**
**Davíð V. Erlendsson**
**Vignir Erlendsson**
**Inga Áróra Guðjónsdóttir**
**Steinar R. Erlendsson**
**Dagrún Erla Ólafsdóttir**
**Arngrímur I. Erlendsson**
**Erla M. Erlendsdóttir**
**Ólafur Ö. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bryndísar Gróu Jónsdóttur**

Melteig 22, Keflavík,

sem lést 10. apríl sl. á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Sérstakar þakkir fyrir góða umönnun eru færðar starfsfólki á deild 11-G á Landspítalanum við Hringbraut og starfsfólki líknardeildar. Guð blessi ykkur.

**Emil Ágústsson**
**Ingileif Emilsdóttir**
**Snorri Eyjólfsson**
**Anna María Emilsdóttir**
**Árni Hannesson**
**Ægir Emilsson**
**Sóley Ragnarsdóttir**
**Sigríður Þórunn Emilsdóttir**
**Valdimar Ágúst Emilsson**
**Ágústa Kristín Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bjarnheiður Davíðsdóttir**

sem lést að Hrafnistu í Reykjavík hinn 20. apríl. sl. verður jarðsungin frá Fossvogskapellu 30. apríl nk. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Davíð Guðmundsson**
**Ingunn A. Ingólfsdóttir**
**Hrönn Andrésdóttir**
**Vilmundur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elsku eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Elsa Guðbjörg Vilmundardóttir**

jarðfræðingur, Kaldrananesi Mýrdal,

lést 23. apríl sl. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Pálmi Lárusson**
**Vilmundur Pálmason**
**Lilja Björk Pálsdóttir**
**Guðrún Lára Pálmadóttir**
**Oddur Valur Þórarinsson**
**Elsa Barðdal Vilmundardóttir**
**Ásrún Ösp Vilmundardóttir**
**Arnþór Víðir Vilmundarson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


Himinn og haf / SÍA

# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

## STUÐ MILLI STRÍÐA Hin tuðandi þjóð kemur út úr skápnum

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** DUSTAR RYKIÐ AF BYLTINGARANDANUM



Þegar flett er upp á orðinu „tuð; að tuða“ í alfræðiorðabók birtist mynd af Íslendingi sem situr í heitum potti, þenur brjóstkassann í allt of lítilli speedo-skýlu og tuðar við næsta mann. Hann getur fundið að ýmsu í sínu þjóðfélagi, til að mynda okrinu sem er skjalfest á netinu.

Þegar of háu verðlagi hefur verið gert skil í stuttri tuð-tölu fer dæmigerði Íslendingurinn á flug enda er hann þá kominn út í hina svokölluðu „einkavinavæðingu“ og fjölskylduvæðingu dómstólanna. Hann hrósar jafnvel Spaugstofunni fyrir söngatriði sitt sem honum fannst mátulegt skot á Dabba kóng og bætir því við, hróðugur: „Ég ætla sko aldrei að kjósa Sjálfstæðisflokkinn aftur.“

Hin tuðandi þjóð hefur verið ráðandi afl á Íslandi og fengið að blómstra eins og mávar á reykvískri tjörn á bloggsíðum netsins. Hinum tuðandi almúga finnst fátt jafn skemmtilegt og að lesa tuð annarra bloggara og hossa þeim jafnvel í athugasemdakerfinu fyrir tuðið þeirra. Og þannig hefur þetta eiginlega verið síðan Jón Arason var hálshöggvinn þegar hann neitaði að tuða bara yfir nýjum sið heldur kaus að mótmæla með kjafti og klóm yfirgangi þýska munksins.

Og tuðurum finnst ótrúlegt að einhverjum skuli detta það í hug að hætta tuðinu og gera eitthvað í málinu. Þannig var drengurinn sem sagði við borgarstjórann að „hann væri ekkert fuckings borgarstjóri“ útmálaður sem heimskingi og illa máli farinn dólgur. Og vörubílstjórar í dag eru dæmigerðir þursar sem hlýða ekki valdstjórninni.

Þess vegna hlýtur hin verkfallsóða stétt kennara að hugsa sig tvisvar um áður en hún krefst sanngjarnra launa. Því verkfall þeirra lamar allt samfélagið og þeir sem lama samfélagið fá einfaldlega að kenna á gasinu góða. Og tuðarar fá þá sitthvað fyrir sinn snúð enda hafa þeir alltaf staðið í þeirri trú að kennarar ættu bara að tuða yfir laununum sínum en ekki kvarta á opinberum vettvangi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Menningarstefna og byggingarlist

Í tilefni af 40 ára afmæli Norræna hússins efnir það til veigamikillar og metnaðarfullrar dagskrár, Byggingarlist í brennidepli – Mannlíf í miðborg, sem stendur fram í miðjan maí. Dagskráin samanstendur af fyrirlestrum, umræðum og sýningum. Viðburðurinn er samstarf milli Norræna hússins, Arkitektafélags Íslands, Listaháskóla Íslands, Center for Icelandic Art og Listasafns Reykjavíkur.

Það er einmitt Arkitektafélag Íslands sem stendur fyrir fyrirlestrum og umræðum sem fara fram í Norræna húsinu í dag kl. 17 undir titlinum Menningarstefna og uppbygging – Stefnumótun í byggingarlist og borgarskipulagi. Þar taka til máls þau Halldóra Vífilsdóttir arkitekt, Magnús Árni Skúlason framkvæmdastjóri, Einar Ólafsson arkitekt og Dennis Davíð Jóhannesson arkitekt, en að loknum erindum þeirra taka við pallborðsumræður undir stjórn Jóns Kaldals, ritstjóra Fréttablaðsins. **- vþ**

# Tónlist frá sjö löndum

Kammerkór Mosfellsbæjar heldur vortónleika sína í Bókasafni Mosfellsbæjar á fimmtudag kl. 16. Yfirskrift tónleikanna er Salut d´Amor, en óvenju margar söngperlur eru á efnisskránni að þessu sinni sem eru frá sjö mismunandi löndum.

Á tónleikunum mun kórinn syngja verk frá ólíkum tímabilum, allt frá endurreisninni fram til dagsins í dag. Á meðal þeirra verka sem kórinn flytur má nefna tvö lög úr Flamenco-messu eftir Paco Pena og frönsku danslögin Belle qui og Tourdion. Einnig eru á efnisskránni lög eftir tónskáld á borð við G. F. Händel, W. A. Mozart og E. Elgar. Úr íslensku flórunni koma verkin Haldið'ún Gróa hafi skó eftir Gunnar Reyni Sveinsson og Maríukvæði eftir Atla Heimi Sveinsson. Kórinn fagnar sumri með flutningi glaðlegs gospel-lags, Ride on, King Jesus, í útsetningu Moses Hogan. Einsöngvari á tónleikunum er Auður Árnadóttir, en hún leikur jafnframt á flautu, og meðleikari er Arnhildur Valgarðsdóttir. Einnig kemur fram Eva Þórdís



**KAMMERKÓR MOSFELLSBÆJAR** Heldur tónleika í Bókasafni Mosfellsbæjar á fimmtudaginn.

Ebenezersdóttir fiðluleikari og strengja- og slagverksnemendur úr Listaskóla Mosfellsbæjar og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Stjórnandi Kammerkórs Mosfellsbæjar er Símon H. Ívarsson. **-vþ**



**MICHEL HOUELLEBECQ** Hefur lítið álit á móður sinni.

# Mamma hefnir sín

Það hefur aldrei ríkt lognmolla í kringum franska rithöfundinn Michel Houellebecq.

Bækur hans eru umdeildar, en hann hefur einnig staðið í ritdeilum við ýmsa aðila, enda óhræddur við að láta skoðun sína tæpitungulaust í ljós. Nýjasta deila Houellebecq kann þó að reynast honum ofviða enda þarf hann að mæta sjálfri móður sinni. Rithöfundurinn hefur aldrei leynt andúð sinni á foreldrum sínum, sem skildu hann eftir hjá ömmu hans á meðan þau ferðuðust um Afríku í nokkur ár. Houellebecq byggði meðal annars persónu kynóðrar og sjálfselskrar móður í bókinni Öreindirnar á sinni eigin móður.

En nú hefur Lucie Ceccaldi, hin 83 ára móðir Houellebecq, gefið út sjálfsævisögu, en í henni fer hún hörðum orðum um hegðun sonarins. Nokkuð erfiðlega gekk að finna útgefanda að bókinni þar sem Houellebecq er ein skærasta stjarna franska bókmenntaheimsins og vildi enginn eiga á hættu að móðga hann. Enn sem komið er hefur Houellebecq lítið gefið fyrir skrif móður sinnar og segist ekki hafa í hyggju að lesa bók hennar. **- vþ**

# Fötin skapa manninn

**Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafninu, eys úr viskubrunni sínum í síðarnefnda safninu í dag kl. 12.05. Hún ræðir um klæðaburð Íslendinga eins og hann birtist á ljósmyndum á sýningunni Til gagns og til fegurðar – sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði 1860-1960. Sýningin byggist á rannsóknum Æsu Sigurjónsdóttur listfræðings. Íslendingar hafa lengi notað ljósmyndir, þjóðbúninga og tísku til að búa til mynd af sjálfum sér. Ljósmyndirnar á sýningunni gefa vísbendingu um hvernig þjóðin leit út og hvernig hana langaði til að líta út.** **- vþ**



> RÍKASTA BARNIÐ

Disney-stjarnan Miley Cyrus, sem hefur gert allt vitlaust í hlutverki Hannah Montana að undanförnu, stefnir hraðbyri í að verða ríkasta barn í heimi, en hún þénaði átján milljónir dollara á síðasta ári. Vörumerkið Hannah Montana er hins vegar talið vera andvirði eins milljarðs íslenskra króna. Miley er fimmtán ára og dóttir tónlistarmannsins Billy Ray Cyrus.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Fyrsta miðnætursýning Nexus

Verslunin Nexus heldur sína fyrstu miðnætursýningu í Kringlubíói í kvöld á hasarmyndinni Iron Man. „Tæknilega séð má ekki sýna hana neins staðar nema 30. apríl. Það fékkst ekki leyfi til að sýna hana fyrr,“ segir Gísli Einarsson, eigandi Nexus.

Iron Man, sem er byggð á samnefndri myndasöguhetju, verður frumsýnd í Bandaríkjunum á föstudag. „Við höfum yfirleitt fengið myndirnar fyrr en núna eru menn svo hræddir um að myndirnar leki á netið,“ segir Gísli og bætir því við að myndin sé með gott orðspor að utan. „Þetta er fyrsta myndin sem Marvel framleiða sjálfir. Eftir að hafa horft á aðra kaupa réttinn og gert myndir með mismunandi árangri ákváðu þeir að slá lán, settu persónur sínar að veði og fóru að framleiða myndir sjálfir. Önnur myndin um Hulk kemur í sumar og svo eru Punisher og fleiri væntanlegar.“



**IRON MAN** Robert Downey Jr. fer með aðalhlutverkið í hasarmyndinni Iron Man.

Gísli hefur mikla trú á járnmanninum. „Hann er í þessum stóra hópi Marvel-hetja. Hann er ekki eins frægur og Spiderman eða X-Men en hann er búinn að vera ofurhetja í fjörutíu ár eða meira,“ segir hann. „Það er alltaf spenningur hjá fólki yfir þessum myndum sem eru byggðar á myndasögum. Það eru bara tíu ár síðan Blade var gerð, sem var fyrsta alvöru myndin eftir Marvel-söguhetju. Þó að hetjurnar séu allt að fjörutíu ára gamlar eru ekki nema tíu ár síðan það var byrjað að gera kvikmyndir af einhverju viti um þær.“

Miðaverð á miðnætursýninguna er 1.600 krónur og eru númeruð sæti að eigin vali innifalin auk þess sem hvorki hlé né texti eru í boði.

- fb

# Jötnar halda tónleika

Sterkasti maður Íslands undanfarin þrjú ár, Kristinn Óskar Haraldsson, eða Boris eins og hann kallar sig, og kraftakarlinn Stefán Sölvi Pétursson halda styrktartónleika á Nasa 8. maí til styrktar samtökunum Blátt áfram.

Margar af frægustu hljómsveitum landsins taka þátt í tónleikunum, þar á meðal Sálin hans Jóns míns, Ný dönsk, Á móti sól, Brain Police, Merzedes Club, Nylon og Rokksveit Rúnars Júlíussonar.

„Ég og Stefán Sölvi, æfingafélagi minn, ákváðum að reyna að láta gott af okkur leiða og völdum Blátt áfram sem málstað til að berjast fyrir,“ segir Boris. „Þær eru tvær systurnar sem eru með þetta og þær þurfa á hjálp að halda því þær fá ekki reglulega styrki. Svo finnst mér þetta líka góður málstaður til að berjast fyrir,“ segir hann en Blátt áfram starfar við forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.



**BORIS OG STEFÁN** Boris (til vinstri) og Stefán Sölvi Pétursson standa fyrir styrktartónleikum á Nasa 8. maí.

Boris ætlar að verja titil sinn sem sterkasti maður Íslands dagana 17. og 18. júní. Þó gæti það sett strik í reikninginn að hann keppir í Rússlandi nokkrum dögum áður. „Ég verð á síðustu dropunum en það þýðir ekkert að væla.“

- fb


Flutningur á lækningastofu

Frá og með 1. maí flyst lækningastofa mín úr Lækningu Lágmúla 5, í Læknahúsið Domus Medica, Egilsgötu 3 , 101 Reykjavík.

Tímapantanir daglega milli kl 9-18 s:5631060
Dr. Karl Logason sérgrein æðaskurðlækningar og almennar skurðlækningar



Eyrir Invest ehf., kt. 480600-2150, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 3.500.000.000 var gefinn út þann 20. ágúst sl. og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. EYRI 07 2. Skuldabréfin eru óverðtryggð. Skuldabréfin eru hvert að fjárhæð kr. 5.000.000 og skulu bera 3ja mánaða Reibor vexti að viðbættu álagi sem er 220 punktar og skulu endurgreiðast á 8 vaxtagjalddögum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 20. nóvember 2007. Höfuðstóll bréfanna skal endurgreiðast þann 20. ágúst 2009. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 29. apríl 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast á prentuðu formi, frá og með 29. apríl 2008, hjá útgefanda Eyri Invest ehf., Skólavörðustíg 13, 101 Reykjavík, og á vefsetri útgefanda, www.eyrir.is, í ár frá birtingu lýsingarinnar. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 29. apríl 2008

EYRIR INVEST KAUPÞING


# Detox-drottningar í hár saman

**Jónína Benediktsdóttir setur fram spurningar við detox-námskeið sem Edda Björgvinsdóttir stendur fyrir. Edda segir Jónínu kasta steinum úr glerhúsi.**

„Ég er ekkert að kenna detox. Ég er bara með fyrirlestur um jákvæðni og húmor. Og er með alla frægustu og bestu fyrirlesara sem hægt er að finna,“ segir Edda Björgvinsdóttir leikkona. Hún hefur blásið til detoxnámskeiðs að Sólheimum sem hefst 30. apríl og stendur til 4. maí.

Jónína Benediktsdóttir, sem hefur um nokkurt skeið staðið fyrir ferðum til Póllands með hópa Íslendinga í detox, eða hreinsun, setur fram á frægri síðu sinni nokkrar athugasemdir við námskeið Eddu. Hún segir hláturinn vissulega skipta máli þegar detox er annars vegar en það sé mjög flókið lífffræðilegt ferli. „... getur því verið skaðlegt kukl að selja fólki þá hugmynd að 4 dagar geri eitthvað gagn,“ skrifar Jónína og bendir á að Edda sé ekki með neina lækna við höndina. „Það á að mínu mati aldrei að leika sér með heilsu fólks,“ segir Jónína.



**JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR** Segir það geta verið skaðlegt kukl að selja fólki þá hugmynd að fjögurra daga detox-námskeið geri gagn.



**EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR** Segir að fólk eigi að kynna sér hlutina áður en farið sé að gaspra um þá á netinu.

Edda segir þetta hlægilegt. „Fólk rís upp og segir: Bara ég! Bara ég! Það gerir Jónína gjarnan þótt hún sé yndisleg kona. Hún veit ekkert hvað við erum að bjóða upp á á þessu detox-námskeiði. Það er hægt að hreinsa líkamann á margan hátt. Við erum ekki að þröngva fólki til að vera á fljótandi fæði eða einhverjum einum rétti,“ segir Edda og talar um fjölbreytt grænmetisfæði, lífrænt, og það sé góð leið til að byrja á að hreinsa líkamann. Og til þess þurfi engan lækni.

Jónína bendir á að hálfur mánuður í Póllandi kosti rétt helmingi meira en fjögurra daga námskeið Eddu. Edda segir einfalt reikningsdæmi að með flugfargjöldum séu menn komnir upp í töluvert hærra verð en Jónína tali um á síðu sinni. Og aðspurð segir hún kosta 59 þúsund í fimm daga námskeið sitt bóki tveir sig saman. „Það þarf ekki að röfla um það. Svo á maður að hætta að kasta steinum úr glerhúsi. Það eru mín skilaboð til þeirra sem alltaf þurfa að vera að standa og æpa á aðra. Alltaf að kynna sér hluti áður en maður fer að gaspra á netinu um þá.“

Edda segist hafa verið heilsufrík í mjög mörg ár, ekki af því að hún sé svona sólgin í heilsufæði ... „sem mér finnst ömurlegt, en er sólgin í að vera laus við fimmfalda lyfjaskammta í ellinni. Og píni mig til að borða lífrænt og mikið af grænmeti þótt mig langi oft miklu meira í eitthvert fjandans rusl.“

jakob@frettabladid.is

# Charlotte í einkaþotu

Það eru fleiri en íslenska ríkisstjórnin sem þarf einkaþotu til að spara tíma. Hin sænska Charlotte Perrelli ferðast nú um Evrópu á einkaþotu og kynnir sig. Charlotte vill verða fyrsta konan til að vinna keppnina tvisvar og reynir nú með laginu „Hero“. Charlotte gerði sigurdrauma Íslands að engu árið 1999 þegar hún marði sigur gegn „All out of Luck“ Selmu Björns. Ekki er víst að Íslendingar hafi gleymt þessu og verðlauni söngkonuna með mörgum stigum þegar Charlotte stígur á svið strax á eftir Eurobandinu 22. maí.

Textinn við rússneska lagið „Believe“ er byggður á bókinni/kvikmyndinni The Secret, Leyndarmálinu, sem farið hefur eins og eldur um sinu heimsbyggðarinnar síðustu árin. Boðskapur myndarinnar, kvikmyndarinnar og nú rússneska lagsins, er sá að ef maður vill eitthvað nógu mikið, sjái markmiðið í huga sér og sé jákvæður, þá náist markmiðið. „Ég vil að lagið mitt sem er með þessum fallega texta og töfrandi skilaboðum nái til sem flestra,“ segir söngvarinn Dima Bilan sem hefur sungið lagið á ýmis tungumál.

Franski tískugúrúinn Jean-Paul Gaultier mun lýsa aðalkeppninni í franska sjónvarpinu með Julien Lepers, sem lýsti einn í fyrra. Þetta verður ekki í fyrsta skipti sem Jean-Paul mætir á Eurovision, en í fyrsta skipti sem hann lýsir. Jean-Paul er mikill Eurovision-áhugamaður og hefur meðal annars hannað nokkra búninga fyrir frönsku keppendurna í gegnum tíðina.



**VILL VINNA AFTUR** Charlotte Perrelli hét Charlotte Nilsson árið 1999.

EUROVISION 23 DAGAR TIL STEFNU

# Talar um greddu

Tónlistarmaðurinn Mugison líkir stemningunni í laginu Jesus Is a Good Name to Moan á plötu sinni Mugiboogie við sjálfsfróun í viðtali við kanadísku heimasíðuna Straight.com.

„Það er gífurlega mikil gredda í þessu lagi. Við vildum ná sjálfsfróunar-andrúmslofti, eins og við værum að horfa á þrjú hundruð konur að fróa sér fyrir framan okkur,“ segir Mugison. „Um leið og við gátum ímyndað okkur það náðum við réttu upptökunni.“

Hann segist hlakka mikið til að hita upp fyrir rokksveitina Queens of the Stone Age á tónleikaferð um Kanada sem hefst á miðvikudag. „Það yrði skref fram á við fyrir mig þótt ég myndi spila á klósettinu á þeim stöðum þar sem ég mun spila með Queens of the Stone Age.“

Mugison segist hafa byrjað að semja rokklög eftir að hann kynntist konunni sinni og eignaðist með henni tvo syni. „Áður fyrr spilaði ég raftónlist og nokkur ástarlög. Það lítur ekki vel út ef pabbi þinn er eins og Julio Iglesias eða jafnvel Four Tet. Þú vilt að pabbi þinn sé í Sepultura. Þess vegna breytti ég til.“



**MUGISON** Á leiðinni til Kanada.

# Við ætlum að vinna

Nú mæðir á Eurobandinu. Stóra stundin nálgast óðfluga og Friðrik og Regína eru vakin og sofin yfir verkefninu. Á föstudagskvöldið skemmtu þau í stærsta Eurovision-partíi í London síðan 1977.

„Þetta var geðveikt,“ segir Friðrik Ómar og bendir á að upptökur frá skemmtuninni megi nú sjá víðs vegar á netinu. „Við tókum syrpu af fyrrverandi vinningslögum og næsta singul, „A Ba Ni Bi“. Enduðum svo sjóið á „This Is My Life“.“

Friðrik segir að gaman hafi verið að hitta hina keppendurna, en samtals tróðu tólf Eurovision-farar upp í London. „Það voru allir með „krú“ með sér nema við. Við spjölluðum heilmikið við hina keppendurna og leist vel á. Dívan frá Úkraínu, Ani Lorak, var fyrirferðarmikil og sagði „we love you“ við alla sem hún hitti. Svo hertók hún búningsherbergið. Við létum það nú ekkert fara í taugarnar á okkur. Hún ætlar að vinna. Eins og við reyndar líka.“



**Í „LESS IS MORE“-FÍLING** Regína og Friðrik Ómar í London.

Serbía kallar. „Við förum út eftir hálfan mánuð og förum svo strax á æfingu morguninn eftir. Það verða stífar æfingar á atriðinu. Selma Ragnars og Skjöldur eru á fullu við að hanna búningana en ég á ekki von á að þeir verði sýndir fyrr en við erum komin út. Sumar gellur í keppninni verða í tíu milljóna kjólum með demanta liggur við uppi í nasaholunum, en það er meira svona „less is more“-fílingur í okkur.“

Fyrsta plata Eurobandsins er væntanleg eftir um það bil hálfan mánuð. Þar verða lögin sem Friðrik og Regína hafa sungið í undankeppnum á Íslandi, ýmis sigurlög fyrri ára og að sjálfsögðu „This Is My Life“. - glh

# Heimsækja hommabar

**Jim Carrey og Ewan McGregor vöktu mikla athygli þegar þeir lögðu leið sína á hommabarinn Halo í Miami á dögunum. Leikararnir voru þangað komnir til að fá innblástur fyrir myndina I Love You Phillip Morris, þar sem þeir leika samkynhneigt par.**



**EWAN MCGREGOR**

**„Jim og Ewan litu út fyrir að skemmta sér mjög vel. Þeir hlógu og grínuðust og litu út fyrir að vera að reyna að komast í karakter,“ segir einn sjónarvotta.**

**Í myndinni leikur Carrey afbrotamanninn Steven Marshall, sem verður ástfanginn af manninum sem hann deilir klefa með í fangelsi, Phillip Morris, sem McGregor leikur. Marshall reynir að flýja úr fangelsinu eftir að Morris er sleppt.**

# Pottþétt 46 komin út

Nýjasta safnplatan í Pottþétt-röðinni vinsælu er komin út. Á safnplötunni, sem er tvöföld, eru flest af vinsælustu lögum dagsins í dag. Á meðal íslenskra flytjenda eru Páll Óskar með lagið Er þetta ást?, Lay Low með Jolene, Merzedes Club með Meira frelsi, Ingó og Veðurguðirnir með Bahama og þeir Bubbi og Björn Jörundur með nýja útgáfu af laginu Ég er kominn heim sem Óðinn Valdimarsson gerði vinsælt árið 1960. Á meðal erlendra flytjenda eru Duffy með Mercy og Justin Timberlake með Sexy Ladies. Pottþétt 46 er 83. platan í Pottþétt-útgáfuröðinni.









| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | 5% | | REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | 5% | |
|---|---|---|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 | THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| STREET KINGS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 | THE BAND´S VISIT | kl. 6 ENSKUR TEXTI | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | | THE KING OF KONG | kl. 6 - 8 - 10 ÍSLENSKUR T | |
| 21 | kl. 8 - 10.35 | 12 | TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 -10.20 ENSKUR T | 16 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 -10 | 7 | CARAMEL | kl. 6 ENSKUR TEXTI | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | | | | |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | | BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | 5% | |
|---|---|---|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 | STREET KINGS | kl. 8 - 10 | 16 |
| AWAKE | kl. 8 - 10 | 16 | FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 - 10 | 12 |
| 21 | kl. 6 - 9 | 12 | BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 | SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10.20 | 16 | | | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 5% | 7 | | | |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBT TAYLOR | kl. 6, 8 og 10 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30 | VIP |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 6 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| P2 | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10D | 10 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 | 10 |
| P2 | kl. 10:10 | 16 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:10 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 | L |
| 21 | kl.10 | 12 |
| THE RUINS | kl. 10:10 | 16 |
| HEIÐIN | kl. 8 | 7 |

óbreytt miðaverð á midi.is


# Rottweiler notar Gasmanninn

„Við stukkum á þetta strax og við sáum þetta í fréttunum og hentum þessu út," segir Erpur Eyvindarson um nýtt lag og myndband XXX Rottweiler sem fjallar um aðgerðir lögreglunnar gegn mótmælum vörubílstjóra.

Í laginu, sem nefnist Reykjavík-Belfast, deila Erpur og félagar hart á aðgerðirnar sem þeir telja hafa farið úr böndunum. „Um leið og þú mætir með kylfu, skildi og táragas, svo ég tali nú ekki um þegar þeir eru byrjaðir að tala um rafmagnsbyssur, þá gerir þetta ekkert annað en að æsa fólk upp," segir Erpur. „Þegar maður horfir á myndirnar frá þessu lítur þetta ekki út eins og Reykjavík árið 2008 heldur miklu frekar eins og Belfast."

Lögreglumaðurinn sem hrópaði „gas" og sprautaði piparúða í augu mótmælenda spilar stóra rullu í viðlagi Reykjavík-Belfast. „Ég trúi ekki öðru en að hann sé heima hjá sér að hugsa: „Hvað var ég að pæla?" Það er ekki hlegið meira að öðrum en þessum gasgæja," segir Erpur. „Þetta er nýi gasmaðurinn. Það er einn sem er í Merzedes Club en hann bliknar í samanburði við þennan."

Erpur telur að Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, beri höfuðábyrgð á því hvernig fór. „Björn Bjarna er búinn að missa sig í öllum þessum hernaðardraumum og ef hann fær það ekki byrjar hann að röfla um eitthvert varalið. Maður sér bara fyrir hvað óreyndir skátar og dyraverðir hefðu gert í þessari aðstöðu. Þá hefði allt sprungið í loft upp," segir hann. „Það er ekki hægt að koma í veg fyrir grimmar nauðganir niðri í bæ um helgar og svo er verið að þjálfa margra tuga sérsveitir. Það hefur aldrei verið þörf á þessu." - fb



**GAS!** Hinn nýi gasmaður, að sögn Erps Eyvindarsonar, varar mótmælendur við.



**ERPUR EYVINDARSON** Erpur og félagar í XXX Rottweiler hafa samið lagið Reykjavík-Belfast.

# Amy Winehouse hélt framhjá og vill skilnað

**Hjónabandi söngkonunnar Amy Winehouse og vandræðagemsans Blake Fielder-Civil er lokið, samkvæmt heimildum The Sun. Þau voru gift í ellefu mánuði.**

Hjónabandi Amy Winehouse og Blake Fielder-Civil er lokið, samkvæmt breska blaðinu The Sun. Winehouse ku hafa slitið sambandinu á mánudag fyrir rúmri viku, þegar hún heimsótti eiginmann sinn í Pentonville-fangelsið í London, þaðan sem honum verður sleppt í fyrsta lagi 9. júní næstkomandi.

Sögusagnir um erfiðleika í sambandinu hafa gengið fjöllunum hærra síðustu mánuði, eftir að Winehouse missti ítrekað af heimsóknum í fangelsið, eða var sein fyrir. Þá er samband hennar við tengdafjölskyldu sína ekki heldur til fyrirmyndar, en móðir Fielder-Civil hefur ekki farið leynt með það að hún sé óánægð með hjónabandið.

Samkvæmt The Sun ákvað Winehouse að slíta sambandinu eftir að hafa hugsað málið vandlega og átt röð samtala við hinn 24 ára gamla Alex Haynes, sem er aðstoðarmaður umboðsmanns hennar. Heimildarmaður The Sun segir að Amy sé þó enn hlýtt til Fielder-Civil, en hún vilji ekki vera í sambandi við hann lengur. „Hún hefur verið sein og misst af fangelsisheimsóknum, svo hún ákvað að vera bara hreinskilin við hann. Hann fór að gráta og bað hana um að halda áfram. En þegar Amy er búin að ákveða sig verður því ekki breytt. Hún er að sækja um skilnað og gera þetta opinbert og hefur verið að fagna síðan," segir heimildarmaðurinn.

The Sun greinir frá því að Winehouse hafi hins vegar fallið fyrir umræddum aðstoðarmanni, Alex, og að hann hafi nánustu séu himinlifandi með þá ráðahagi. Alex ku vera „góður strákur", notar ekki eiturlyf og drekkur lítið, og vonast því velunnarar Amy til að hann hafi góð áhrif á hana.

Fielder-Civil virðist einnig hafa jafnað sig fljótt og vel, því samkvæmt The Sun sást hann senda ljóshærðu fyrirsætunni Sophie Schandorff fingurkossa og ástarjátningar fyrir rétti í London á föstudag. Winehouse var ekki á staðnum.



**HJÓNABANDINU LOKIÐ** Amy Winehouse vill skilja við Blake Fielder-Civil, og hefur fundið ástina í örmum hins 24 ára gamla Alex Haynes. NORDICPHOTOS/GETTY






ALEX TURNER Alex Turner úr Arctic Monkeys hefur gefið út plötu með hljómsveitinni The Last Shadow Puppets.

# Puppets á toppinn

Fyrsta plata hljómsveitarinnar The Last Shadow Puppets, The Age of the Understatement, fór beint á toppinn í Bretlandi sína fyrstu viku á lista. Sveitin er hliðarverkefni Alex Turner úr Arctic Monkeys og Miles Kane úr The Rascals. Turner hefur áður komist tvisvar á toppinn með Arctic Monkeys og svo virðist sem allt sem hann snerti verði að gulli í Bretlandi.

Turner vonast til að sveitin eigi eftir að gefa meira út. „Ég held að við getum þróað okkur enn frekar áfram því við vitum ekki til þess að neinn annar sé að gera svipaða hluti,“ sagði hann.



CHRIS MARTIN Lagið Violet Hill verður fáanlegt á heimasíðu Coldplay frá og með deginum í dag.

# Frítt lag á heimasíðu

**Violet Hill, fyrsta smáskífulag Coldplay af sinni nýjustu plötu, Viva La Vida or Death and All His Friends, verður fáanlegt sem ókeypis niðurhal í eina viku frá og með deginum í dag á heimasíðunni Coldplay.com.**

**Coldplay ætlar einnig að halda ókeypis tónleika í London Brixton Academy 16. júní og í Madison Square Garden í New York 23. júní til að fylgja plötunni eftir. Hægt verður að vinna miða á tónleikana á Coldplay.com.**

**Tíu lög verða á nýju plötunni, sem kemur út 16. júní. Upptökustjórar voru þeir Brian Eno og Markus Dravs.**

# Fjörutíu í Þorskastríði

Rúmlega fjörutíu hljómsveitir og tónlistarmenn hafa sent lög inn í keppnina Þorskastríðið sem útgáfufyrirtækið Cod Music stendur fyrir. „Þetta er framar öllum vonum að mínu mati. Þetta er bara búið að vera í gangi í tvær vikur og ég bjóst ekki við svona mörgum hljómsveitum í byrjun. Ég er virkilega ánægður með þetta,“ segir Jón Þór Eyþórsson, útgáfustjóri Cod Music. „Þetta kostar ekkert og eina reglan er að lögin séu frumsamin. Við erum að fá lög allt frá fjórtán ára strákum upp í 47 ára trúbadora og allt þar á milli,“ segir hann.

Senda skal tvö til fjögur lög á heimasíðuna Cod.is og er opið fyrir innsendingar til sjötta maí. Þann sextánda maí verður síðan tilkynnt um sigurvegarann, og fær hann í sinn hlut útgáfusamning við Cod Music. - fb

# Tvöfalt Rokkland

Sjöundi Rokklands-diskurinn, Rokkland 2007, er kominn út í veglegri útgáfu. Um er að ræða tvöfaldan disk með 41 lagi og ýmissa staðreynda um hvert þeirra. Á fyrri disknum eru nokkur af bestu lögum ársins að mati Ólafs Páls Gunnarssonar, stjórnanda útvarpsþáttarins Rokklands. Á meðal þeirra eru Freight Train í flutningi Ólafar Arnalds, Péturs Ben og Lay Low, Baráttusöngur uppreisnarklansins á skítadreifurunum með Jónasi Sigurðssyni, Love Is a Losing Game með Amy Winehouse og Reckoner með Radiohead. Á síðari disknum eru rokklög frá ýmsum tímum, allt frá 1956 til 2003.



ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON Sjöundi Rokklands-diskurinn er kominn út.

Rokklandsdiskarnir eru hugsaðir sem eins konar framlenging útvarpsþáttarins Rokkland sem hefur verið á dagskrá Rásar 2 frá árinu 1995. Andrea Jónsdóttir er hægri hönd Ólafs Páls Gunnarssonar við gerð textans í bæklingnum sem fylgir hverjum diski.

# Stýrir Hobbitanum

Staðfest hefur verið að hinn mexíkóski Guillermo del Toro muni leikstýra tveimur kvikmyndum byggðum á skáldsögu JRR Tolkien, Hobbitinn. Myndirnar, sem eru væntanlegar í bíó 2010 og 2011, fjalla um atburði sem áttu sér stað á undan þeim sem gerðust í Lord of the Rings-þríleiknum sem Peter Jackson leikstýrði. Orðrómur hafði verið uppi um þátttöku del Toro og hefur hann nú verið staðfestur.



GUILLERMO DEL TORO Del Toro, lengst til hægri, ásamt leikstjórunum Alejandro Iñárritu og Alfonso Cuarón.

„Að fá að taka þátt í arfleifð Lord of the Rings er sannkallaður draumur,“ sagði hinn 43 ára Toro. Jackson mun framleiða myndirnar sem verða teknar upp samtímis í Nýja-Sjálandi.

Del Toro sló í gegn með myndinni Pan´s Labyrinth sem vann þrenn Óskarsverðlaun í fyrra. Næsta mynd hans, framhald Hellboy, kemur út síðar á þessu ári.

Sir Ian McKellen hefur þegar lýst yfir áhuga á að endurtaka hlutverk sitt sem Gandálfur en hefur ekki undirritað samning þess efnis.




**FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR GRINDVÍKINGUM 12. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008** 8. sæti 12. sæti

**> LYKILMAÐURINN**



**Scott Ramsey** átti frábæra endurkomu í boltann síðasta sumar og þótti flestum hann vera besti leikmaður 1. deildarinnar. Ramsey skoraði 8 mörk í 21 leikjum og bjó til fjölmörg mörk til viðbótar með frábærum rispum sínum upp kantana.

# Gjörbreytt Grindavíkurlið

Íþróttablaðamenn Fréttablaðsins spá Grindavíkurliðinu 12. og neðsta sætinu í Landsbankadeild karla í sumar. Grindavík vann 1. deildina í fyrra en liðið hefur gjörbreyst á einu ári og því erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir styrk þess.

Milan Stefán Jankovic, þjálfari liðsins, fór í verslunarleiðangur til heimaslóða sinna í Serbíu og fann þar tvo Serba en eins hefur liðið fengið til síns fyrrverandi landsliðsmann Slóveníu og franskan framherja og allt eins líklegt að fleiri útlendingar bætist í hópinn.

Grindvíkingar hafa misst þrjá „karakter-leikmenn" á stuttum tíma, fyrst Sinisa Kekic á miðju tímabili 2006 og svo bæði Óla Stefán Flóventsson og Paul McShane fyrir þetta tímabil. Liðið féll úr efstu deild á fyrsta ári án Kekic og það er okkar trú að liðinu takist ekki að vega upp á móti brotthvarfi hinna reynslumiklu og fjölhæfu Óla Stefáns og Paul McShane, sem áttu mikinn þátt í að liðið komst upp í fyrrasumar.

Bjartsýni Grindvíkingurinn vonast til þess að nýir útlendingar falli vel inn í liðið og bæjarlífið í Grindavík og ungu strákarnir hafi náð sér í fína reynslu úr 1. deildinni síðasta sumar. Gangi allt upp hjá Grindavík gæti liðið komist upp í miðja deild og forðast fallbaráttuna.

Sá svartsýni í Grindavík efast um að Grindavíkurliðinu takist að búa til nægilega sterka liðsheild úr þessum sundurleita her og þá er óvíst að nýjum útlendingum takist að laga sig að íslenska boltanum. Liðið þarf einnig að finna nýja leiðtoga inni á vellinum til þess að leysa hlutverk þeirra Óla og McShane.



**> X-FAKTORINN**

**Nýir útlendingar** Grindavík verður að minnsta kosti með fjóra nýja erlenda leikmenn í sumar og það er ljóst að þeir þurfa að vera mjög heppnir ætli liðið að forðast fallbaráttuna.

**AÐRIR LYKILMENN**



RAY ANTHONY JÓNSSON



ORRI FREYR HJALTALÍN



ANDRI STEINN BIRGISSON

**GENGI Á VORMÓTUNUM** ■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2007 1. Sæti í B-deild | 2006 9. Sæti | 2005 7. Sæti | 2004 7. Sæti | 2003 6. Sæti | 2002 3. Sæti |



**BESTUR** Ronaldo hefur farið á kostum með United í vetur og skorað 38 mörk í öllum keppnum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmenn ársins á Englandi:

## Ronaldo bestur

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo, leikmaður Manchester United, var í fyrrakvöld kjörinn besti leikmaður tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni af samtökum atvinnumanna í knattspyrnu á Englandi.

Þetta var annað árið í röð sem Portúgalinn snjalli hlýtur verðlaunin. Steven Gerrard og Fernando Torres hjá Liverpool, David James hjá Manchester City og Emmanuel Adebayor og Cesc Fabregas hjá Arsenal voru einnig tilnefndir.

Fabregas fór þó ekki tómhentur heim því hann var valinn besti ungi leikmaðurinn tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni.

Lið ársins var einnig valið og þar á Arsenal flesta fulltrúa, eða fjóra, en Manchester United kemur næst með þrjá fulltrúa. Engir leikmenn Chelsea komust í liðið í þetta skiptið. - óþ

**LIÐ ÁRSINS Á ENGLANDI**

**Valið af samtökum atvinnumanna**

David James (Manchester City)
Bacary Sagna (Arsenal)
Rio Ferdinand (Manchester United)
Nemanja Vidic (Manchester United)
Gael Clichy (Arsenal)
Steven Gerrard (Liverpool)
Cesc Fabregas (Arsenal)
Cristiano Ronaldo (Manchester Utd)
Ashley Young (Aston Villa)
Emmanuel Adebayor (Arsenal)
Fernando Torres (Liverpool)

Ólafur Haukur Gíslason:

## Samdi til 2011

**HANDBOLTI** Ólafur Haukur Gíslason, markvörður og fyrirliði Vals, hefur skrifað undir nýjan samning við handknattleiksdeild Vals en þetta var staðfest á heimasíðu félagsins í gær. Nýr samningur Ólafs Hauks, sem er uppalinn í Val en hefur einnig leikið með Aftureldingu og ÍR, er til þriggja ára og hann mun því að öllu óbreyttu verða á Hlíðarenda í það minnsta til ársins 2011.

Þetta eru gleðifréttir fyrir Valsmenn sem hafa nú samið við báða markverði sína því Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson framlengdi einnig samning sinn við félagið til ársins 2011 á dögunum. - óþ

# Eiður Smári hættulegri en Henry á Old Trafford

**Barcelona heimsækir Manchester United á Old Trafford í kvöld í seinni undanúrslitaleik liðanna í Meistaradeildinni. Eiður hefur skorað þrjú mörk á vellinum.**

**FÓTBOLTI** Í kvöld kemur í ljós hvort al-enskur úrslitaleikur verði í fyrsta sinn í sögu Meistaradeildarinnar í fótbolta þegar Manchester United tekur á móti Barcelona á Old Trafford.

Liðin gerðu markalaust jafntefli á Nou Camp í fyrri leiknum og liðið sem hefur betur í kvöld kemst í úrslitaleikinn í Moskvu á móti annað hvort Chelsea og Liverpool, sem mætast á miðvikudagskvöldið. Mark á útivelli í þessari stöðu er gulls ígildi og Íslendingurinn í liði Börsunga hefur upplifað það oftar en allir aðrir að skora hjá Manchester United á Old Trafford.

Spænskir og enskir fjölmiðar búast allir við að Thierry Henry verði í byrjunarliði Barcelona í kvöld en Henry er með mun lakari árangur á Old Trafford en Eiður Smári Guðjohnsen. Frank Rijkaard setti Henry inn á í seinni hálfleik í fyrri leiknum en okkar maður sat þá allan tímann á bekknum. Það er vonandi að Rijkaard kynni sér frábæra frammistöðu Eiðs Smára í „Leikhúsi draumanna". Henry hefur aðeins skorað 1 mark í 8 leikjum á vellinum en Eiður Smári hefur aftur á móti skorað 3 mörk í 7 leikjum þar af 3 mörk í þeim fjórum leikjum sem hann var í byrjunarliði Chelsea. Eiður Smári hefur skorað þessi 3 mörk á 417 mínútum sem þýðir 139 mínútna bið á milli marka en Henry hefur aðeins skorað 1 mark á 578 mínútum. Eina mark hans á Old Trafford kom í 1-6 tapi 25. febrúar 2001 en hann er síðan búinn að leik í 472 mínútur á vellinum án þess að skora.



**SAMAN Á ÆFINGU** Thierry Henry og Eiður Smári Guðjohnsen. NORDICPHOTOS/AFP



**HÆTTULEGUR** Eiður Smári kann greinilega vel við sig á Old Trafford. NORDICPHOTOS/GETTY

Það er líklega ekki von á mörgum mörkum í kvöld því bæði lið hafa haldið hreinu í fjórum Evrópuleikjum í röð en eins er langt síðan liðin töpuðu í keppninni. United hefur ekki tapað í síðustu ellefu heimaleikjum sínum í Meistaradeildinni og Börsungar hafa ekki tapað í tólf síðustu Meistaradeildarleikjum sínum.

Þetta er í þrettánda sinn sem Manchester United kemst í undanúrslit í Evrópukeppni en félagið hefur aðeins þrisvar komist í úrslitaleikinn en unnið hann í öll þrjú skiptin. Barcelona hefur komist áfram úr 14 af 22 undanúrslitaviðureignum sínum í Evrópukeppnum.

Sagan er hliðholl United því 14 af þeim 20 liðum sem hafa gert markalaust jafntefli á útivelli í fyrri leiknum hafa komist áfram. Bæði lið voru kannski með hugann við þennan risaleik í kvöld um helgina því United tapið 1-2 fyrir Chelsea á Stamford Bridge og Barcelona lá 0-2 gegn Deportivo Coruna á útivelli.

Manchester United vonast eftir því að Wayne Rooney og Nemanja Vidic verði með en þeir meiddust báðir um helgina. Yaya Toure er meiddur á ökkla hjá Bracelona og þó að menn búist við því að Edmilson taki stöðu hans á miðjunni gæti Rijkaard sett okkar mann inn á miðjuna. Rafael Marquez hjá Barcelona verður í leikbanni í leik kvöldsins og þá munu þeir Owen Hargreaves, Nani og Patrice Evra (Manchester United) Lionel Messi, Yaya Toure og Gabriel Milito (Barcelona) allir missa af úrslitaleiknum fái þeir spjald í leiknum í kvöld.

ooj@frettabladid.is



**ÞRENNA** Emmanuel Adebayor hefur nú skorað 24 mörk. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í gær:

## Arsenal skoraði sex hjá Derby

**FÓTBOLTI** Emmanuel Adebayor skoraði þrennu í seinni hálfleik í 2-6 sigri Arsenal á botnliði Derby í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Derby náði að jafna leikinn í 1-1 og minnka muninn í 2-3 þegar 13 mínútur voru til leiksloka en Arsenal skoraði þrjú mörk í lokin. Adebayor kom inn á sem varamaður fyrir Robin van Persie sem hafði sjálfur lagt upp fyrsta markið fyrir Nicklas Bendtner og skoraði annað markið sex mínútum fyrir hálfleik. - óój

**ÚRSLIT**

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Derby-Arsenal | 2-6 |

0-1 Nicklas Bendtner (25.), 1-1 James McEveley (31.), 1-2 Robin van Persie (39.), 1-3 Emmanuel Adebayor (59.), 2-3 Robert Earnshaw (77.), 2-4 Theo Walcott (78.), 2-5 Emmanuel Adebayor (81.), 2-6 Adebayor (90.)

*Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Helsingborg-Malmö | 4-2 |
| Norrköping-Örebro | 0-0 |
| Djurgården-Ljungskile | 2-1 |

Sölvi Geir Ottesen kom inn á 62. mínútu og tryggði Djurgarden sigurinn á 88. mínútu.

| | |
|---|---|
| Gautaborg-Sundsvall | 1-0 |

Ragnar Sigurðsson skoraði sigurmark Gautaborgar á 59. mínútu leiksins.

*Norska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Viking-Vålerenga | 2-3 |

Gunnar Heiðar Þorvaldsson kom Valerenga í 2-0 á 12. mínútu.

Íslandsmeistarar Vals lögðu bikarmeistara KR að velli 2-1 í Meistarakeppni KSÍ í Kórnum í gærkvöldi:

# Fjórði sigur Vals á síðustu fimm árum

**FÓTBOLTI** Valur vann KR 2-1 í Meistarakeppni KSÍ í fjörugum leik í Kórnum í gærkvöld og náði þar með að hefna fyrir tapið í úrslitaleik Lengjubikarsins á föstudag þegar KR vann 4-0.

Valsstúlkur héldu boltanum betur innan liðs síns en KR og það blés heldur ekki byrlega fyrir KR þegar sóknarmaðurinn Hólmfríður Magnúsdóttir þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla á 25. mínútu. Til að bæta gráu ofan á svart hjá KR skoraði Valur strax í næstu sókn þegar Margrét Lára skallaði boltann af öryggi í markið eftir góðan undirbúning Thelmu Bjarkar Einarsdóttur.

KR var þó ekki af baki dottið og náði að vinna sig ágætlega inn í leikinn. Á lokakafla hálfleiksins komst Katrín Ómarsdóttir af harðfylgi í gegnum vörn Vals og virtist vera brugðið innan teigs en ekkert var dæmt. Katrín náði hins vegar að standa upp og ná skoti á markið sem Pála Marie Einarsdóttir bjargaði á línu. Staðan var 1-0 fyrir Val í hálfleik.

Valur var líklegra til að bæta við marki heldur en KR að jafna í upphafi síðari hálfleiks en það var ekki fyrr en á 67. mínútu sem Margrét Lára komst ein inn fyrir vörn KR og skoraði annað mark Vals. KR svaraði hins vegar að bragði strax á 68. mínútu þegar Fjóla Dröfn Friðriksdóttir lagði boltann snyrtilega í markið. Valur gerði harða hríð að marki KR í framhaldinu en inn vildi boltinn ekki þegar Margrét Lára átti skot í stöng. Hallbera átti svo skot og Katrín Jónsdóttir skalla sem varnarmenn KR björguðu á línu.



**SÓTT AÐ MARKI VALS** Fjóla Dröfn Friðriksdóttir skoraði mark KR gegn Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það var svo komið að KR að pressa stíft á lokakafla leiksins og Hrefna Huld Jóhannesdóttir fékk besta færi KR þegar hún skaut yfir markið á 85. mínútu. Lokatölur urðu 2-1 í skemmtilegum leik sem gefur góð fyrirheit fyrir sumarið. - óþ

# BT

# grand theft auto IV

## SPECIAL EDITION




TASKA FYRIR PENINGANA!

BANKABOX FYRIR BYSSUNA!

BÓK FYRIR SVEFNINN!

TÓNLIST FYRIR BÍLINN!

LEIKURINN FYRIR LÍFIÐ!

**STRANGLEGA BANNAÐUR INNAN 18 ÁRA!**

**BARA Í BT!!**

EINNIG FÁANLEGUR Á: XBOX 360

Grand Theft Auto 4 er einn eftirsóttasti leikur allra tíma og eftir langa og erfiða bið er hann nú kominn í verslanir BT. Þú spilar sem Nico Bellic, Austur Evrópskur innflytjandi sem kemur til Liberty City með vafasama fortíð og í leit að betri tíma og nýrri byrjun í nýju landi. Nico stígur af bryggjunni og mætir Roman frænda sínum og kemst fljótt að því að loforð hans um peninga og lauslátar konur  er langt frá því að vera sannur.





Skeifan • Kringlan • Smáralind • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

## > Martin Scorsese

Meistari Scorsese lýsti eitt sinn kvikmyndalistinni snilldarlega. „Kvikmyndir snúast um það sem er inni í rammanum og utan hans.“ Scorsese bregður fyrir í nokkuð óvenjulegu hlutverki á Stöð 2 bíó í dag því þar ljáir hann rödd sína einni persónu í myndinni Shark Tale.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR UM MENN OG APA

# *Töffarar og lúðar takast á*



Sjónvarpsstöðin ágæta Animal Planet býður áhorfendum upp á misfróðlegt efni. Stöðin er sannkölluð gullnáma fyrir þá sem hafa áhuga á að fylgjast með furðulegum uppátækjum heimsins fyndnustu dýra, en sækist maður eftir fróðleik um líferni og atferli annarra kvikinda en dansandi hunda er maður betur settur á stöðinni National Geographic Wild. Það kemur þó fyrir að Animal Planet sýnir áhugaverða fræðsluþætti sem varpa ljósi á dýraheiminn og ekki er verra þegar ljósi er varpað á okkur mannfólkið í leiðinni.

Animal Planet bar nýverið gáfnafar manna saman við gáfnafar frænda okkkar mannapanna í áhugaverðum þætti sem varpaði fram spurningunni Eru menn klárari en apar? Við fyrstu sýn mætti ætla að spurningu þessari sé nokkuð auðsvarað, en þátturinn náði þó að flækja málin upp að því marki að á vissum tímapunkti virtust gáfur fullkomlega afstæðar og allt eins líklegar til að felast í gríðarlegum líkamsstyrk og ótrúlegu skammtímaminni eins og hverju öðru. Fór þó blessunarlega svo að lokum að mannkynið reyndist vissulega klárara en apafrændleggurinn, þó svo að áhorfendum hafi verið gert ljóst að mannkynið myndi ávallt lúta í lægra haldi fyrir nánast hvaða annarri mannapategund sem er í hnefabardaga.

Þátturinn hefði því frekar mátt heita Eru menn meira töff en apar? Ljóst er að ef menn og apar væru saman í bekk í barnaskóla þá væru mennirnir lúðarnir í bekknum en aparnir væru töffararnir. Mennirnir eru góðir í bóklegum greinum en standa sig engan veginn í leikfimi. Aparnir eru aftur á móti ótrúlega góðir í íþróttum; þeir eru svo flottir að það tekur enginn eftir því hvað þeir eru lélegir í stærðfræði. En sá hlær best sem síðast hlær. Eftir árþúsunda kúgun af hálfu apatöffaranna náði mannkynið fram hefndum með kjarnaoddinum og dýragarðinum. Nú eru aparnir lúðar og við töff.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Kid Nation SKJÁREINN



▶ **20.20** Hell's Kitchen STÖÐ 2



▶ **21.00** American Dad STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Dog Soldiers STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25** Njósnadeildin SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum**
**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Undir ítalskri sól** (1:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars** (15:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari.
**20.55 Á faraldsfæti - Níger** Sænskur þáttur þar sem litast er um í Agadez í Níger, einu fátækasta ríki heims.
**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Saeb Erekat, ráðherra í heimastjórn Palestínu og aðalsamningamann Palestínumanna í friðarviðræðum.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Njósnadeildin** (3:10) (Spooks VI) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Sannleikurinn um Mariku** (2:5) Sænsk spennuþáttaröð um unga konu, Mariku, sem er að fara að gifta sig en hverfur sporlaust.
**00.05 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.00 Missing**
**08.00 Shark Tale**
**10.00 Moon Over Parador**
**12.00 Bobby Jones: Stroke of Genius**
**14.05 Shark Tale**
**16.00 Moon Over Parador**
**18.00 Bobby Jones: Stroke of Genius**
**20.05 Missing**
**22.00 Dog Soldiers** Hrollvekjandi hasarmynd.
**00.00 Air Panic**
**02.00 Emile**
**04.00 Dog Soldiers**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah** (World Record Holders)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.30 Standoff** (6:18)
**11.15 Extreme Makeover: HE** (25:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Corkscrewed** (5:8)
**13.35 Brúðkaup frá helvíti**
**14.25 Norah Jones - Live** (e)
**15.25 Sjáðu**
**15.55 Kringlukast**
**16.18 Shin Chan**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Ginger segir frá**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (10:24) (Vinir 7)
▶**20.20 Hell´s Kitchen** (6:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsay, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa. Sem fyrr fær til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir keppa einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsay sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur.
**21.05 Shark** (8:16)
**21.50 Kompás**
**22.25 60 minutes** (60 mínútur)
**23.10 Medium** (5:16)
**23.55 Nip/Tuck** (14:14)
**00.45 ReGenesis** (8:13)
**01.35 The Spring**
**03.05 Hell´s Kitchen** (6:11)
**03.50 Shark** (8:16)
**04.35 Extreme Makeover: HE** (25:32)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá SkífanTV**

## 2 SPORT *besta sætið*

**15.15 Spænsku mörkin**
**16.00 Inside Sport** (Michael Vaughan / Sir Henry Cooper and Joe Bugner)
**16.35 World Supercross GP** (Edward Jones Dome, St. Louis, Mo.)
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**18.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd - Barcelona) Bein útsending frá leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar fara yfir stórleik kvöldsins í Meistaradeildinni. Mörkin og öll umdeildu atvikin.
**21.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**21.55 The Science of Golf** Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kylfingar að gera rangt í sveiflunni? Svarið við því er að finna í þessum þætti.
**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd - Barcelona)
**00.00 Meistaradeildin** (Meistaramörk

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Derby - Arsenal**
**14.40 Wigan - Reading**
**16.20 Everton - Aston Villa**
**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Birmingham - Liverpool**
**20.40 Chelsea - Man. Utd**
**22.20 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.15 Portsmouth - Blackburn**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.20 Vörutorg**
**17.20 Everybody Hates Chris** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno (e)**
**19.20 Psych** (e) Shawn og Gus rannsaka morð í myndveri sápuóperu á spænsku. Shawn fær óvænt hlutverk í þáttunum og þarf að leysa málið á framandi tungumáli.
▶**20.10 Kid Nation** (2:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Landnemarnir ungu eru ósáttir um hvernig þeir eigi að afla sér matar.
**21.00 Innlit / útlit** (11:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**21.50 Cane** (9:13) Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Allt gengur á afturfótunum hjá Alex Vega. Tilraun hans til að koma höggi á Joe Samuels vegna ólöglegra landakaupa á Kúbu gengur ekki upp og Duque-fyrirtækið lendir í miðju stríði milli glæpagengja þegar ráðist er á flutningabíla fyrirtækisins.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 C.S.I.**
**00.20 Jericho**
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.05**

### Shark

Stórleikarinn James Woods fer á kostum í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastians Stark. Stark og félagar eru undir mikilli pressu frá borgarstjóranum um að finna leyniskyttu sem hefur valdið skelfingu meðal borgarbúa.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Man. Utd - Barcelona**

**Stöð 2 Sport kl. 18.30**

Seinni leikur liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar og nú er að duga eða drepast. Fyrri leikurinn endaði með markalausu jafntefli í frekar tíðindalitlum leik og því standa United-menn nokkuð betur að vígi. Katalóníumenn hafa hins vegar engu að tapa og eru sýnd veiði en ekki gefin.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Skugga-Baldur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Entourage** (4:20)
**17.30 Comedy Inc.** (13:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**18.00 American Dad** (10:23)
**18.30 Kenny vs. Spenny 2** (5:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvort annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Entourage** (4:20)
**20.30 Comedy Inc.** (13:22)
**21.00 American Dad** (10:23) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur
**21.30 Kenny vs. Spenny 2** (5:13)
**22.00 American Idol** (33:42)
**22.45 American Idol** (34:42)
**23.30 Missing** (1:19)
**00.15 Chappelle's Show**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Kristinn H.** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarsson þingmaður. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.
**21.30 Ákveðin viðhorf** Nemendur í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands taka fyrir ýmis mál sem brenna á samfélaginu. Í þessum þætti beinist athyglin að afbrotum og ofbeldi. Umsjónarmenn eru Guðbjörg Sif Halldórsdóttir, Sigrún Erna Geirsdóttir og Ólafur Halldór Ólafsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.50** Supernabo **12.20** Kom igen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Store N¢rd **15.30** Lille N¢rd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.0**0 Sporl¢s **18.30** ¥nskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Mistænkt 5: Svækket d¢mmekraft **21.40** Kongemordet **22.35** Seinfeld

## NRK 1

**12.10** Jessica Fletcher **13.00** Supermusikk **13.30** Den utvalgte **13.55** Frosk til middag **14.05** Desperados **14.30** Zombie hotell **15.00** NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Solens mat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bj¢rnen **16.30** Pablo, den lille r¢dreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den r¢de drage **23.15** Kulturnytt **23.25** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **12.00** Elvira Madigan **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Mega **16.00** Bolibompa **16.10** Evas pysselshow **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Fiska med Anders **16.45** Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.0**0 Andra Avenyn **18.30** Naturnollorna **19.00** Arcimboldo **19.15** Radiohjälpen: Vem kan hjälpa oss med minnena? **19.30** Klass 9A **20.00** Se till vänster, där går en svensk **21.3**5 Rapport **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Rufus Wainwright sjunger Judy Garland


Nicotinell®



**Nikótín tyggigúmmí**
**Til að hætta eða draga úr reykingum**

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmíi
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
  - mintu, ávaxta, lakkrís og Classic
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust




**Ánægja eða endurgreiðsla!**

Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmíi. Ef lyfið uppfyllir ekki væntingar þínar, getur þú fengið það endurgreitt.

Hægt er að nálgast skilamiða í öllum apótekum sem inniheldur frekari upplýsingar.

ÁNÆGJA EÐA SKILAMIÐI ENDURGREIÐSLA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðs-leyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Hversdags finnst mér voða gaman að fara á Austurlanda-hraðlestina. Svo finnst mér Hornið alltaf standa fyrir sínu. En ef ég vil fara eitthvað ennþá fínna er Hótel Holt alltaf sterkt.“*

Bergþór Pálsson söngvari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** árás **6.** í röð **8.** slit **9.** harðæri **11.** verslun **12.** óbundið mál **14.** púla **16.** kaupstað **17.** bókstafur **18.** annríki **20.** 999 **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skora **3.** fæddi **4.** listastefna **5.** lúsaegg **7.** biðja ákaft **10.** kyrra **13.** gerast **15.** formóðir **16.** ófarnaður **19.** nafnorð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. sókn, 6. rs, 8. lúi, 9. óár, 11. bt, 12. prósi, 14. baksa, 16. bæ, 17. emm, 18. önn, 20. im, 21. laos.
**LÓÐRÉTT:** 1. gróp, 3. ól, 4. kúbismi, 5. nit, 7. sárbæna, 10. róa, 13. ske, 15. amma, 16. ból, 19. no.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 317 þúsund krónur.
2. Murr.
3. Jón Heiðar Gunnarsson.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Sigurjón með Madonnu á sínum snærum

Kvikmyndafyrirtækið Catapult, sem er í eigu Sigurjóns Sighvatssonar, hefur tryggt sér söluréttinn að kvikmynd Madonnu, Filth and Wisdom. Sigurjón mun endurselja myndina og koma að markaðssetningu hennar. „Þetta ferli fór að mestu leyti í gegnum umboðsmanninn hennar og við vorum í sambandi við hana með tilliti til þess hvernig myndin yrði seld og hvar við sæjum markaðsmöguleika hennar sem besta,“ segir Sigurjón. Framleiðandinn og poppdrottningin hafa áður ruglað saman reitum í kvikmyndagerð en Sigurjón var einn framleiðenda myndarinnar Truth or Dare: In Bed with Madonna sem hneykslaði heimsbyggðina snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Auk þess kom Sigurjón að gerð nokkurra af frægustu tónlistarmyndböndum söngkonunnar, meðal annars Vogue og Express Yourself.

Að sögn Sigurjóns er þessi réttur metinn á töluverða upphæð en hann vildi þó ekki gefa upp nákvæma tölu. Filth and Wisdom er frumraun Madonnu í leikstjórastólnum en henni hafa verið mislagðar hendur á hvíta tjaldinu. Hún ætti þó að eiga hauk í horni hjá eiginmanni sínum hvað leikstjórn varðar en það er breski leikstjórinn Guy Ritchie.

Sigurjón hefur verið önnum kafinn að undanförnu en tökum á kvikmyndinni Brothers er nýlokið. Þar fara Natalie Portman, Jake Gyllenhaal og Toby Maguire með aðalhlutverkin og er stefnt að því að frumsýna myndina í kringum jólin. Það tímabil hefur oftast verið kennt við Óskarinn í Ameríku en Sigurjón segir einfaldlega of snemmt að fara út í slíkar pælingar núna. „Myndin lítur frambærilega út núna, þetta virðist hafa heppnast vel.“ - fgg



**SAMAN Á NÝ** Sigurjón Sighvatsson og Madonna snúa bökum saman á ný en fyrirtækið Catapult mun selja og markaðssetja frumraun poppdrottningarinnar í leikstjórastólnum.



**ÁGÚST Í GÓÐUM HÓPI** Ágúst Fylkisson, í bakgrunni í gulri skyrtu, gæðir sér á ljúffengum kræsingum á meðan stórleikararnir Ólafur Darri, Ólafur Egill og Ingvar E. stilla sér upp fyrir myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON: VANTAÐI HARÐA NAGLA Í MYNDINA

# Sturla og félagar í bíómynd

„Þeir tóku sig vel út í sjónvarpinu og okkur vantaði alvöru karlmenn með harðgert útlit. Þannig að við sáum okkur leik á borði og báðum þá um að taka þátt í þessu með okkur,“ segir Árni Ólafur Ásgeirsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Brim. Segja má að Árni hafi komið í veg fyrir frekari mótmæli vörubílstjóra á laugardaginn þegar hann fékk nokkra vörubílstjóra til að leika í erfisdrykkjusenu í kvikmyndinni. Fjölmiðlar hafa verið uppfullir af fréttum um mótmæli vörubílstjóra undanfarið og ekki síst í síðustu viku þegar upp úr sauð milli þeirra og lögreglunnar.

Tökur á atriðinu fóru fram í félagsheimili Stangveiðifélags Reykjavíkur og mættu sex vörubílstjórar til leiks. Höfðu þeir lítið fyrir því að bregða sér í líki sjómanna sem syrgja fallinn félaga. Á meðal þeirra sem koma við sögu í kvikmyndinni eru Sturla Jónsson, helsti forsprakki vörubílstjóranna, og Ágúst Fylkisson, sem sá rautt við Kirkjusand eins og frægt er orðið. Árni Ólafur var himinlifandi með frammistöðu vörubílstjóranna og sagði þá hafa staðið sig með stakri prýði en alls tóku þrjátíu manns þátt í erfisdrykkjunni auk leikara.

Ágúst Fylkisson var ánægður með framlag sitt til íslenskrar kvikmyndagerðar og ekkert síður með kökurnar sem bornar voru á borð fyrir þá í hinni tilbúnu erfisdrykkju. „Við erum notaðir í ýmislegt,“ segir Ágúst en eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu þá lék Sturla og trukkur hans einnig í N1-auglýsingunni. Ágúst sagði það hafa verið kærkomið að geta kastað mæðinni eftir átök undanfarinna daga þar sem mikið hefur gengið á. „Þetta kryddar aðeins tilveruna hjá okkur,“ bætir Ágúst við en hann segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi meðal leikara og aðstandenda myndarinnar. „Allt þjóðfélagið er á hreyfingu og þarna voru málin krufin til mergjar,“ segir Ágúst. freyrgigja@frettabladid.is



**STÓÐU SIG MEÐ STAKRI PRÝÐI** Árni Ólafur var ánægður með frammistöðu vörubílstjóranna í erfisdrykkjunni. Hér situr hann á milli Þóris Snæs framleiðanda og Gísla Arnar Garðarssonar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jón Ársæll** hafði boðað að næsta viðfang hans í Sjálfstæðu fólki yrði **Bjarni Haukur Þórsson** grínari en í ljósi síðustu atburða hefur hann nú vent sínu kvæði í kross. Bytlingarleiðtoginn og vörubílstjórinn **Sturla Jónsson** verður til umfjöllunar í næsta þætti en Jón Ársæll ætlar meðal annars að forvitnast um þá tíma þegar Sturla var andsetinn, varð fyrir ærslatruflunum eða poltergeist-fyrirbærum sem helst hafa verið rannsökuð af dulарsálfræðingum en nú Jóni.



**Ari Matthíasson**, framkvæmdastjóri SÁÁ, þykir hafa rifið upp félagslíf samtakanna með miklum glæsibrag. Þannig safnast skjólstæðingar samtakanna oft saman við Efstaleiti til að horfa á fótbolta þegar stórleikir eru á dagskrá og er þá horft á leikina á stórum skjá. Svo góður rómur hefur verið gerður að þessum samverustundum að komið hefur til tals að stofna fótboltalið SÁÁ. Ari er mikill fótboltaáhugamaður, er í stjórn KR-sport en sennilega er Ari þekktastur úr auglýsingunni góðu um dagdraumamanninn sem lætur sig dreyma um frama með íslenska landsliðinu.



Fræg auglýsing Símans sem byggð er á síðustu kvöldmáltíðinni fær sérstaka umfjöllun í tímaritinu Shots, sem þekkt er sem eins konar biblía auglýsingafólks. Þema nýjasta tölublaðsins er Skandinavía og er Símaauglýsingin sú eina frá Íslandi sem fjallað er um. Fær hún að sögn prýðisgóða umsögn. Þetta ætti að kæta höfundinn **Jón Gnarr**, en auglýsingin var mikið gagnrýnd þegar hún var frumsýnd á Íslandi í fyrra.



- jbg/hdm




# Syng ekki fyrir fúla bloggara

Ný kynslóð popphljómsveita virðist vera á uppleið á Íslandi. Hljómsveitir eins og Bermúda, Vítamín og Dalton hafa vakið athygli og eitt vinsælasta lagið í dag á hljómsveitin Veðurguðirnir. Þar í fremstu víglínu er Ingólfur Þórarinsson, Ingó, úr síðustu Idol-syrpunni. Hann samdi „Bahama“, lagið vinsæla.

„Lagið var samið í þeim tilgangi að það ætti að vera sumarsmellur. Og það virðist hafa gengið upp,“ segir Ingó og viðurkennir fúslega samhljóm með laginu og „Kokomo“ Beach Boys. „Ég á einhver fleiri lög og kannski tökum við þau ef það verður eftirspurn. Ég útiloka ekki plötu. Við lítum þó fyrst og fremst á okkur sem skemmtikrafta frekar en listamenn.“

Lagið vinsæla hefur vakið óvenjuhörð viðbrögð í „bloggheimum“. Meðal annars hefur verið sagt að það sé „tónlist hryðjuverka sem fær mann til þess að gráta vegna tónmengunarinnar“.

„Þetta særir mig ekki neitt,“ segir Ingó kokhraustur. „Á meðan það eru tíu þúsund fjórtán ára stelpur sem fíla lagið er mér nú nokk sama þótt það séu nokkrir fúlir bloggarar að drulla yfir það.“

Ingó hefur sungið með sveitinni í þrjú ár. „Þetta hefur verið dálítið hark og við erum þreyttir á að spila fyrir kannski fjörutíu manns á einhverjum pöbb. Nú látum við giggin bara koma til okkar frekar en að við séum að eltast við þau. Tveir okkar eru komnir með börn og sjálfur er ég á kantinum með Selfossliðinu í fótbolta. Það gengur fyrir enda er liðið komið í fyrstu deild. Það segir sig sjálft að maður er ekkert allt of vel upplagður að spila á sunnudegi ef maður hefur verið að syngja á balli til klukkan fimm nóttina áður.“ - glh



**SKEMMTIKRAFTAR, EKKI LISTAMENN** Hljómsveitin Veðurguðirnir þekkir takmörk sín. Ingó söngvari segir að sér sé sama þótt fúlir bloggarar drulli yfir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# POTTÞÉTT 46

## ER KOMIN Í HAGKAUP




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

## 40 POTTÞÉTT LÖG

**PLATA 1**

1. **Amy MacDonald**
   This Is The Life 3:04
2. **Páll Óskar**
   Er þetta ást? 5:09
3. **Chris Brown**
   With You 4:12
4. **Rihanna feat. Ne-Yo**
   Hate That I Love You 3:41
5. **50 Cent feat. Justin Timberlake**
   Ayo Technology 4:06
6. **Daughtry**
   Feels Like Tonight 4:01
7. **Bubbi & Björn Jörundur**
   Ég er kominn heim 3:21
8. **Lenny Kravitz**
   I'll Be Waiting 4:21
9. **The Hoosiers**
   Worried About Ray 2:46
10. **Maroon 5**
    Won't Go Home Without You 3:51
11. **Britney Spears**
    Piece Of Me 3:32
12. **Amy Winehouse**
    Valerie 3:53
13. **Ingó & Veðurguðirnir**
    Bahama 3:29
14. **Hot Chip**
    Ready For The Floor 3:26
15. **Alicia Keys**
    No One 4:14
16. **Sean Kingston**
    Me Love 3:24
17. **Nelly**
    Wadsyaname 4:09
18. **Kylie Minogue**
    In My Arms 3:35
19. **Soulja Boy**
    Crank That (Soulja Boy) 3:42
20. **Plain White T's**
    Hey There Delilah 3:47 (Live At Abbey Road)

**PLATA 2**

1. **Merzedes Club**
   Meira frelsi 3:02
2. **Duffy**
   Mercy 3:41
3. **Leona Lewis**
   Bleeding Love 4:24
4. **James Blunt**
   Same Mistake 4:59
5. **Lupe Fiasco feat. Matthew Santos**
   Superstar 4:49
6. **Linkin Park**
   Shadow Of The Day 4:17
7. **Justin Timberlake**
   Sexy Ladies 5:32
8. **Dísa**
   Anniversary 4:15
9. **Adele**
   Chasing Pavements 3:30
10. **Sara Bareilles**
    Love Song 3:53
11. **Lay Low**
    Jolene 2:41
12. **Colbie Caillat**
    Realize 3:58
13. **Good Charlotte**
    Dance Floor Anthem 4:04
14. **Basshunter**
    Now You're Gone 2:33
15. **Cascada**
    What Hurts The Most 3:21
16. **Timbaland feat. Keri Hilson & Nicole Scherzinger**
    Scream 5:41
17. **Fergie**
    Clumsy 4:00
18. **The Kooks**
    Always Where I Need To Be 2:43
19. **Gnarls Barkley**
    Run (I'm A Natural Disaster) 2:40
20. **Paramore**
    Misery Business 3:31

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Allt er í allra besta lagi*

**ÞAÐ** skal alveg viðurkennast að sá skáldskapur sem ég setti niður á blað sem barn hlaut aldrei náð fyrir augum dómnefnda sem verðlaunuðu kvæði eftir börn á níunda og tíunda áratugnum. Kvæða- og sagnagerð lagði ég því snemma á hilluna enda biturt og leiðinlegt barn sem orti nær eingöngu um verðbólgu, loftslagsbreytingar, atvinnuleysi, landsbyggðina sem var að blæða út og kjör kennara og sjómanna.

**EN** þótt kvæðin mín hafi ekki orðið ódauðleg eru yrkisefnin jafn viðeigandi í dag og þegar ég var á barnsaldri. Aftur er ég uggandi yfir fréttum af verðbólgudraugnum, sem er að verða jafn feitur og hann var fyrir tæpum tuttugu árum. Í þetta skiptið ætla ég þó ekki að fá útrás fyrir ótta minn í kveðskap. Frekar vil ég vera bjartsýn og reyna að sjá heiminn með augum prófessors Altúngu, úr Birtíngi Voltaires, sem taldi að allt væri í allra besta lagi.

**VISSULEGA** gæti ég ort ljóðabálka um að allt sé að fara á hinn versta veg. Óánægja hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga, kennara, lögreglumanna og vörubílstjóra með kaup sín vekja með mér ljótan grun um að ekki sé allt eins og best verður á kosið í samfélaginu. Sömuleiðis fyllist ég stundum heimshryggð þegar ég heyri af ofbeldisverkum hér og erlendis. En ég ætla ekki að fyllast vonleysi heldur treysta á að æðri máttarvöld bjargi málunum. Það að fólk taki málin í sínar hendur virðist ekki kunna góðri lukku að stýra, samanber mótmæli vörbílstjóra.

**EN** þótt allt virðist í bölvuðu ólagi reynist allt vera í allra besta lagi þegar betur er að gáð. Harður skellur efnahagslífsins hefði til dæmis orðið miklu harðari ef húsnæðisverð væri ekki í botni og stöðnun á fasteignamarkaði. Og hvað með Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson? Allt virtist hafa farið á versta veg hjá honum hér um árið en í síðasta þætti Spaugstofunnar kom hann fram og sýndi að honum þættu öll mistök sín með minnisblöð og skuldbindingar borgarbúa fyndin og skemmtileg. Og sjá, áður en langt um líður gæti Villi aftur orðið borgarstjóri, verðbólgan hjaðnað með stýrivöxtum og byggðir á landsbyggðinni jafnað sig, hjúkrunarfræðingar orðið glaðir og það án þess að við lyftum hendi til að taka á málunum.

**GERUM** bara eins og Villi og gerum grín að váboðunum. Þá hljóta þau að hverfa.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 29. apríl, 120. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.05 | 13.25 | 21.46 |
| Akureyri | 4.39 | 13.10 | 21.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




Caddy
TDI® eyðir aðeins 6.1 l/100km



Transporter
TDI® eyðir aðeins 7.5 l/100km



Crafter
TDI® eyðir aðeins 9.8 l/100km



**Láttu Volkswagen Transporter vinna fyrir þig**

Vinnubílarnir okkar eiga það sameiginlegt að eyða litlu enda fást þeir allir með hinni ótrúlega hagkvæmu VW TDI® dísilvél. Þá er viðhaldskostnaður lægri en gengur og gerist, til dæmis þarf ekki að smyrja bílinn fyrr en eftir 30.000 km. akstur* og þjónustuskoðun á Transporter er aðeins á 60.000 km. fresti. Sýndu fjármálavit í verki og fáðu Volkswagen strax í vinnu fyrir þig.

Atvinnubílar

* fer eftir notkun bílsins.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi